

**SKOÐUN** Guðbjörg Sveinsdóttir lýsir eftir stefnu í geðheilbrigðismálum. 23



**MENNING** Ræða Ísland í Danaveldi og norðurslóðir sem nýjan heimshluta. 30



**LÍFIÐ** Nýjasta æðið á Íslandi er svonefndur popping-dans. 38



**SPORT** Stelpurnar okkar mæta Sviss í kvöld í toppslag í undankeppni HM. 46

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
10-11


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
8. maí 2014
107. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Starfsmannavelta mikil

Á rúmu ári hafa fimm lykilstjórnendur hætt störfum hjá flugfélaginu Wow air. Forstjórinn segist gera miklar kröfur. 20

**Söfnun vekur spurningar** Lífsýnasöfnun Landsbjargar fyrir Íslenska erfðagreiningu er sögð vekja siðferðilegar spurningar. 2

**Lánafélög sögð veikja banka** Hagfræðingur segir ganga gegn yfirlýstum markmiðum um að minnka bankakerfið að gera bönkum að stofna sérstök húsnæðislánafélög. 4

**Fékk heilablæðingu í fríinu** Anna Sigrún Baldursdóttir, sem starfar á skrifstofu forstjóra Landspítalans, fékk að reyna bandarískt heilbrigðiskerfi. 8





22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | NA | 7 |
| Akureyri | 6° | NA | 6 |
| Egilsstaðir | 5° | NA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | A | 4 |
| Reykjavík | 9° | SA | 4 |

**Það kólnar** örlítið hjá okkur með NA-áttinni og verður hiti 3-14stig, áfram mildast SV- og V-lands. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk





# Gjöldin sögð lækka of lítið og of seint

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gagnrýnir seinagang við afgreiðslu frumvarps fjármálaráðherra um gjaldskrárlækkanir. Pétur H. Blöndal alþingismaður segir gjöldin ekki lækka nógu mikið. Viss um að frumvarpið verði afgreitt fyrir þinglok.

**STJÓRNSÝSLA** Dráttur á lækkun opinberra gjalda á áfengi, tóbak, og eldsneyti sýnir áhugaleysi ríkisstjórnarinnar á að ljúka málinu að mati Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ. Pétur H. Blöndal alþingismaður segir gjöldin ekki lækka nógu mikið.

„Þetta hefur tekið fleiri fleiri mánuði og þessi seinkun er að rýra þessar aðgerðir verulega því það gefur augaleið að almenningur í landinu er ekki enn farinn að njóta lægri gjalda,“ segir Gylfi.

Hann gagnrýnir að frumvarp fjármálaráðherra um gjaldskrárlækkanir hafi ekki enn verið afgreitt á Alþingi. Ríkisstjórnin samdi við aðila vinnumarkaðarins um lækkanirnar við gerð kjarasamninga í desember. Þá hafði verið tilkynnt um þriggja prósenta hækkun á gjöldunum frá áramótum en í frumvarpinu hækka þau einungis um tvö prósent. Breytingarnar áttu upphaflega að taka gildi 1. febrúar en málið hefur tafist og nú er stefnt að gildistöku 1. júní næstkomandi.

Pétur H. Blöndal, alþingismaður og framsögumaður meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar í málinu, segist viss um að frumvarpið verði afgreitt fyrir þinglok. Umfjöllun um málið í þinginu hafi tekið of langan tíma miðað við umfang aðgerðanna.

**89 aurar**

Verð á einum lítra af bensíni lækkar um tæpa krónu.

„Ég er alltaf sammála öllum skattalækkunum. Hins vegar er ég með efasemdir um hvað þetta er lítið. Ef þetta á að virka þarf að lækka gjöld talsvert svo þau hafi áhrif á verðlag. Þetta er hluti af kjarasamningum og sumir aðilar vinnumarkaðarins líta stíft á svona smáskammtalækningar,“ segir Pétur. - hg / sjá síðu 18



**ÆFA Á MÖLINNI** Yngri flokkar Breiðabliks fá ekki leyfi frá Kópavogsbæ til að æfa á grasi fyrr en í júlí í fyrsta lagi. Daði Rafnsson, yfirþjálfari hjá Breiðabliki, sést hér á malarvellinum sem bíður krakkanna næstu vikurnar. Sjá síðu 44 FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ESB-tillaga hamlar þinglokum:

# Skoða á umsagnir í sumar

**ALÞINGI** Af hálfu stjórnarandstöðunnar kemur ekki til greina að semja um lok þingstarfa nema að fyrir liggi afdrif þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um slit á viðræðum við Evrópusambandið.

Því er haldið fram að þingflokkur Sjálfstæðisflokks vilji að tillagan verði dregin til baka, en að það vilji framsóknarmenn ekki.



SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR

Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, hefur sagt að ekki sé raunhæfur möguleiki að klára umfjöllun um tillöguna fyrir áætlað þinghlé 16. þessa mánaðar.

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokks, segir rangt að málið hamli þinglokum. Að hennar mati eigi utanríkismálanefnd að halda áfram umfjöllun um málið í sumar og vinna úr umsögnum sem borist hafa. - jme / sjá síðu 6

Kanar hrifnir af Þorbjörgu:

# Kölluð orkugyðja í Times

**MENNING** „Þetta er svolítið stór áfangi í mínu lífi og ég er komin þangað sem ég gjarnan vildi vera til að koma mér á heimsmarkaðinn,“ segir næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir sem gerir það gott í Bandaríkjunum.



ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR

Metsölubók hennar, 10 árum yngri á 10 vikum, er komin á bandaríska markað og rokselst.

Þorbjörg hefur ekki undan að svara erlendum fjölmiðlum en The Times birti opnuviðtal við hana í apríl þar sem hún var kölluð skandinavíska orkugyðjan. - mm / sjá síðu 50

Ákært vegna samkeppnislagabrota BYKO, Húsasmiðjunnar og Úlfsins:

# Þrettán ákærðir fyrir verðsamráð

**LÖGREGLUMÁL** Þrettán eiga aðild að samkeppnislagabrotum BYKO, Húsasmiðjunnar og Úlfsins samkvæmt ákæru sem gefin hefur verið út. Þetta staðfestir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Hann segir embættið ekki búa yfir upplýsingum um hversu margir af þeim sem málinu tengjast eru enn starfandi hjá fyrirtækjunum.

Rannsóknin, sem varðar ólöglegt verðsamráð, hefur staðið í rúm þrjú ár, en hátt í fjörutíu voru handteknir vegna hennar árið 2011 og húsleitir gerðar hjá fyrirtækjunum.

Í tilkynningu sem Guðmundur H. Jónsson, forstjóri BYKO, sendi frá sér í gærkvöldi kemur fram að alls hafi fimm úr starfsliði BYKO verið til rannsóknar. Samkvæmt ákvörðun stjórnar fyrirtækisins hafi einn starfsmaður, sem áður gegndi stöðu framkvæmdastjóra fagsölusviðs, verið sendur í leyfi á meðan embættið rannsakaði meint brot.

Ákæra sérstaks saksóknara er sögð valda stjórnendum BYKO miklum vonbrigðum, fyrirtækið hafi ávallt haft samkeppnislög og aðra lagaumgjörð rekstursins í heiðri. „Það er einlæg von stjórnenda BYKO að dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ákæra saksóknara eigi ekki við rök að styðjast,“ segir þar. Þá segir Guðmundur að í málum þeirra sem ekki hafi verið sendir í leyfi séu „meintar sakir að mati BYKO þess eðlis að ekki sé ástæða til sérstakra aðgerða af hálfu fyrirtækisins.“

Samkvæmt heimildum blaðsins höfðu stjórn og stjórnendur Húsasmiðjunnar litlar fregnir af ákærunum í gærkvöldi og lá ekki fyrir hversu margir af þeim sem nú hafa verið ákærðir væru þar enn starfandi.

Húsasmiðjan var seld danska fyrirtækinu Bygma Gruppen A/S í desember 2011. Þá var skaðabótaábyrgð vegna meintra samkeppnislagabrota skilin eftir í eignarhaldsfélagi Landsbankans. - óká







## SPURNING DAGSINS



Hörður, eruð þið að færa björg í bú?

**Já, þetta bjargar okkur alveg.**

Landsbjörg mun á næstu vikum taka þátt í að safna lífsýnum frá 100 þúsund Íslendingum fyrir hönd Íslenskrar erfðagreiningar. Hörður er formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Pútín hvetur uppreisnarmenn í Úkraínu til þess að fresta kosningum:

# Rússaher fer frá landamærum

**ÚKRAÍNA, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði í gær að rússneskt herlið væri farið frá landamærum Úkraínu. Jafnframt skorar hann á uppreisnarmenn í austurhluta landsins að fresta kosningum, sem boðaðar höfðu verið sunnudaginn 11. maí.

Þetta sagði hann á fundi með Didier Burkhalter, forseta Sviss, í Moskvu í gær. Pútín segir þetta nauðsynlegt til að skapa forsendur fyrir viðræðum um ástandið í landinu. Hann ítrekaði jafnframt fyrri ásakanir sínar um að ólga síðustu vikna væri alfarið hópum öfgahægrimanna að kenna, og sakaði Úkraínustjórn um að hafa ekkert gert til að afvopna þessa hópa.

Í síðustu viku sendi Úkraínustjórn hersveitir til austurhluta landsins. Til átaka hefur komið síðustu daga og tugir manna látið lífið. Uppreisnarmennirnir virtust í gær ekki ætla að verða við áskorun Pútíns um að fresta kosningunum. - gb



**GRÁIR FYRIR JÁRNUM** Úkraínskir hermenn gæta stjórnsýsluhúss í borginni Mariupol, en þeir náðu húsinu úr höndum uppreisnarmanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Viðræður ekki borið ávöxt:

# Stefnir í verkfall sjúkraliða

**HEILBRIGÐISMÁL** Að óbreyttu stefnir í verkfall hjá stéttarfélaginu SFR og Sjúkraliðafélagi Íslands næsta mánudag frá átta til fjögur.

Þetta segir í tilkynningu á vef SFR. Félögin hafa sameiginlega átt í kjaraviðræðum við Samtök fyrirtækja i velferðarþjónustu en samkvæmt tilkynningunni hefur lítið þokast í samningsátt.

Aðilar að Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu eru meðal annars dvalarheimilin Hrafnista, Grund og Sóltún. - bá



**FRÁ AFHENDINGU VERÐLAUNA Í GÆR** Fulltrúar frá verkefninu Stelpustuð með Jóni Gnarr borgarstjóra. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Skólar og frístundamiðstöðvar í Reykjavík fá hvatningu:

# Jón Gnarr verðlaunar nýbreytni

**SKÓLAMÁL Í gær veitti Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Alls fengu ellefu skólar og frístundamiðstöðvar verðlaunin í ár. Á meðal verðlaunahafa var leikskólinn Garðaborg fyrir stuðning við pólskumælandi börn í leikskólum Reykjavíkur.**

**Félagsmiðstöðin Eldborg fékk einnig verðlaun fyrir að styrkja sjálfsmynd kvíðinna stúlkna í fyrsta og öðrum bekk. Verðlaunin eru veitt árlega fyrir nýbreytni og þróunarverkefni í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.** -ih

# Söfnun á lífsýnum vekur spurningar

Margar siðfræðispurningar vakna vegna söfnunar Landsbjargar á lífsýnum fyrir Íslenska erfðagreiningu. Vísindasiðanefnd var einhuga í afstöðu sinni til rannsóknarinnar og þótti aðkoma björgunarsveitarinnar ekki hafa hamlandi áhrif.

**VÍSINDI** Vísindasiðanefnd var einhuga um að heimila lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar hjá 100 þúsund Íslendingum með aðkomu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þetta segir formaður nefndarinnar, Kristján Erlendsson.

Vísindasiðanefnd fékk rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar til skoðunar fyrir nokkrum vikum en þegar aðkoma Landsbjargar var ljós tók nefndin málið aftur til skoðunar. „Þetta var fyrst og fremst beiðni um breytingu á aðferð við að safna og við sáum enga sérstaka ástæðu til að stöðva það.“

Kristján segir upplýst samþykki þátttakenda lykilatriði í heimild vísindasiðanefndar. „Þátttakendur sjálfir taka sýnið, ganga frá því og láta það í hendur rannsóknaraðila. Það breytir því ekki að fólk hefur í fyrsta lagi leyfi til að taka ekki þátt, taki fólk þátt hefur það leyfi til að hætta við hvenær sem er og krefjast þess að þeirra sýni verði eytt.“

Persónuvernd fékk upplýsingar um rannsóknina frá Íslenskri erfðagreiningu á þriðjudag, sama dag og hún var kynnt almenningi, og er hún nú til skoðunar hjá stofnuninni. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga kemur fram að ef vinnsla á viðkvæmum persónuupplýsingum byggist á upplýstu samþykki þátttakenda falli hún ekki undir leyfisskylda vinnslu.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir ýmsar siðfræðispurningar vakna og skoða verði sérstaklega þá aðferð sem beitt er við söfnun lífsýnanna. „Eitt af meginprinsippum varðandi þátttöku einstaklinga í vísindarannsóknum er að fólk gefi upplýst og óþvingað samþykki. Það má setja spurningarmerki við það hvort þetta skilyrði sé uppfyllt því það er verið að setja mikla pressu á fólk með því að gera þetta að átaki fyrir björgunarsveitirnar. Það má ætla að það geti sett fólk í þvingaða stöðu.“ Hún segir rannsóknaraðferðina afar óvenjulega. „Ég hef aldrei heyrt af því að blandað sé saman fjáröflun fyrir björgunarsveitir og því að vera með söfnun fyrir vísindarannsókn. Auðvitað er fólki gefið tækifæri til að senda gögnin en þegar björgunarsveitarmaðurinn birtist á tröppunum er kannski einfaldara að afhenda sýnin.“ Hún segir að gefa hefði mátt meiri tíma til að kynna rannsóknina almenningi. „Maður hefði viljað að það væri almennileg umræða svo fólk gæti áttað sig betur á því hvað er verið að gera áður en einhver birtist á tröppunum,“ segir Salvör.

snaeros@frettabladid.is



**ÞJÓÐIN KRUFIN TIL MERGJAR** 100 þúsund Íslendingar, 18 ára og eldri, hafa verið beðnir um að taka þátt í rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar. Um er að ræða umfangsmestu rannsókn sem Íslensk erfðagreining hefur ráðist í. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KRISTJÁN ERLENDSSON**



**SALVÖR NORDAL**

Heldur kynningu á Nordica:

# Vox í samstarfi við Aumaitre

**DÓMSMÁL** Lögmannsstofan Vox hefur hafið samstarf við franska lögmanninn Olivier Aumaitre. Aumaitre hefur fengið samþykktar skaðabætur úr hendi TUV Rheinland, vottunaraðila PIP-brjóstafyllinga, fyrir um 1.700 konur og nema bæturnar samtals tæplega hálfri milljón króna.

Aumaitre mun halda kynningu á blaðamannafundi á morgun á Hilton Reykjavík Nordica þar sem farið verður yfir mögulegan ávinning þess fyrir íslenskar konur að ganga inn í málsókn hans gegn fyrirtækinu. - bá

Um 5.200 í Hvalfjarðargöng:

# Lítil fjölgun síðustu árin

**SAMGÖNGUR** Landsmenn fóru tæplega 1,9 milljónir ferða um Hvalfjarðargöng á síðasta ári, eða að meðaltali 5.171 ferð á hverjum degi. Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Elsu Láru Arnardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, á Alþingi.

Umferð um göngin hefur lítið aukist á síðustu árum. Alls voru farnar 5.070 ferðir á dag árið 2011 og 5.007 árið 2012. Enn er því talsvert í að umferðin verði jafn mikil og árið 2007, þegar 5.579 bílar óku um göngin að meðaltali á degi hverjum. - bj






Um 4,4 milljarða króna þarf í bráðaviðhald á byggingum Landspítalans:

# Þrjár hliðar fyrir 300 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjú hundruð milljónir króna, sem Landspítalinn fékk í bráðaviðhald á byggingum sínum, verða að mestu notaðar í að lagfæra utanhúss eina hlið á hverri af þremur stærstu byggingunum.



**PÁLL MATTHÍASSON**

„Þegar það er svo margt sem bíður þá er einfaldlega skoðað hvar lekur mest inn og þar er farið í viðgerðir,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. „Það á að ráðast í að laga hliðarnar fyrir þessar þrjú hundruð milljónir á þessu ári.“

Að sögn Páls er búið að reikna út að um 4,4 milljarða króna þurfi í bráðaviðhald á húsum spítalans. Þrjú hundruð milljónir fengust úr ríkissjóði fyrir þetta ár.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær leitar Landspítalinn leiða til að fjármagna endurnýjun húsnæðisins, enda voru 54 prósent þess byggð fyrir árið 1970. Gjörgæslan á Hringbraut er til að mynda í húsi sem byggt var á árunum 1926-1930.

„Þú myndir ekki treysta barninu þínu í bíl sem er smíðaður 1930 en það þarf að leggjast inn á gjörgæslu á Landspítalanum sem er í þannig húsi,“ segir Páll. „Aðeins átta prósent af húsnæði spítalans hafa verið reist á síðustu 25 árum og því löngu orðið tímabært að endurnýja húsakostinn.“ - fb



**LSH VIÐ HRINGBRAUT** Forstjóri Landspítalans segir að 4,4 milljarða króna þurfi í bráðaviðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Sýpris**
**1.290 kr**
~~1.990 kr~~

**Útipottar**
**20%**
**afsláttur**

**Rafmagnssláttuvél**
**39.995 kr**
**Black & Decker**

**Rafmagnssláttuvél**
EMAX34i, 1400W
Sláttubreidd 34 cm,
grassafnari: 35 lítrar
6 hæðarstillingar eitt
handfang.
5085162

# GARÐVEISLA

## Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI



**Sláttuvél**
**13.995 kr**
Rafmagnssláttuvél 1200W

**Rafmagnssláttuvél Ikra**
1200W, 32 cm
sláttubreidd.
30 ltr safnari.
5085127

**Sláttuorf**
**3.995 kr**
Ikra rafmagnsorf

**Rafmagnsorf**
RT2124DA. 350W.
Slær 24 cm, aukaspóla
5086612

**Keðjusög**
**13.995 kr**
Ikra 2200W

**Keðjusög rafmagn**
EKSN-2200-40. 2200W. 40 cm blað
Auðvelt að skipta um keðju. 5.5 kg.
5083730

**Hekkklippur**
**5.995 kr**
Ikra 520W

**Hekkklippur rafmagn 520W**
50 cm blað, klippir 16 mm
Þyngd 3.3 kg
5083756

**Slanga 1/2”**
**1.195 kr**
15 m

**Fjólur**
**999 kr**
verð áður ~~1.490~~
10 stk í bakka





Broil King
Great Barbecues Every Time

**Gasgrill**
**78.800 kr**
Broil King

**Gasgrill Broil King Monarch 320**
3 brennarar, rafkveikja.
Grillgrind úr pottjárni
Brennari: 8.8 kW/h
3000603

**Gasgrill Weber**
**39.890 kr.**
Q120 svart ferðagrill

**Weber Q120**
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244

## Allt fyrir grasflötina - fáðu ráðgjöf



**Grasfræ 1 kg**
**1.490 kr**
~~1.890 kr~~

**Kalkkorn**
5 kg
**799 kr**
~~899 kr~~

**Graskorn**
5 kg
**1.190 kr**
~~1.590 kr~~

**Mosaeyðir**
**3.990 kr**
~~5.290 kr~~

**Ávaxtatré**
**4.990 kr**
Epla, peru, plómu,
kirsuberja





AUTHOR
evrópsk gæði

**Author Energy**
**33.900 kr.**
20”

**Author Trophy**
**32.900 kr.**
26”

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**1.700** **manns höfðu verið atvinnulausir**

**í 12 mánuði eða lengur á fyrsta fjórðungi ársins, eða um 0,9 prósent vinnuaflsins.**

Á sama tíma í fyrra voru 2.600 í sömu stöðu, eða um 1,4 prósent vinnuaflsins. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Telja meirihlutann líta með velþóknun á fjölgun borgarfulltrúa í 23 til 31:

# Breyti lögum um fjölda fulltrúa

**REYKJAVÍKURBORG** „Greinilegt er að borgarfulltrúar Samfylkingar, Besta flokksins/Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna líta sem fyrr með velþóknun til þess að borgarfulltrúum í Reykjavík verði fjölgað úr fimmtán í 23 til 31,“ segir í bókun sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur.

Bentu þeir á að samkvæmt lögum þurfi sveitarfélög með yfir 100 þúsund íbúa að hafa þennan fjölda aðalmanna í sveitarstjórn í síðasta lagi eftir næsta kjörtímabil. Lögðu þeir til að borgarstjórn skoraði á Alþingi að endurskoða þetta lagaákvæði svo borgarstjórn hafi sjálfdæmi um fjölgun fulltrúanna.

„Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fara þá óvenjulegu leið að gera öðrum upp skoðanir í bókun sinni. Færi betur á því að þeir létu duga að bóka eigin afstöðu,“ bókuðu borgarfulltrúar Besta flokksins, Samfylkingar og Vinstri grænna. Þeir bentu á að borgarstjórn hefði í febrúar samþykkt samhljóða óbreyttan fjölda til ársins 2018. **-gar**



**Í BORGARSTJÓRN** Fimmtán aðalfulltrúar eiga sæti í borgarstjórn Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skipverji heill á húfi:

# Bátur sökk við Patreksfjörð

**SLYS** Fiskibátur sökk um 25 sjómílum vestur af Patreksfirði í gær. Einn var um borð og er heill á húfi.

Vaktstöð siglinga barst eftir hádegi tilkynning um að bátur væri farinn að leka. Kölluð voru til nærstödd skip og bátar. Svo fór að báturinn sökk og skipverjanum var bjargað um borð í annan fiskibát sem var staddur nærri.

Skipshöfnin á björgunarskipinu Verði frá Patreksfirði hreinsaði síðan upp brak og lausamuni úr sokkna bátnum. **-bá**



**VONGÓÐIR** Einn leitarmanna býr sig undir að halda út á vatnið. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Leitað á botni Mývatns:

# Olíutankurinn líklega fundinn

**UMHVERFISMÁL** Þúsund lítra olíutankur sem Landhelgisgæslan hefur leitað að í Mývatni frá því á þriðjudag er að öllum líkindum fundinn. Að sögn Umhverfisstofnunar fannst málmhlutur í réttri stærð um 110 sentímetra undir botni vatnsins á fjögurra metra dýpi.

Leitað er að beiðni stofnunarinnar því óttast er að lífríki vatnsins gæti stafað hætta af olíuleka vegna tanksins. Tankurinn féll í vatnið af dráttarbáti árið 2004 og fannst ekki þá þrátt fyrir umfangsmikla leit. **-sks**

Var fundin sek um spillingu:

# Yingluck gert að víkja úr starfi

**TAÍLAND, AP** Stjórnlagadómstóll Taílands kvað í gær upp úrskurð um að Yingluck Shinawatra forsætisráðherra yrði að láta af embætti vegna spillingar. Nokkrir ráðherrar hennar verða sömuleiðis að láta af embætti.

Spillingin felst í því að hún vék háttsettum embættismanni úr starfi og fékk honum annað starf innan embættismannakerfisins.

Dómstóllinn taldi embættisfærsluna stjórnarskrárbrot þar sem tilgangurinn hefði verið að styrkja stöðu valdamikillar fjölskyldu forsætisráðherrans. **-gb**

# Bankarnir veikist þurfi þeir að stofna húsnæðislánafélög

**Skiptar skoðanir eru um tillögur um húsnæðismál sem kynntar voru í gær. Hagfræðingur segir það ganga gegn yfirlýstum markmiðum um að minnka þurfi bankakerfið að gera bönkunum að stofna sérstök húsnæðislánafélög. Forseti ASÍ gagnrýnir að enn sé ekki komið til móts við þá sem eiga í mestum húsnæðisvanda.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Í tillögum verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála sem skilað var til félags- og húsnæðismálaráðherra í gær er lagt til að Íbúðalánasjóður verði lagður niður í núverandi mynd með þeim hætti að útlánastarfsemi hans verði stöðvuð og starfsemi sjóðsins skipt upp.

Annars vegar verði stofnað sérstakt húsnæðislánafélag sem starfi á almennum markaði án ríkisábyrgðar og hins vegar verði félagslegt hlutverk sjóðsins og aðrir þættir sem snúa að framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda sett í stofnun fyrir húsnæðismál. Samhliða þessu verði lánasafn Íbúðalánasjóðs látið renna út og lántakendur sjóðsins fái þjónustu hjá húsnæðisfélagi í eigu ríkissjóðs eða umsýslan verði boðin út.

Grunnurinn að vanda Íbúðalánasjóðs liggur nú í uppgreiðsluvanda þar sem sjóðnum var ekki gert kleift að gera upp eigin skuldabréf með uppgreiðslu meðan lántakendum stóð slíkt til boða. Við þetta skapaðist neikvæður vaxtamunur hjá sjóðnum. Ríkissjóður hefur þurft að leggja Íbúðalánasjóði til 50 milljarða króna á síðustu fjórum árum og á þessu ári bætast síðan við 4,5 milljarðar króna.

Skiptar skoðanir eru um þessar tillögur í húsnæðismálum. Ari Skúlason hagfræðingur segir í samtali við Fréttablaðið að nýja félagið muni þá fara eftir nýjum hugmyndum þar sem jafnvægi er milli lánanna og skulda á móti. „Kjörin á íbúðarláninu endurspeglast í kjörum á skuldabréfinu, ef íbúðarlánið er greitt upp þá er skuldabréfið líka greitt upp,“ segir Ari.



**NÝTT KERFI** Tillögur verkefnastjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála voru kynntar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ARI SKÚLASON**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Þá er lagt til að sérhæfðum húsnæðislánafélögum verði komið á fót líkt og hefur tíðkast í Danmörku um langt árabil. Þannig verði húsnæðislán aðeins veitt af húsnæðislánafélögum sem megi ekki stunda aðra starfsemi. Munu þá bankar og lífeyrissjóðir sem kjósa að veita slík lán þurfa að stofna sérstök húsnæðislánafélög.

Ari segir bankana munu standa veikari eftir ef þeim verði gert að taka íbúðalánastarfsemi sína út og setja hana í sérstök félög. „Það er spurning hvort það sé sniðug hugmynd, sem gengur þvert á gefnar hugmyndir og yfirlýst markmið um að það þurfi að minnka bankakerfið á Íslandi að stækka það um minnst fimm banka.“ Hann segir mikinn tilkostnað verða við yfirstjórn og eftirlit. „Þetta eru fjármálafyrirtæki og því kröfur til þeirra og rekstursins verulega dýrar. Þetta þarf að ræða betur,“ segir Ari sem telur að þetta sé ekki fjárhagslega hagstætt.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir sambandið fagna þessum tillögum að flestu leyti. „Verkefnisstjórnin er að mestu leyti að taka undir með ASÍ í málinu en við kynntum fyrir ári síðan tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Ég er sáttur við að menn komist að sömu niðurstöðu og við gerðum,“ segir Gylfi.

Gylfi gagnrýnir þó bæði Eygló Harðardóttur húsnæðismálaráðherra og verkefnastjórnina fyrir að koma aftur með úrræði í húsnæðismálum án þess að gera neitt til að mæta þörfum þeirra sem lægstar tekjur hafa. „Það er gagnrýnivert að það skuli ekki vera nein tillaga um það hvernig eigi að koma til móts við þann hóp sem á í mestum húsnæðisvanda. Hvernig má það vera að stjórnvald láti það afskiptalaust að fjórðungur þjóðarinnar hefur ekki ráð á að búa neins staðar í húsnæði,“ sagði Gylfi.

**fanney@frettabladid.is**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 20° | New York | 16° |
| Aþena | 23° | Gautaborg | 13° | Orlando | 32° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 13° | Ósló | 15° |
| Berlín | 16° | Las Palmas | 23° | París | 17° |
| Billund | 13° | London | 16° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | XX° | Stokkhólmur | 6° |




**Á MORGUN** Hæg breytileg S-lands, annars NA-læg 4-10m/s.

**LAUGARDAGUR** Fremur hæg NA-læg, 5-10m/s.

**FREMUR HÆGUR VINDUR** næstu daga og NA-lægar áttir ríkjandi. Hitastigið er heldur á niðurleið á N-hluta landsins en áfram 5-12 stig SV-lands. Úrkomulítið S- og V-lands á morgun en vænta má skúra með köflum NA- og A-lands næstu daga.



**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


ÉG VALDI EKKI
ÞESSA ÁSKORUN
EN ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ VERA VINUR
Við byggjum upp fólk til að takast á við lífið eftir áföll
Tryggðu þér vinanúmer núna á
www.sibs.is eða í síma 560 4800
HAPPDRÆTTI
SÍBS
... fyrir lífið sjálft
DRÖGUM
Í DAG

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrirtæki hlaut samfélagsviðurkenningu Byggðastofnunar í ár?
**2.** Hvar verður fyrsta atvinnuleikhúsið á Snæfellsnesi?
**3.** Hver er forstöðumaður Listhúss Kópavogs?

**SVÖR:**
**3.** Arna Schram.
**1.** Norðursigling á Húsavík. **2.** Á Rifi.

Innanríkisráðherra segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um lagasetningu um verkfallsaðgerðir:

# Allar líkur á verkfalli flugmanna á morgun

**SAMGÖNGUR** Árangurslaus sáttafundur var í kjaradeilu flugmanna hjá Icelandair í gær. Sættir virðast ekki í sjónmáli. „Þetta horfir mjög þunglega og gengur mjög hægt,“ segir Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA. Hann segir allar líkur á að verkfall hefjist á morgun.

Flugmenn Icelandair hafa boðað til 12 tíma verkfalls klukkan sex í fyrramálið takist ekki samningar. Í framhaldinu eru boðuð fimm tímabundin verkföll fram í næsta mánuð auk yfirvinnubanns sem tekur gildi klukkan sex í fyrramálið. Verkfall gæti það raskað áætlunum um 7.000 farþega strax á morgun. Icelandair sendi tilkynningu til Kauphallarinnar vegna tjóns sem félagið gæti orðið fyrir vegna aðgerða flugmanna. Tjónið er sagt geta numið allt að 1,7 milljörðum króna.

Illugi Gunnarsson, starfandi innanríkisráðherra, segir enga ákvörðun hafa verið tekna um að setja lög á verkfallsaðgerðir flugmanna.

„Það er fylgst vel með þróun mála. Við vonum að samningar takist áður en verkfall skellur á,“ segir Illugi. Komi til lagasetningar þurfi Alþingi ekki langan tíma til að setja lög til að binda endi á aðgerðirnar.

Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA, segir að flugmenn hafi rætt hugsanlega lagasetningu á yfirvofandi verkfall en segir enga ástæðu til að óttast það. „Við getum ekki verið hræddir við það. Það verður bara að koma í ljós.“

-jme



**ENGIN SÁTT** Fari flugmenn Icelandair í verkfall í fyrramálið verður veruleg röskun á flugi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stöðug fundarhöld í deilu kennara og sveitarfélaganna:

# Ekki búið að ræða launaliðinn

**KJARADEILUR** „Það er eftir að ræða launaliðinn. Það er verið að skoða grundvöll fyrir nýju vinnumati fyrir grunnskólakennara og í því sambandi er meðal annars horft til kjarasamnings framhaldsskólakennara,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Hann segir samningagerðina þokast áfram. Samninganefndir grunnskólakennara og sveitarfélaganna hittast nú nánast daglega.

Grunnskólakennarar hafa boðað þrjú eins dags verkföll í þessum mánuði, það fyrsta er þann 15. og svo á vikufresti út mánuðinn.

Ólafur segir að grunnskólakennarar haldi kröfum sínum til streitu um að laun þeirra verði leiðrétt til samræmis við þær stéttir sem þeir miða sig við.



**ÓLAFUR LOFTSSON**

Það eru háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins og framhaldsskólakennarar.

Þeir síðasttöldu sömdu um allt að 29 prósenta hækkun launa á samningstímanum og grunnskólakennarar telja að þeir eigi að fá álíka hækkanir. Þeir benda á að menntun framhaldsskólakennara og grunnskólakennara sé orðin áþekk.

- jme







## Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn **föstudaginn 23. maí 2014 kl. 16:00** í sal Tannlæknafélags Íslands, Síðumúla 35.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Upplýsingar um fundinn og ársreikning má nálgast á vef sjóðsins **www.landsbankinn.is/ltfi.**

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.


# ESB-tillagan þvælist fyrir þinglokum

Stjórnarandstaðan er einhuga um að ekki verði samið um þinglok nema samkomulag takist um afdrif ESB-slitatillögunnar. Þingflokksformaður Framsóknar telur best að málið verði unnið áfram í sumar innan utanríkismálanefndar.

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan á Alþingi segir ekki til umræðu að semja um þinglok nema ljóst sé hver örlög þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um slit á viðræðum við ESB verða.

Stjórnarandstaðan heldur því fram að Sjálfstæðisflokkurinn vilji að tillagan verði dregin til baka en það vilji framsóknarmenn ekki.



**BIRGIR ÁRMANNSSON**

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir að staðan varðandi þinglok sé enn fremur óljós.

Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, hefur sagt að það sé ekki raunhæfur möguleiki að klára umfjöllun um tillöguna fyrir áætlað þinghlé 16. maí.

„Menn eru að vinna sig í átt að ákveðinni niðurstöðu og svo verður að koma í ljós hvort það tekst,“ segir Birgir.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að ef það eigi að semja um þinglok verði að leggja slitatillöguna til hliðar á yfirstandandi þingi. „Það verður svo að ná sátt um aðkomu þjóðarinnar að málinu,“ segir Árni Páll.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir að hans flokkur sé ekki mikið fyrir að tefja mál.

Hann segir ESB-málið þó það stórt og umdeilt að það væri rugl að taka það út úr nefndinni.

„Slit á viðræðum við ESB eru algerlega út í hött og um það fjallar tillagan. Það er því rétt að svæfa hana í utanríkismálanefnd. Við verðum að fá loforð fyrir því að tillagan verði ekki borin fram aftur í haust,“ segir Guðmundur.

Hann segir að það eigi að nota sumarið til að ná sáttum um málið, það sé vel hægt, til dæmis á grundvelli þess sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur undir að það verði að ná sátt um afdrif tillögunnar og málsmeðferð ef það eigi að semja um þinglok. Í herbúðum VG minna menn á að flokkurinn hafi lagt fram þingsályktunartillögu til sátta í málinu.

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir það rétt að ekki verði samið um þinglok nema endanlegar lyktir fáist í ESB-málið.

Hún segir að að hennar mati eigi utanríkismálanefnd þingsins að halda áfram umfjöllun um þingsályktunartillöguna í sumar og vinna úr þeim umsögnum sem borist hafa.

johanna@frettabladid.is



**ÞINGLOK** Stjórnarandstaðan segir ekki koma til greina að semja um þinglok nema sátt takist um afdrif ESB-slitatillögu utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**„Það verður að ná sátt um aðkomu þjóðarinnar að málinu.**

*Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.*



**„Við verðum að fá loforð fyrir því að tillagan verði ekki borin fram aftur í haust.**

*Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.*

Píratar í Reykjavík gefa ekki upp með hverjum þeir vilja mynda meirihluta:

# Ætla að ná þremur mönnum inn

**STJÓRNMÁL** Píratar í Reykjavík ætla að setja stefnumál sín fyrir komandi borgarstjórnarkosningar inn á vefinn Betri Reykjavík til að vita hvaða hlutar stefnunnar hljóta mestan hljómgrunn meðal kjósenda.

Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, segir að með þessum hætti vilji Píratar nálgast kjósendur betur. „Það yrði töluverð þátttaka í þessu en við gerum okkur grein fyrir því að það er alltaf bara ákveðinn hluti kjósenda sem tekur þátt.“

Stefna Pírata snýr að miklu leyti að bættri þjónustu við börn og vilja Píratar sérstaklega auka aðgengi barna að hestamennsku. „Við erum ekki að tala um að flytja Skagafjörð suður. Hestanámskeið eru rosalega dýr fyrir börn og þetta snýst aðallega um fjárhagslega þáttinn og að efla aðgengi fyrir alla,“ segir Þórgnýr Thoroddsen, sem skipar annað sæti listans.

Oddviti Pírata er bjartsýnn á að fylgi þeirra muni aukast á næstu vikum. „Við höfum aldrei mælst með minna fylgi en svo að við náum einum manni, stefnan er að ná tveimur eða þremur og við erum sannfærð um að við getum náð það langt með góðri, málefnalegri og skemmtilegri baráttu,“ segir Halldór.

- ssb



**STEFNUMÁLIN KYNNT** Píratar leggja áherslu á börn og þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð flugvallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# RISA TAX FREE DAGAR

**ALLAR SNYRTIVÖRUR, ALLUR FATNAÐUR, ALLIR SKÓR, ÖLL LEIKFÖNG, ÖLL HJÓL, ALLAR HEIMILISVÖRUR...**

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 8.-12. MAÍ

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. *Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af Weber, raftækjum, bókum, DVD né CD.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Náum aldrei sömu sérhæfingu hér

Anna Sigrún Baldursdóttir, sem starfar á skrifstofu forstjóra Landspítalans, fékk heilablæðingu í fjölskyldufríi í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Hún var við dauðans dyr en notaði þó tímann óspart til að bera sjúkrahúsleguna í Bandaríkjunum saman við aðstæður hérna.

**HEILBRIGÐISMÁL** Anna Sigrún er hjúkrunarfræðingur að mennt, var aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra á tímabili en starfar nú á skrifstofu forstjóra Landspítalans. Hún hefur því komið að stjórnun, fjárhagsáætlunum og gæðamálum spítalans undanfarin misseri.

„Það var ótrúlega áhugavert að liggja inni á bandarískum spítala og sjá hvernig allt virkar öðruvísi, sumt er betra hjá okkur en annað er betra hjá þeim og ég reyndi að læra eins mikið og ég gat á þessari upplifun minni,“ segir Anna Sigrún en hún fékk heilablæðingu í Harry Potter-tæki í Universal Studios-skemmtigarðinum í Orlando þegar hún var þar á ferð í apríl.

Henni var tjáð strax við komu á bráðamóttöku að sextíu prósent líkur væru á að deyja af völdum slíkrar blæðingar og þrjátíu prósent líkur á alvarlegum fylgikvillum. Anna Sigrún tilheyrir tíu prósentunum sem ná sér að fullu. Hún er loksins komin heim til Íslands eftir óvæntan endi á fríinu en er skipað að hvíla sig næstu mánuðina til að ná fullum þrótti á ný. Hún á þó erfitt með að taka hugann frá vinnunni, meira að segja þegar hún lá alvarlega veik á spítalanum úti.

„Ég fann fyrir algjöru öryggi. Fagmennskan og sérfræðikunnáttan skein af öllu starfsfólki og aðbúnaður var til fyrirmyndar. Þegar ég fann þetta öryggi ákvað ég að láta af stjórninni, sem ég á annars erfitt með, og þá byrjaði ég að skoða það sem við getum lært af bandaríska skipulaginu. Ég tók myndir af öllu sem mér fannst áhugavert; sokkar sem eru hannaðir þannig að fólk detti síður, lyfjaskápar með lásakerfi sem kemur í veg fyrir mistök í lyfjagjöf og einnota nærbuxur sem er augljóslega þægilegasta leiðin fyrir sjúklinga,“ segir Anna Sigrún hlæjandi.

### Heppin að vera stödd úti

Hún var á sjúkrahúsi í Gainsville á gjörgæslu sem er sérhæfð fyrir heilaáföll. Þar var pláss fyrir 30 manns. Á Landspítalanum eru 22 pláss fyrir alla gjörgæslusjúklinga.

„Vegna smæðar Íslands getum við aldrei náð sambærilegri sérhæfingu og -þekkingu og í Bandaríkjunum. Það er bara svo einfalt. Í raun og veru er ég ótrúlega heppin að hafa verið stödd úti þegar ég fékk blæðinguna því að aðgerðin sem ég þurfti á að halda er ekki einu sinni framkvæmd hér á landi. Margt gerum við vel, til dæmis í hjartalækningum, en það er ómögulegt fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi að bjóða upp á sérhæfingu á öllum sviðum. Lausnin sem ég sé í þeim málum er að flytja inn sérþekkinguna að utan en til þess að svo megi verða verður að búa betur að starfsfólki og mikilvægast er að bæta húsakostinn. Nýbyggingar á Landspítala eru bráðnauðsynlegar fyrir öryggismál til framtíðar.“

### Tuttugu milljóna króna reikningur

Anna Sigrún var afar heppin. Bæði varðandi meðferðina en einnig hvað varðar tryggingamál. „Meðferð er ekki hafin fyrr en ljóst er hvernig verður greitt fyrir hana. Ég var tryggð í gegnum heimilistryggingu hjá VÍS og Visa-kortið sem ég hafði keypt farmiðana á. Þess vegna var hægt að ganga frá greiðslumálum undir eins og hefja meðferð í kjölfarið. Ég þurfti ekki að standa í neinu veseni en við erum að tala um ríflega tuttugu milljóna króna reikning. Sjúklingurinn við hliðina á mér fékk ekki fulla þjónustu vegna tryggingamála og ég ræddi við starfsfólk sem tjáði mér að það valdi oft siðferðilegum klemmum fyrir starfsfólkið. Þarna erum við á Íslandi heppin, við vitum að læknisþjónusta erlendis er alltaf greidd fyrir okkur og því þurfum við ekki að hafa áhyggjur af skertri þjónustu.“

### Ábyrgðin sett í hendur sjúklinga

Annað sem Anna Sigrún tók eftir úti er að ábyrgðin er í mun meiri mæli sett í hendur sjúklinga varðandi meðferð og kemur það til vegna greiðslukerfisins en einnig vegna aukinna lögsókna gegn heilbrigðisstarfsfólki þar ytra.

„Ég var stödd í miðjum skemmtigarði, með stelpurnar mínar tvær hjá mér, og var sárþjáð af verkjum í höfði og hálsi. Ég gat varla hugsað heila hugsun. En ég er spurð hvort ég vilji fara í læknaskýlið í garðinum, fara heim eða hringja á sjúkrabíl. Ég valdi auðvitað að hringja á sjúkrabíl. Það er erfitt fyrir alvarlega veika sjúklinga að taka mikilvægar ákvarðanir við þessar kringumstæður og skrifa til dæmis undir ótal samþykktarskjöl. Þetta er afar varhugavert.“

Anna Sigrún mun hvíla sig næstu vikurnar. Hún segist uppfull af hugmyndum um smáar sem stærri breytingar á Landspítalanum sem hún hlakkar til að vinna meira með. „Jafnvel þótt þetta hafi verið skelfileg lífsreynsla þá verð ég að viðurkenna að þetta var líka ansi áhugavert. Þetta var eiginlega hálfgerð þerapía fyrir mig; ég gat verið með hausinn í vinnunni í stað þess að hafa áhyggjur af lífi mínu.“

erlabjorg@frettabladid.is



**ALLTAF Í VINNUNNI** Daginn eftir æðaþræðingu sendi Anna Sigrún þessa mynd á Facebook með textanum: „Flottir sokkar með stoppurum báðum megin. Ættum að hafa svona á Lsh.“



**ER Í FYRIRSKIPAÐRI HVÍLD** Anna Sigrún safnar þrótti þessa dagana eftir þrjár æðaþræðingar og aðgerð þar sem fyllt var í slagæðagúlp á spítala í Bandaríkjunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Fresco er nýr og skemmtilegur veitingastaður sem leggur áherslu á ferska og frumlega salatrétti



Við leitum að duglegu og jákvæðu starfsfólki

**Rekstrarstjóri**

Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst

**Hæfniskröfur:**

- Matreiðslumeistari
- Skipulagshæfileikar, stundvísi og jákvæðni
- Góð samskiptafærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- 25 ára eða eldri

**Starfsfólk í afgreiðslu og sal**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

**Hæfniskröfur:**

- Fáguð og jákvæð framkoma
- Rík þjónustulund og stundvísi
- Snyrtimennska og starfsgleði
- Góð íslenskukunnátta
- 18 ára eða eldri



chop't salad
fresco
Suðurlandsbraut 4 • Reykjavík

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á: fresco@fresco.is fyrir 15. maí 2014



**KJÚKLINGABRINGUR**
DANSKAR 900GR
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.698,-~~

# 1.358,-



KJÖTBORÐ

**KINDALUNDIR**
NORÐLENSKA
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 3.898,-~~

# 2.339,-



-31%

**LAMBASKROKKUR**
HÁLFUR GRILLSAGAÐUR
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.294,-~~

# 893,-



**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
SIRLOIN - KRYDDAÐAR
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.794,-~~

# 1.399,-



**SVÍNABÓGSNEIÐAR**
STJÖRNUGRÍS
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 898,-~~

# 629,-



**LAMBALÆRI**
ÍSLANDSKRYDDAÐ
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.794,-~~

# 1.399,-



**SVÍNAKÓTELETTUR**
KRYDDAÐAR MEÐ BEINI
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.498,-~~

# 1.198,-



**BÖKUNARKARTÖFLUR**
FRANSKAR
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 198,-~~

# 99,-



**Á NETTÓ GRANDA FÆRÐU FERSKT & FALLEGT SUSHI LAGAÐ Á STAÐNUM Á**

# 30%

**AFSLÆTTI**

SushiGo




**COKE**
1,5 LÍTER
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 229,-~~

# 199,-




**GREAT TASTE BLÁBER**
225 G
**POKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 299,-~~

# 239,-

nettó 24 GRANDA

Verið velkomin í Nettó Granda

# DAG SEM NÓTT

**Tilboðin gilda 8. - 11. maí 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**KOSNINGAR Á INDLANDI** Helgir menn bíða á kjörstað í Haridwar eftir því að geta greitt atkvæði í þingkosningunum. Kjósendur á Indlandi eru meira en 800 þúsund talsins, þannig að dreifa þurfti kosningunum á níu umferðir. Sú fyrsta hófst 7. apríl en þeirri síðustu lýkur á mánudaginn kemur. Úrslita er að vænta í næstu viku.

# ÁSTAND HEIMSINS





**BLUNDAÐ Í KÍNA** Ökumenn hjólavagna í Peking notuðu tækifærið á meðan þeir biðu eftir næstu viðskiptavinum til þess að fá sér kríu.

MYNDIR/AP



**HERÆFING Í MOSKVU** Rússneski herinn gerði sig breiðan á Rauða torginu í gær, þegar efnt var til æfingar fyrir hersýninguna á morgun í tilefni sigurs rússneska hersins á nasistum árið 1945.



**MATARAÐSTOÐ Í AFGANISTAN** Íbúar þorpsins Abi Barik, sem gróf st að stórum hluta undir aurskriðum í lok síðustu viku, ná sér í hrísgrjón frá hjálparstofnun. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa verið sein til að útvega íbúunum brýnustu nauðsynjar.



**BÖRN Á GASASTRÖND** Palestínsk börn í Kan Júnis-flóttamannabúðunum fylgjast með fjöldafundi sem haldinn var til að minnast þess að 66 ár eru liðin frá því „Nakba", eða hörmungar Palestínumanna, hófust eftir að Ísraelsríki var stofnað.

www.volkswagen.is




Volkswagen up!

**Meistari í sparsemi**

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
20% AFSLÁTTUR
AF UNDIRFÖTUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Komdu í fría mælingu
og þú lendir í lukkupotti og getur unnið nærfatasett að eigin vali!
Gildir út sunnudag
40% AFSLÁTTUR BARA Í DAG!
Stærðir: 32AA – 40G
2 í pakka
Verð áður: 5.990,-
Verð nú: 3.594,-
40% AFSLÁTTUR BARA Í DAG!
Stærðir: 30DD – 40G
2 í pakka
Verð áður: 5.990,-
Verð nú: 3.594,-
Opið 11 - 21 í kvöld
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook

Framleiðsluaukning á laxi og regnbogasilungi í Berufirði og Fáskrúðsfirði

Tillaga að matsáætlun (drög)

Fiskeldi Austfjarða hf. auglýsir drög að tillögu að matsáætlun um framleiðslu á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða allt að 13.000 tonna aukningu á framleiðslu í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Tilkynnt er um drögin í blöðunum Austurgluggin og Fréttablaðinu þann 8.maí 2014. Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér drögin á heimasíðunni www.icefishfarm.is og gera athugasemdir við þau til og með 22. maí 2014.

Athugasemdir sendist á netfangið tt@icefishfarm.com eða í pósti:

Fiskeldi Austfjarða hf
Varðan 1
765 Djúpivogur




BIÐRÖÐ Löng biðröð myndaðist við kjörstað í bænum Marikana, þar sem sumir þurftu að bíða í röðinni í allt að fjórar klukkustundir. NORDICPHOTOS/AFP

# Fátt ógnar stöðu ANC í Suður-Afríku

**Desmond Tutu segir þjóðina eiga að vera þakkláta fyrir lýðræðið, sem fékkst með áratugalangri og erfiðri baráttu. Í þingkosningunum í gær, þeim fimmtu frá árinu 1994, tók í fyrsta sinn þátt heil kynslóð fædd eftir fall aðskilnaðarstefnunnar.**

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Fyrir tuttugu árum vann Afríska þjóðarráðið, ANC, yfirburðasigur í fyrstu þingkosningum landsins eftir fall aðskilnaðarstjórnar hvíta minnihlutans.

ANC hefur æ síðan verið öflugasti stjórnmálaflokkur landsins, en hafði fram að því áratugum saman barist gegn aðskilnaðarstefnunni. Fastlega er reiknað með því að flokkurinn hafi, rétt eins og í öllum öðrum þingkosningum frá árinu 1994, fengið ríflega sextíu prósent atkvæða í kosningunum í gær.

Þó bentu skoðanakannanir til þess að flokkurinn myndi nú í fyrsta sinn missa aukinn meirihluta sinn á þingi. Hann fengi sem sagt ekki þrjá af hverjum fjórum þingmönnum í þetta skiptið.

Vaxandi gagnrýni hefur gætt í Suður-Afríku á þessa yfirburðastöðu ANC, sem sögð er vera óholl fyrir lýðræði í landinu.

Enginn flokkur hefur getað veitt ANC neina samkeppni svo heitið geti. Lýðræðisbandalagið, sem er frjálslyndur miðjuflokkur, kemst þó næst því og var spáð ríflega fimmtungi atkvæða, en aðrir flokkar virtust ætla að halda sig innan við fimm prósentin.

Ákveðin tímamót urðu einnig í gær að því leyti að ungt fólk, sem fætt er eftir að aðskilnaðarstefnan féll, var nú að taka þátt í kosningum í fyrsta sinn. Stjórnvöld hvöttu kjósendur, sérstaklega þá sem nú voru að kjósa í fyrsta sinn, til að taka daginn snemma þar sem búast mætti við að langar biðraðir mynduðust þegar líða tæki á daginn.

Desmond Tutu, sem var erkibiskup landsins þegar aðskilnaðarstefnan leið undir lok, sagði að íbúar Suður-Afríku ættu að vera þakklátir fyrir að geta kosið sér þing með friðsamlegum hætti. „Ég er að hugsa um Úkraínu. Ég er að hugsa um Suður-Súdan, allt það sem er að gerast þar,“ sagði hann og minntist þeirrar erfiðu baráttu gegn hvítu minnihlutastjórninni sem á endanum lauk með sigri lýðræðis.



**„Fólk var sett í fangelsi. Fólk þjáðist. Þannig að við megum ekki kasta því á glæ.**

*Desmond Tutu, fyrrverandi erkibiskup.*

„Fólk var sett í fangelsi. Fólk þjáðist. Þannig að við megum ekki kasta því á glæ. Við verðum að muna það áfram að við fengum þetta við afar dýru verði.“

Ekki er búist við að úrslit liggi fyrir fyrr en á laugardag, þótt fyrstu tölur hafi verið væntanlegar í gærkvöld.

gudsteinn@frettabladid.is


Sökkuldúkur, rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.






Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



THULE SWEDEN
Ferðabox og hjólafestingar
2014 bæklingurinn er kominn






Skráðu þig inn á heimasíðu okkar
www.stilling.is/thulebok
og fáðu bæklinginn
sendan heim.
Stilling
Sími 520 8000 | www.stilling.is/thulebok | stilling@stilling.is


Vikutöf á að hægt verði að sækja um leiðréttingu:

# Töfin breytir engu um niðurstöðuna

**EFNAHAGSMÁL** „Það getur farið svo að það tefjist um einhverja daga, viku eða svo, að fólk geti sótt um skuldaleiðréttingar. Það breytir hins vegar engu um að niðurstöður aðgerðanna munu liggja fyrir eftir fyrsta september,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnisstjóri skuldaniðurfellinga ríkistjórnarinnar.

Ríkisskattstjóri telur ekki raunhæft að hægt verði að sækja um leiðréttingu á verðtryggðum húsnæðislánum þann 15. maí. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis er þessu ósammála.

Ríkisskattstjóri segir í umsögn um frumvarp til leiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána að í því sé miðað við að leiðréttingin taki til fasteignaveðlána heimila. Hugtakið heimili sé hins vegar vandmeðfarið þar sem lagalega skilgreiningu skorti á því.

Þá segir enn fremur að frumvarpið geri ráð fyrir að unnt verði að sækja um leiðréttingu frá og með 15. maí 2014. Ríkisskattstjóri telur að gildistaka frumvarpsins þarfnist endurskoðunar í ljósi þess hve nálægt er komið þeirri dagsetningu. Ætla megi að umfjöllun Alþingis taki nokkurn tíma og því umrædd dagsetning ekki lengur raunhæf.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að frumvarpið verði afgreitt úr nefndinni á föstudag. Umfjöllun um það sé á áætlun.



**„Þegar frumvarpið hefur verið afgreitt frá nefndinni liggja fyrir allar breytingar sem gerðar verða á því. Það skiptir því ekki öllu máli hversu langan tíma umræður um frumvarpið taka á þingi.**

*Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.*

„Þegar frumvarpið hefur verið afgreitt frá nefndinni liggja fyrir allar breytingar sem gerðar verða á því. Það skiptir því ekki öllu máli hversu langan tíma umræður um frumvarpið taka á þingi,“ segir Frosti. Ríkisskattstjóri hafi því nægan tíma til að undirbúa málið.

„Við gerum okkar, hann gerir sitt,“ segir Frosti og er sannfærður um að það verði hægt að sækja um skuldaleiðréttingu 15. maí næstkomandi. -jme

# DOLCE&GABBANA DAGAR Í HAGKAUP




**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM **DOLCE&GABBANA** VÖRUM DAGANA 8.-14. MAÍ

Veglegur kaupauki fylgir kaupum á **DOLCE&GABBANA** vörum þessa daga*

Kauptu nýja Dolce ilminn og þú átt möguleika á að vinna glæsileg
**DOLCE&GABBANA sólgleraugu að verðmæti 70.000 kr.**



**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Þessa dagana fá yfir 100.000 Íslendingar boð um þátttöku í landsátaki

# ÚTKALL

## Í ÞÁGU VÍSINDA



Með rannsóknum á erfðaefni Íslendinga er stöðugt leitað orsaka margra alvarlegustu sjúkdóma sem hrjá mannkynið - svo sem krabbameina, hjartasjúkdóma og sykursýki.

Markmiðið er að skoða áhrif erfða og umhverfis á heilsu okkar og skila næstu kynslóðum aukinni þekkingu.

### SVARAÐU KALLINU!

Ef þú ert í úrtakinu færðu möppu senda heim. Kynntu þér innihaldið, skafðu og settu gögnin í umslagið. Björgunarsveitirnar sækja það til þín.





### TIL STYRKTAR BJÖRGUNARSVEITUNUM

Fyrir hvern þátttakanda styrkjum við björgunarsveitirnar um 2000 krónur sem renna til nauðsynlegs rekstrar þeirra og þjálfunar.



### FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR

Þátttaka þín er mikilvæg. Tökum höndum saman og styðjum þetta einstaka vísindaverkefni.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

UNNSTEINN MANÚEL STEFÁNSSON
ÓNLISTARMAÐUR

ÞÓRUNN ANTONIA MAGNÚSDÓTTIR
SÖNGKONA

ILLUGI GUNNARSSON
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA



# VIÐ SVÖRUM KALLINU!



INGA ÞÓRSDÓTTIR
PRÓFESSOR, FORSETI HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS HÍ



GUÐMUNDUR ÞORGEIRSSON
PRÓFESSOR Í LYFLÆKNISFRÆÐI



RAGNHILDUR HAUKSDÓTTIR
FORMAÐUR FÉLAGS LÆKNANEMA



SIGRÍÐUR THORLACIUS
SÖNGKONA



EIRÍKUR STEINGRÍMSSON
PRÓFESSOR, LÆKNADEILD HÍ



SNORRI MÁR SNORRASON
FORMAÐUR PARKINSONSAMTAKANNA Á ÍSLANDI



MAGNÚS KARL MAGNÚSSON
PRÓFESSOR, FORSETI LÆKNADEILDAR HÍ



MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR
FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS HÍ

**Útkallið er hafið!** Björgunarsveitirnar koma í heimsókn til þín.
Taktu vel á móti þeim með umslagið tilbúið ef þú velur að taka þátt.

ÚTKALL
Í ÞÁGU VÍSINDA

www.utkall.is



**BRJÓSTAGJÖF** Brjóstamjólk örvar meðal annars vöxt mjólkursýrubaktería í þörmum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Brjóstamjólk gefur góða flóru í þörmum

Góð þarmaflóra er grunnur að góðu ónæmiskerfi. Til þess að þarmaflóra barns verði góð er best að gefa því brjóstamjólk sem örvar meðal annars vöxt mjólkursýrubaktería í þarmaflóru barna. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar á vegum dönsku matvælastofnunarinnar og Háskólans í Kaupmannahöfn.

Í frétt á vef danska ríkisútvarpsins segir að rannsóknin hafi leitt í ljós að talsverðar breytingar verði á samsetningu baktería í þarmaflóru frá níu til 18 mánaða aldurs í tengslum við lok brjóstagjafar. Þarmaflóra barna heldur þó áfram að breytast til þriggja ára aldurs, að því er segir í fréttinni. Börn sem fá brjóstamjólk eru sögð vaxa hægar og verða svolítið grennri en börn sem fá mjólkurduft. Börn sem fá brjóstamjólk fá jafnframt síður ofnæmi, sykursýki og bólgur í þarma síðar á ævinni, auk þess sem þau glíma síður við ofþyngd. - ibs

# Úrelt að bíða og sjá til hvort barnið fari að tala

Grípa þarf snemma inn í vegna frávika í málþroska. Afleiðingarnar geta annars orðið lestrarörðugleikar, að sögn Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings. Börn þurfa að ná færni á mörgum sviðum fyrir lestrarnám.

Með því að grípa snemma inn í hjá börnum sem koma illa út úr þroskaskimun um tveggja ára aldur hjá heilsugæslustöðvum er hægt að búa þau betur undir lestrarnám. Þetta segir Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur.

„Auðvitað eru til börn sem eru seinni en önnur börn að byrja að tala en það er orðið úrelt að bíða og sjá til. Við skoðum ekki börn með snemmtækri íhlutun en við getum skaðað þau með því að grípa ekki inn í. Það getur haft neikvæð áhrif á árangur þeirra í námi í grunnskóla,“ tekur Ásthildur fram og bætir við að meira sé vitað um þennan málaflokk en áður.

Börn þurfa að ná færni á mörgum sviðum til þess að búa sig undir lestrarnám, að því er Ásthildur greinir frá. „Það þarf að skoða hvort barnið kann undirstöðuþætti fyrir boðskipti, hvort það kann að bíða, hlusta, gera til skiptis og hvort það hafi lært sjálfstjórn. Börn sem greind eru með málhömlun lenda oft í hegðunarerfiðleikum. Börn sem greind eru með athyglisbrest og ofvirkni eru oft með ógreinda málþroskaröskun. Það er hægt að sjá alls konar merki um nauðsyn þess að grípa inn í.“

Ásthildur segir frávik í málþroska geta verið með ýmsum hætti. „Þau geta meðal annars birst í orðaforða, málskilningi, máltjáningu og framburði. Þá þarf að skoða hvort ástæðan sé líffræðileg eða hvort hún tengist hljóðkerfisvitund þeirra svo nokkur dæmi séu nefnd. Málörvun þarf alltaf að vera skilgreind út frá eðli vandans til að ná árangri.“

Á vefnum lesvefurinn.hi.is segir að hljóðkerfisvitund sé tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins.

Að mati Ásthildar er ekki meira um frávik í málþroska nú en áður. „Þau hafa alltaf verið til staðar en þetta er rannsakað meira en áður. Fólk er orðið miklu upplýstara um þessi mál og við höfum betri tæki til að finna börnin sem eru með frávik.“

Talmeinafræðingurinn leggur áherslu á að leikskólinn sé fyrsta skólastigið. „Þar er lagður grunnur að öllu námi barnsins. Við eigum að nýta betur hæfileikana í leikskólunum til þess að börnin fari betur undirbúin í grunnskólann. Það er gríðarleg umræða um slæma lestrarkunnáttu barnanna okkar samkvæmt PISA-könnun en við vitum hvaða þættir eru undirstaða fyrir lestur. Það er orðaforði, málskilningur, lesfimi, það er að segja að geta lesið nógu hratt, og þekking á hljóðum stafanna. Þessa þætti er hægt að þjálfa í leikskóla. Einn mikilvægasti undirstöðuþátturinn fyrir lestur, hljóðkerfisvitund, er nú kannaður á síðasta ári í leikskóla. Þá er vitað í fyrsta bekk í grunnskóla hvaða börn eiga á hættu að lenda í lestrarerfiðleikum. Þetta er liður í heildstæðri skólastefnu eins og umræðan snýst nú um.“ ibs@frettabladid.is



**MEÐ BRÚÐUNA BÍNU** Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur, sem er höfundur bókanna um Bínu, hefur langa reynslu af því að styrkja boðskiptafærni ungra barna og efla málþroska þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í FRÍMÍNÚTUM** Í könnun á sýningu um Skóla- og frístundaborgina Reykjavík sögðu 68 prósent barnanna að það væri oftast gaman í frímínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Könnun hjá börnum og fullorðnum í Reykjavík:

# Flestir segja oftast gaman í frímínútum

Langflestir skólakrakkanna 120 sem þátt tóku í könnun á nýafstaðinni sýningu um Skóla- og frístundaborgina Reykjavík, eða 85 prósent, töldu sig oftast hafa nóg að gera á sumrin. 68 prósent sögðu að það væri oftast gaman í frímínútum í skólanum. Þá töldu 58 prósent krakkanna að páskafríið væri hæfilega langt, átta prósentum fannst það of langt en 34 prósentum fannst það of stutt, að því er kemur fram í frétt á vef Reykjavíkurborgar.

Í opnum spurningum kom m.a. fram að allir ættu að vera vinir í skólanum, það þyrfti að vera meiri frístund, að nemendur ættu að fá að hafa síma í skólanum, sumir kennarar væru of strangir og að það væri oftast „rosalega skemmtilegt“ í skólanum.

Alls svöruðu 180 fullorðnir spurningunum. Af þeim töldu 92% þörf fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 16-18 ára í hverfum borgarinnar, 29% höfðu skoðað foreldravef SFS, Skóla- og frístundasviðs, og 56% töldu skorta fjölbreytni í sumarstarfi fyrir börn og unglinga í Reykjavík. Um 44% vildu miða við að börn kæmust í leikskóla við eins árs aldur, 13% vildu leikskóladvöl fyrir yngri en eins árs en 43% vildu að börn kæmust í leikskóla 18 mánaða eða eldri.

Í opnum svörum frá fullorðnum kom fram að leikgleði í leikskólum og frístundastarfi mætti smitast yfir í grunnskólann, frístundastarf væri of dýrt fyrir foreldra, bjóða ætti upp á frístundamöguleika fyrir foreldra og börn saman á sumrin, tengja ætti betur saman skóla og frístundir og leggja enn meiri áherslu á sköpun í skóla- og frístundastarfinu.

Sýningin og könnunin var haldin í Ráðhúsinu. - ibs




Opið til kl.
21
1 árs í dag
Takk fyrir fyrsta árið!
Okkur langar til að allir fái að njóta afmælisins með okkur og erum með
20%
afslátt af öllum okkar vörum í dag.
Afmælisgleði kl. 19-21 - allir velkomnir!
Léttar veitingar · Ólafía Hrönn kíkir við
Peysa
6.495 kr.
Kjóll
8.995 kr.
/ Indiska Iceland
INDISKA
Kringlan
588 2300

Hjólað í vinnuna í tólfta sinn:

# Hjólreiðar hafa aukist til muna

Átakið Hjólað í vinnuna hófst í gærmorgun í tólfta sinn. Þátttakendum var boðið að hjóla við í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, þiggja bakkelsi og hlusta á stutt og hressileg hvatningarávörp.

Íþrótta- og ólympíusamband Íslands stendur fyrir Hjólað í vinnuna, heilbrigðri vinnustaðakeppni um allt land, dagana 7.-27. maí. Meginmarkmiðið er sagt að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum. - fb

**NEYTANDINN Guðmundur Steingrímsson**

# Ítölsk kaffivél bestu kaup Guðmundar

Bestu kaup Guðmundar Steingrímssonar alþingismanns eru svört ítölsk kaffivél af gerðinni Delonghi Magnifica.

„Ég keypti hana á Suðurlandsbraut og kaffið er alveg ótrúlega gott,“ segir Guðmundur ánægður.

„Maður hlakkar til að vakna á morgnana og fá sér kaffibolla. Þetta er náttúrlega besti kaffibolli dagsins og sameiginlegt tilhlökkunarefni okkar hjóna. Við fjárfestum í þessu eftir mikla umhugsun og sjáum ekki eftir því. Við ákváðum að gefa hvort öðru ekki jólagjöf sem kostaði neitt og kaupa frekar kaffivél.“

Guðmundur segir verstu kaupin einnig hafa verið sín fyrstu kaup.

„Það var þegar ég ákvað barnungur að kaupa jólagjöf handa foreldrum mínum í fyrsta skipti. Mér fannst svona eiturgrænt símaborð úr plasti fyrir síma og penna alveg ógeðslega flott og ég fór sérstaklega í verslunina Magasín í Kópavogi til að kaupa þetta. Ég gaf foreldrum mínum þetta í mikilli einlægni en svo skömmu eftir jólin hvarf þetta borð og ég sá það aldrei aftur. Með árunum hef ég verið að fatta hvað þetta var óskaplega ósmekklegt símaborð.“ - hg


**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON** Barnungur brenndi Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sig á eiturgrænu símaborði úr plasti.


**Í VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI** Priðjungur mála sem Neytendasamtökunum berast er vegna vörukaupa og rúmur fjórðungur vegna kaupa á þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Neytendamálum fjölgar:

# Hafa fengið 2.796 erindi

Fyrstu fjóra mánuði ársins bárust Neytendasamtökunum alls 2.796 erindi. „Er það töluverð aukning miðað við fyrra ár og má reikna með að heildarfjöldi erinda verði um 8.500 á árinu ef fer sem horfir,“ segir á vef samtakanna.

Fram kemur á síðu samtakanna að flest erindin, nærri þriðjungur eða 897, hafi verið vegna vörukaupa. Rúmur fjórðungur erinda var svo vegna þjónustukaupa, 22 prósent erinda voru almenns eðlis og fimmtungur vegna húsaleigu.

Þá kemur fram að Evrópska neytendaaðstoðin – ECC Ísland hafi það sem af er ári annast milligöngu í 15 deilumálum milli seljenda og neytenda. Þá hafa aðstoðinni borist tæplega 30 annars konar erindi. „Er það nokkur fjölgun frá fyrri árum, en í flestum tilvikum er um að ræða deilur vegna leigu á bílaleigubílum eða vegna seinkunar eða aflýsingar á flugi.“

Leigjendaaðstoðin fékk svo 582 erindi fyrstu fjóra mánuði ársins. Það er líka sögð töluverð fjölgun miðað við fyrri ár. - óká

# Gjöld á áfengi og bensín lækka of lítið og of seint

**Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gagnrýnir seinagang við afgreiðslu frumvarps um gjaldskrárlækkanir. Pétur H. Blöndal alþingismaður segir gjöldin ekki lækka nógu mikið. Frumvarpið verði afgreitt fyrir þinglok.**

„Þetta mál er búið að vera í þessum dæmalausa tómagangi og áhugaleysi ríkisstjórnar og þingnefndar að ljúka þessu máli er eftirtektarvert,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ).


**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Gylfi gagnrýnir að frumvarp fjármálaráðherra sem á að lækka gjöld á áfengi, tóbak og eldsneyti hefur ekki enn verið afgreitt á Alþingi. Ríkisstjórnin samdi við aðila vinnumarkaðarins um lækkanirnar við gerð kjarasamninga í desember. Þá hafði verið tilkynnt um þriggja prósenta hækkun á gjöldunum frá áramótum en í frumvarpinu hækka þau einungis um tvö prósent. Breytingarnar áttu upphaflega að taka gildi 1. febrúar en málið hefur tafist og nú er stefnt að gildistöku 1. júní næstkomandi.

„Þetta hefur tekið fleiri fleiri mánuði og þessi seinkun er að rýra þessar verulega aðgerðir því það gefur augaleið að almenningur í landinu er ekki enn farin að njóta lægri gjalda. Hins vegar var það okkar tillaga í upphafi að nota þessa fjármuni til að lækka gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu sem er farin að taka út yfir allan þjófabálk,“ segir Gylfi.


**PÉTUR H. BLÖNDAL**


**Í ÁTVR** Áfengis- og tóbaksgjöld lækka um eitt prósent í frumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HVERNIG HAFA LÆKKANIRNAR ÁHRIF Á VÖRUVERÐ?**

**BJÓR**

**1 króna**

Verð á einum 0,5 l. bjór sem er 5 prósent að styrkleika mun lækka um eina krónu.

**BENSÍN**

**89 aurar**

Verð á einum lítra af bensíni mun lækka um 0,89 krónur.

Pétur H. Blöndal, alþingismaður og framsögumaður meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar í málinu, segist viss um að frumvarpið verði afgreitt fyrir þinglok 16. maí. Hann segir málið hafa fengið of langa umfjöllun í þinginu miðað við umfang aðgerðanna.

„Ég er alltaf sammála öllum skattalækkunum. Hins vegar er ég með efasemdir um hvað þetta er lítið því ef þetta á að virka þarf að lækka gjöld talsvert svo þau hafi áhrif á verðlag. En þetta er hluti af kjarasamningum og sumir aðilar vinnumarkaðarins líta stíft á svona smáskammtalækningar,“ segir Pétur. Hann bætir við að verðbólga hér á landi hafi verið undir 2,5 prósentum frá áramótum þó að til gjaldskrárlækkananna hafi ekki komið.

Pétur segir aðgerðirnar koma til með að lækka skatta um tvö til þrjú hundruð milljónir króna. Erfitt verði að fylgjast með því hvort lækkanirnar skili sér út í verðlagið.

„Það er ekki nokkur lifandi vegur að fylgjast með því. Þú ert með frjálsa álagningu til dæmis á bensíni og þegar menn fá tilboð um afslátt af bensíni upp á tíkall á lítra þá hverfur þetta gjörsamlega.“ haraldur@frettabladid.is





**HÖFÐABORG** Neytendastofa er til húsa við Borgartún í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Neytendastofa sektaði fyrir ósanngjörn ummæli:

# Sekt á Buy.is staðfest

Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest 150 þúsund króna sekt sem Neytendastofa lagði á eiganda verslunarinnar Buy.is.

Neytendastofa lagði stjórnvaldssekt á eiganda verslunarinnar fyrir ósanngjörn ummæli gagnvart iStore og eiganda hennar. Ummælin voru talin ómálefnaleg og til þess fallin að kasta rýrð á iStore og hafa þannig áhrif á ákvörðun neytenda um að hafa viðskipti.

Í frétt á vef Neytendastofu segir að um endurtekin brot hafi verið að ræða. Eigandi Buy.is kærði ákvörðunina til áfrýjunarnefndarinnar og krafðist þess að sektin yrði felld úr gildi. - hg

## Skessan í hellinum býður til
# Barnahátíðar í Reykjanesbæ
## í níunda sinn 7. til 11. maí

### Margt er um að vera og ókeypis á alla viðburði.

**Öll börn og fjölskyldur þeirra eru hjartanlega velkomin.**



**Miðvikudagur 7. maí**

| | |
|---|---|
| Setning grunnskólahluta Listahátíðar barna, „Listaverk í leiðinni," á Icelandair hótelinu, Hafnargötu 57 | Kl. 10:30 |

**Fimmtudagur 8. maí**

| | |
|---|---|
| Setning leikskólahluta Listahátíðar barna, „Afmæli" í Duushúsum | Kl. 10:30 |
| „Listaverk í leiðinni" á Icelandair hótelinu, Hafnargötu 57, og víða um bæinn | |

**Föstudagur 9. maí**

| | |
|---|---|
| Hæfileikahátíð grunnskólanna í Stapa | Kl. 10:00-12:00 |
| Listahátíð barna, „Afmæli" í Duushúsum og listasmiðja í Bíósal | Kl. 12:00-17:00 |
| „Listaverk í leiðinni" á Icelandair hótelinu Hafnargötu 57 og víða um bæinn | |
| 3. LE, Njarðvíkurskóla flytur „Bland í poka" á Nesvöllum | Kl. 12:00 |

**Laugardagur 10. maí**

| | |
|---|---|
| „Listaverk í leiðinni" á Icelandair hótelinu Hafnargötu 57 og víða um bæinn | |
| Sirkussmiðja með Sirkus Íslands í íþróttamiðstöð Akurskóla | Kl. 10:00-12:00 |
| Origamismiðja. Búðu til skreytingar á afmælisveisluborð barna, Bókasafni Reykjanesbæjar | Kl. 11:00-13:00 |
| Krakkaskákmót í félagsheimili Keflavíkur á Sunnubraut, skráning á hlynurj12@gmail.com | Kl. 11:00-14:00 |
| Víkingaheimar, sýningar, tónlist, dans, alvöru víkingar o.fl. | Kl. 12:00-17:00 |
| Landnámsdýragarðurinn opnar, grillaðar pylsur, lifandi tónlist | Kl. 12:00 |
| Leikfangamarkaður barnanna, andlitsmálun og fleira skemmtilegt í tjaldi við Víkingaheima, skraning á leikfangamarkadur@gmail.com | Kl. 12:00-16:00 |
| Listahátíð barna, „Afmæli" í Duushúsum og listasmiðja í Bíósal | Kl. 13:00-17:00 |
| Búðu til víkingaföt á bangsann þinn í Víkingaheimum | Kl. 13:00-16:00 |
| Grillaðu sykurpúða með skátunum við Víkingaheima | Kl. 13:00-15:00 |
| Hestateyming í Landnámsdýragarðinum | Kl. 13:00-15:00 |
| Frítt í Sambíó, Sammy 2 og Öskubuska í villta vestrinu | Kl. 13:30 |
| Sirkussýning frá Sirkus Íslands í Víkingaheimum | Kl. 14:00 |
| Búningaball í 88 húsinu. Mættu í búning. Dans og Ávaxtakarfan kemur í heimsókn | Kl. 16:00-18:00 |
| Víkingar kenna börnum bardagalistir við Víkingaheima | Kl. 15:00 |
| Slökkviliðssýningin í Ramma opin e.h., óvænt uppákoma fyrir utan | Kl. 15:30 |
| Innileikjagarðurinn á Ásbrú opinn | Kl. 14:30-16:30 |
| Ungmennagarðurinn opinn, Hafnargötu 88 | Kl. 11:00-18:00 |

**Sunnudagur 11. maí**

| | |
|---|---|
| Göngum saman, gengið verður frá íþróttahúsinu við Sunnubraut | Kl. 11:00 |
| Ungmennagarðurinn opinn, Hafnargötu 88 | Kl. 11:00-16:00 |
| Velkomin í Víkingaheima, 5 sýningar og landnámsdýragarður | Kl. 12:00-17:00 |
| Opin listasmiðja hjá Sossu, Mánagötu 1 | Kl. 13:00-15:00 |
| Skessan býður upp á lummur í Skessuhelli. Fjóla tröllastelpa gefur blöðrur | Kl. 13:00-15:00 |
| Galdrakalla og nornasmiðja í Svarta pakkhúsinu | Kl. 13:00-16:00 |
| Komdu og lærðu afmælisleiki í Bíósal Duushúsa | Kl. 13:00-16:00 |
| Listahátíð barna í Duushúsum, „Afmæli" og listasmiðja í Bíósal | Kl. 13:00-17:00 |
| Tívolítæki á Keflavíkurtúni | Kl. 13:00-17:00 |
| Kraftakeppni 12 ára og yngri á Bakkalág, skráning á staðnum | Kl. 14:00-15:00 |
| Karamelluregn við Duushús | Kl. 15:00 |
| Gói skemmtir börnunum í Bíósal Duushúsa | Kl. 16:00 |

Og margt, margt fleira. Sjá heildardagskrá og nánar á *barnahatid.is*

**Allir velkomnir**

M74 Studio – 2014

Allir velkomnir. Sjá heildardagskrá og nánari lýsingar á *barnahatid.is*

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs




# ÞÚ ÁTT VALIÐ!

Í Keili býðst þér að gerast tæknifræðingur, flugmaður, ævintýraleiðsögumaður eða einkaþjálfari, svo örfá dæmi séu tekin, auk Háskólabrúar sem býður aðfararnám til háskólanáms. Keilir býður vandað og fjölbreytt nám en áhersla er lögð á nútímalega kennsluhætti og persónulega þjónustu.

Tæknifræði Keilis heyrir undir verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Háskólabrú Keilis er tekin gild í öllum háskólum á Íslandi.

**Umsóknarfrestur í tæknifræði er til 5. júní.**
**Umsóknarfrestur í Háskólabrú, Flugakademíuna og Íþróttaakademíuna er til 10. júní.**
**Umsóknarfrestur í flugvirkjun er til 15. júní.**

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net

Mikil ládeyða var á gjaldeyrismarkaðnum í aprílmánuði í ár:

# Aðeins tvenn viðskipti á dag

Fara þarf aftur til apríl á árinu 2012 til að sjá veltu undir 40 milljónum evra en heildarvelta í apríl nú í ár var aðeins 36 milljónir evra, sem jafngilda 5,6 milljörðum króna.

Í samanburði var heildarveltan í mars 110 milljónir evra eða 17,2 milljarðar króna í mars og 145 milljónir evra eða 22,6 milljarðar króna í febrúar. Hagfræðideild Landsbankans greinir frá þessu í Hagsjá.

Krónan stóð næstum óbreytt í aprílmánuði, evran kostaði 155,7 krónur í lok apríl samanborið við 155,3 í lok mars. Gengið hélt sér á nokkuð þröngu bili í mánuðinum.

Af sautján viðskiptadögum voru níu þar sem minnst ein viðskipti áttu sér stað en átta þar sem engin viðskipti fóru fram. Að meðaltali áttu tvenn viðskipti sér stað á dag, en ein viðskipti á millibankamarkaði eru að jafnaði ein milljón evra.

Seðlabankinn keypti einungis þrjár milljónir evra eða 0,4 milljarða króna í mánuðinum. Ekkert gjaldeyrisútboð var í apríl en næsta útboð er fyrirhugað miðvikudaginn 14. maí næstkomandi. - fbj



**LÁDEYÐA** Á átta viðskiptadögum í apríl áttu engin gjaldeyrisviðskipti sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GERA KRÖFUR** Skúli Mogensen, forstjóri Wow air, segir ljóst að það henti ekki öllum að vinna undir álagi til lengdar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hröð starfsmannavelta hjá Wow air

Fimm lykilstjórnendur hafa hætt störfum hjá flugfélaginu Wow air á rúmlega ári. Viðmælendur Fréttablaðsins segja fáa eftir af þeim sem upprunalega stóðu að félaginu. Forstjórinn segist gera miklar kröfur. Núna starfa 175 hjá fyrirtækinu.

Mikið hefur verið um uppsagnir hjá lykilstarfsmönnum Wow air að undanförnu.

Í fyrradag lét af störfum framkvæmdastjóri fjármálasviðs fyrirtækisins, Linda Jóhannsdóttir, en hún hafði starfað hjá Wow air síðan á árinu 2012. Þá hætti Inga Birna Ragnarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri flugfélagsins, í mars síðastliðnum.

Í febrúar hætti þáverandi markaðsstjóri, Ágústa Hrund Steinarsdóttir, og Guðrún Einarsdóttir, fyrrverandi starfsmannastjóri, lét af störfum í desember í fyrra eftir að hafa starfað hjá fyrirtækinu í um átta mánuði.

Þá sagði Guðmundur Arnar Guðmundsson, fyrrverandi forstöðumaður markaðssviðs Wow air, upp störfum í apríl 2013 en hann hóf störf hjá Wow air í janúar 2012.

Fyrir utan framangreinda einstaklinga hafa fleiri látið af störfum á þeim rúmu tveimur árum sem flugfélagið hefur verið starfandi og því ljóst að starfsmannavelta félagsins er nokkuð hröð.

Fréttablaðið ræddi við tvo fyrrverandi stjórnendur sem sögðu ljóst að um stjórnendavanda væri eða hefði verið að ræða. Það gæti verið mjög erfitt að vinna í þessu umhverfi og það vekti athygli að lítið sé eftir af upprunalega liðinu.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi Wow air, segir meirihluta þeirra sem voru með félaginu við stofnun þess enn við störf.

„Við vorum sjö eða átta til að byrja með í byrjun ársins 2012. Þar af eru fjórir eða meirihlutinn enn þá að vinna hjá fyrirtækinu. Hér er mjög gott andrúmsloft og bjart fram undan hjá Wow air," segir Svanhvít.

Skúli Mogensen, forstjóri fyrirtækisins, tekur í sama streng og Svanhvít.

„Við erum orðin 175 starfsmenn núna og veltum tíu milljörðum í fyrra á fyrsta heila starfsárinu okkar. Við gerum miklar kröfur og ætlum okkur enn stærri hluti í framtíðinni. Það er alveg ljóst að það hentar ekki öllum að vinna undir slíku álagi til lengdar og það er líka mjög eðlilegt að skipta um mannskap. Það þarf mismunandi hæfileika til að fara úr núll í tíu milljarða og svo úr tíu í 30 milljarða," sagði Skúli í samtali við Fréttablaðið.

Tilkynnt var um ráðningu Arnars Más Arnþórssonar, nýs framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs fyrirtækisins, í gær og Skúli segir stöðu fjármálastjóra verða auglýsta á næstu dögum.

fanney@frettabladid.is

Íslandsbanki gefur út skuldabréf í evrum að upphæð 100 milljónir evra:

# Fyrsta erlenda útgáfan í evrum

Íslandsbanki hefur gefið út skuldabréf að upphæð 100 milljónir evra sem jafngildir um 15,6 milljörðum króna. Bréfin eru fyrsta erlenda útgáfa bankans í evrum.

Skuldabréfið er til tveggja ára og ber 3 prósenta fasta vexti. Stefnt er að skráningu skuldabréfanna í Kauphöllina á Írlandi þann 16. maí næstkomandi.

„Skuldabréfaútgáfa í evrum markar tímamót fyrir okkur. Þessi útgáfa að upphæð 100 milljónum evra kemur í kjölfar birtingar á lánshæfismati frá Standard & Poor's, sem gaf Íslandsbanka BB+/B, sem er góð lánshæfiseinkunn miðað við einkunn ríkisins. Þá lauk Íslandsbanki skuldabréfaútgáfu í sænskum krónum í lok síðasta árs sem var svo stækkuð í mars síðastliðnum," segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, í tilkynningu.



**BIRNA EINARSDÓTTIR**

Útgáfan er gefin út undir Global Medium Terms Notes-útgáfuramma bankans sem gefur honum færi á að gefa út skuldabréf í mismunandi myntum á föstum og fljótandi vöxtum.

„Það er ánægjulegt að sjá að kjörin fara batnandi sem endurspeglar traust fjárfesta til Íslandsbanka og á því uppbyggingarstarfi sem hefur skilað okkur öflugum og ábyrgum banka. Kjarnastarfsemin er að skila stöðugum og jöfnum tekjum, endurskipulagningu er nánast lokið og eiginfjár- og lausafjárstaða bankans er góð," segir Birna. - fbj

# BORÐSTOFUDAGAR

## 20% AFSLÁTTUR AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME



Stóll
áður 17.990,-
**nú 14.392,-**



Borðstofuborð
áður 99.990,-
**nú 79.920,-**



Borðstofuborð
áður 99.990,- **nú 79.920,-**



Stóll
áður 17.990,-
**nú 14.392,-**

ANTON&BERGUR



Herkules
borðstofuborð
áður 175.900,-
**nú 140.720,-**



Xenia borðstofuborð
áður 169.990,- **nú 135.920,-**



Bekkur
áður 29.990- **nú 23.920,-**







Hengirúm 99.900,-



Stell frá 590,-





the PIER

Hvar er trúverðuga efnahagsstefnan?

# Þjóð í greiðslustöðvun

Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands, skrifaði merkilega grein í síðasta tölublað Vísbendingar, sem sagt var frá í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, í gær.

Þorkell segir meðal annars að krónan sé ótrúverðugur gjaldmiðill sem sé of hátt skráður og haldið uppi með höftum. „Íslenska krónan getur ekki orðið framtíðargjaldmiðill og því þurfa stjórnvöld að leggja fram trúverðuga efnahagsstefnu hvernig og hvenær hætta megi notkun minnsta gjaldmiðils í heimi,“ skrifar Þorkell.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Hann segir enga framtíðarsýn hjá stjórnvöldum í efnahagsmálum sem geti aukið traust á krónunni. „Gjaldeyrishöft þjóðar eru svipuð staða og fyrirtækis sem er í greiðslustöðvun. Allir bíða eftir aðgerðum og framtíðarstefnu. Þjóðin er í raun í greiðslustöðvun hvað varðar samskipti við útlönd. Íbúum líður fyrst í stað vel, en þegar fólk áttar sig á því að greiðslugeta sé takmörkuð, hvort sem er í fyrirtæki eða þjóðfélagi, eykst óróleiki og vantrú á yfirstjórn, ef ekkert er að gert. Þannig líður sífellt fleirum í dag.“

Þorkell talar eflaust fyrir munn margra í viðskiptalífinu, sem botna ekkert í því á hvaða vegferð ríkisstjórnin er við stjórn efnahagsmálanna. Æ fleiri komast að þeirri niðurstöðu að krónan sé ónothæft fyrirbæri. Gjaldeyrishöftin eru mörgum fyrirtækjum gríðarlega óþægur ljár í þúfu.

Í Markaðnum í gær var líka grein eftir Brynhildi S. Björnsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Hagsýn, sem lýsti erfiðleikunum við framkvæmd gjaldeyrishaftanna, ekki sízt fyrir lítil sprotafyrirtæki. Hún tók meðal annars dæmið af Skema, fyrirtæki sem vakið hefur mikla athygli og þurfti að stofna dótturfélag í Bandaríkjunum. Til þess þurfti að millifæra 75 dollara og sextíu sent inn á reikning í Bandaríkjunum. Ferlið tók Skema átta mánuði og lögfræðikostnaðurinn var milljón.

Enda segir Þorkell Sigurlaugsson að þrátt fyrir að nýsköpun sé alltaf lausnarorðið, nái ekki margir sprotar að komast á öflugt vaxtarstig. Mörg litlu sprotafyrirtækjanna geti ákveðið að færa sig og vaxa og blómstra erlendis, en ekki í þeim jarðvegi sem býðst á Íslandi.

Þessi fyrirtæki fá engin svör um það hvort eða hvenær gjaldeyrishöftum verði aflétt, hvað þá um hvort þau megi gera ráð fyrir að Ísland taki upp nothæfan gjaldmiðil. „Hér þarf öfluga stefnu til vaxtar og stuðnings við þessa starfsemi. Það verður erfitt með þjóð í greiðslustöðvun,“ segir Þorkell.

Hann kallar eftir því að ríkisstjórnin noti sumarið til að móta öfluga og trúverðuga efnahagsstefnu. „Ef það gerist ekki verða aðrir að taka við keflinu,“ skrifar formaður Framtakssjóðsins.

Margir aðrir í atvinnulífinu eru steinhissa á að ríkisstjórnin hafi lagt jafnmikið á sig við að útiloka eina raunhæfa kostinn á upptöku nýs gjaldmiðils og raunverulegs afnáms gjaldeyrishaftanna á næstu árum, með því að leggja til að aðildarviðræðunum við Evrópusambandið verði slitið. Eða mun stjórnin vinna jafnötullega að því að í sumar komi fram önnur og trúverðugri framtíðaráætlun? Það virðist ákveðin bjartsýni að gera ráð fyrir því.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

Þarfnastu **meiri orku** til daglegra starfa?



**Orkulausnir**
henta þeim sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda. Hentar vel þeim sem vilja byggja upp orku vegna vefjagigtar eða eftir veikindi.

- **Hefst 13. maí - 6 vikur**
- **Þjálfun 2x í viku**
- **Einstaklingsviðtal við hjúkrunarfræðing**
- **Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari**



HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Brennivínsdeildin

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, er allt annað en ánægður með frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um gjaldskrárlækkanir og fleira, þá sér í lagi lækkun á áfengis- og tóbaksgjöldum. Ögmundur ræddi málið á þriðjudagskvöld á Alþingi þar sem hann velti því fyrir sér hvort málið verðskuldaði þá umræðu sem það hefði fengið á þinginu, sér í lagi ef áhrif þess væru mæld í krónum og aurum, sem væru takmörkuð. Hann velti því einnig upp hvers vegna ríkisstjórnin veldi þessa vöru til að lækka gjöldin á og gaf sér að það væri vegna þess að brennivínsdeild Sjálfstæðisflokksins hefði sent alþingismönnum sennilega upp undir þúsund pósta til að hvetja til lækkunar á áfengi.



### Eurovision-fordómar

Borgarstjórn Reykjavíkur deildi hart um áhorf á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á kvöldfundi í Ráðhúsinu á þriðjudag. Jón Gnarr borgarstjóri vildi að hlé yrði gert á fundinum til að horfa á Pollapönk stíga á svið en Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna, vildi ekki slíta fundi. Jón sagði að um vináttuleysi gagnvart Óttari Proppé, Pollapönkara, þingmanni og fyrrverandi borgarfulltrúa, væri að ræða. Júlíus sagði hins vegar borgarbúa virta að vettugi og setta í annað sæti á eftir söngvakeppninni.



### Önnur stemning

Þingmenn voru hins vegar í öllu vinalegri stemningu á kvöldfundinum í þinghúsinu. Þar tók Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis og sjálfstæðismaður, söngvakeppnimálið sérstaklega upp í forsetastóli og óskaði Óttari Proppé, kollega sínum, til hamingju með árangurinn fyrir hönd þingsins.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Góðar fréttir af fjármálum

FJÁRMÁL



**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóraefni Samfylkingarinnar

Það er ekki alltaf sem hlutir eins og ársreikningar vekja bros eða tilfinningar, eins og stolt. En nú er ég bæði ánægður og stoltur. Uppskera erfiðis síðustu ára birtist skýrt í ársuppgjöri borgarinnar fyrir árið 2013, svokölluðum ársreikningi.

Afgangur af heildarrekstrinum er jákvæður um 8,4 milljarða króna. Allir hlutar rekstrarins skila jákvæðri niðurstöðu og öll helstu fyrirtæki í eigu borgarinnar. Allar áætlanir standast – og raunar vel það. Það er til marks um trausta fjármálastjórn í öllum einingum. Það segir einnig mikla sögu að aldrei hafa skuldir verið lækkaðar jafn mikið á einu ári í sögu borgarinnar eða um 35 milljarða króna.

Einn mikilvægasti þátturinn í þessari góðu niðurstöðu er björgunaráætlunin í fjármálum Orkuveitunnar, sem kölluð hefur verið Planið. Hún hefur gengið eftir. Það skiptir miklu máli því Orkuveitan þarf að standa undir gríðarstórum afborgunum af lánum. Starfsfólk og stjórnendur eiga heiður skilinn fyrir góðan árangur í erfiðu verkefni.

Samanburður á gjaldskrám og sköttum sýnir að það er hagstæðast fyrir fjölskyldur að búa í Reykjavík. Hér er lægst hlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði og lægstar gjaldskrár í leik- og grunnskólum. Það er mjög mikilvægt.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur á undanförnum dögum lagt áherslu á skuldir borgarsjóðs sem hafi hækkað um 16 milljarða á síðustu þremur árum. Þá líta þeir fram hjá heildarmyndinni og Orkuveitunni. Mikilvægi Orkuveitunnar í heildinni sést þó einmitt vel á því að 12 af þessum 16 milljörðum sem borgarsjóður tók að láni fór í neyðarlán borgarsjóðs til Orkuveitunnar. Þegar heildin er skoðuð hafa skuldir lækkað á hverju ári í tíð núverandi meirihluta.

Borgin hefur engu að síður haldið uppi framkvæmdastigi með fjárfestingum frá 2010 og aukið atvinnu með margvíslegum leiðum. Þetta hefur unnið gegn hækkun útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar, skapað vöxt í atvinnulífinu og tekjur fyrir borgarsjóð, þótt þetta stórátak hafi líka kostað.

Staðan sem birtist í ársreikningum borgarinnar er uppskera borgarstjórnarmeirihluta sem tók við Orkuveitu Reykjavíkur á hliðinni. Þar var 50 milljarða gat í rekstrinum. Hjá borgarsjóði var 5 milljarða gat staðreynd. Nú eru fjármálin í lagi, gjaldskrár og álögur eru lágar og skuldir lækka. Það er mikilvægt að borginni verði áfram stjórnað af sömu yfirvegun, ábyrgð og festu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lýst er eftir stefnu

HEILBRIGÐISMÁL



**Guðbjörg Sveinsdóttir**
geðhjúkrunarfræðingur

Miklar umræður hafa orðið í fjölmiðlum að undanförnu um málefni geðsjúkra sem kljást að auki við fíknivanda. Koma þessar umræður í kjölfar bruna á heimili konu með þennan erfiða vanda og viðtöl við aðstandendur hennar og fleiri, m.a. framkvæmdastjóra Geðhjálpar.

Við, starfsmenn geðsviðs, getum ekki rætt þetta einstaka mál opinberlega. En ofarlega á baugi í umræðunum er hvernig kerfið hafi brugðist, hve mikið hafi verið skorið niður á geðdeildum og hve mikill skortur er á úrræðum í kjölfar þessa niðurskurðar á leguplássum. Mér finnst þessar umræður aðeins á villigötum og sýna hversu skammt við erum komin í að breyta viðhorfum okkar til geðheilbrigðisþjónustu til samræmis við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og hve átakanlega okkur skortir stefnu í málaflokknum.

Síðastliðin ár hefur orðið mikil breyting í þessum málaflokki í Evrópu og víðar. Þar er víðast hvar lögð áhersla á samþætta geðheilsu- og félagsþjónustu í nærsamfélaginu meðan leguplássum á geðspítölum er fækkað. Þróunin er hægari hér en aðeins þrjú ár eru síðan síðustu langlegugeðdeildinni var lokað á geðsviði Landspítalans og nú á þó enginn lengur heima á geðdeildum hér. Erlendis hafa svokallaðar geðheilsumiðstöðvar verið stofnaðar í bæjarhlutum stórborga og úti á landi. Þar hefur fólk getað leitað geðþjónustu eftir því sem þörf er á. Þar eru oftast nokkur bráðapláss ef innlagnar er þörf í styttri tíma, dagdeildir og þverfagleg og fjölbreytt hreyfanleg teymi sem sinna fólki á heimavelli. Þrátt fyrir þessar breytingar hefur verið sýnt fram á að sé enn þörf á bráðageðdeildum á spítölum og að blanda af þessu tvennu sé það sem nýtist fólki best.

### Þverfagleg geðteymi

Það sýnir líka hversu stutt við erum komin á veg hér í umræðunni að í fjölmiðlaumfjölluninni um fyrrnefndan atburð voru ekki nefnd þau þverfaglegu geðteymi sem þó starfa á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. geðteymi heimaþjónustu Reykjavíkurborgar sem hefur verið starfandi síðan 2005, nýtilkomin geðheilsumiðstöð Breiðholts og samfélagsgeðteymi geðsviðs Landspítala, sem tók til starfa 2010 og er þverfaglegt geðteymi sem sinnir fólki með alvarlegar geðraskanir og aðstandendum þeirra. Það teymi var stofnað í kjölfar markvissra breytinga á geðsviði þrátt fyrir niðurskurð og fjármálakreppu.

Eins má nefna teymi á vegum heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem kallast Geðheilsa – eftirfylgd, að ógleymdum úrræðum frjálsra félagasamtaka sem reka fjölþætta dagþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni. Þessi úrræði og fleiri starfa eftir hugmyndafræði valdeflingar og bata (e. recovery), sem hefur rutt sér rúms í geðmeðferð undanfarin ár með áherslu á réttindi, val og ábyrgð fólks á lífi sínu sem fullgildir þjóðfélagsþegnar. Það veitist mörgum erfitt að þurfa að reiða sig á stuðning annarra og ekki eru allir í stakk búnir að taka á móti aðstoð, en þá reynir sérstaklega á lausn siðferðilegra vandamála, svo sem hvenær eigi að grípa inn í líf fólks og svipta það frelsi.

Betur má ef duga skal og það er þörf á að efla þennan málaflokk. Það er ekki nóg að breyta geðdeildum og stuðningi þaðan, velferðarþjónusta sveitarfélaga verður að koma að málum á breiðum grundvelli. Dæmi eru erlendis um alvarleg atvik af þeim toga sem hér hefur verið til umræðu vegna skorts á úrræðum í samfélaginu.

**→ Erlendis hafa svokallaðar geðheilsumiðstöðvar verið stofnaðar í bæjarhlutum stórborga og úti á landi. Þar hefur fólk getað leitað geðþjónustu eftir því sem þörf er á.**

En þetta er ekki bara mál geðsjúkrahússins, ég efast um að fólk vilji að hér verði fólk lokað inni á geðdeildum eins og tíðkaðist fyrir áratugum, gleymt og ósýnilegt. Við eigum að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau setji stefnu í málaflokknum. Það er fyrsta skref. En svo þarf að setja í það nægilegt fjármagn til að uppbygging verði markviss, með aðkomu notenda og fagfólks og byggð á mannréttindum og fjölbreytni sem hæfir þörfum samfélagsins.

# Borg launajafnréttis

JAFNRÉTTI



**Magnús Már Guðmundsson**
frambjóðandi Samfylkingarinnar til borgarstjórnar

Árið er 2014 og hér á landi ríkir ekki raunverulegt jafnrétti. Kynbundið ofbeldi er enn útbreitt. Konur eru enn í minnihluta í stjórnum fyrirtækja og stofnana. Þá er óútskýrður launamunur kynjanna enn til staðar, sem gerir það að verkum að íslenskar konur eru á starfsævi sinni hlunnfarnar um margar milljónir króna. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og á hún að beita sér af fullum þunga fyrir því að uppræta það mein sem kynbundinn launamunur er á íslensku samfélagi.

### Hann fær hærri laun

Dóttir mín er þriggja ára og vel má hugsa sér að hún verði samferða skólabróður sínum af leikskólanum gegnum lífið og upplifi sams konar hluti – þar sem þau verða sjö ár í Fossvogsskóla, eigi sömu vinina, æfi hand- og fótbolta með Víkingi, verði þrjú ár í Réttarholtsskóla, fari í sama menntaskólann og ljúki sama háskólanámi.

Það er grátlegt að hugsa til þess að þrátt fyrir sama bakgrunn, reynslu og menntun eru raunverulegar líkur til þess að hann muni fá hærri laun en hún fyrir sambærilegt starf. Ef ekkert breytist mun uppsafnaður launamismunur að starfsævi þeirra lokinni nema skuggalega háum upphæðum. Þessu verður að breyta.

### Borgin sýni gott fordæmi

Reykjavíkurlistinn beitti sér gegn kynbundnum launamun hjá borginni og dró þá verulega saman með kynjunum, en þrátt fyrir það er launamunurinn enn til staðar líkt og kannanir sýna. Meirihluti Samfylkingar og Besta flokks tók alvarlega niðurstöðum sem sýndu að konur sem starfa hjá borginni fá lægri laun en karlar. Í framhaldinu var fyrir hálfu ári sett upp metnaðarfull áætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun sem fylgja verður eftir. Innleiða þarf svokallaðan jafnlaunastaðal sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að koma á og viðhalda launajafnrétti. Höfuðborgin á að ganga fram með góðu fordæmi og mun Samfylkingin beita sér fyrir því á komandi kjörtímabili.



# AFMÆLISRÁÐSTEFNA
## KRABBAMEINSSKRÁRINNAR OG LEITARSTÖÐVAR KRABBAMEINSFÉLAGSINS

Háskólanum í Reykjavík, stofu M208,
föstudaginn 9. maí kl. 15:00-17:50

15:00 **Ávarp**
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra

15:10 **Leghálskrabbameinsleit á Íslandi**
Kristján Oddsson yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins

15:20 **Krabbameinsskráin og rannsóknir á faraldsfræði krabbameina á Íslandi**
Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskrárinnar

15:40 **Skráning klínískra upplýsinga hjá Krabbameinsskránni**
Jón Gunnlaugur Jónasson yfirlæknir Krabbameinsskrárinnar

16:00 Kaffihlé

16:20 **Future prospects of cervical cancer screening**
Stefan Lönnberg yfirmaður leghálskrabbameinsleitar hjá Krabbameinsskrá Noregs

16:50 **Benefits and harms of mammography screening**
Mireille Broeders, Radboud háskóla, Miðstöð í læknavísindum, Nijmegen, Hollandi

17:20 **Umræður**

17:40 **Ráðstefnulok**
Jakob Jóhannsson formaður Krabbameinsfélags Íslands

Fundarstjóri: Ragnheiður Haraldsdóttir
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis

Krabbameinsfélagið





# Reykjavíkurflugvöllur, er sáttin að færa hann?

SKIPULAG




**Bjarni Gunnarsson**
verkfræðingur


Haustið 2012 skrifaði undirritaður tvær greinar um samgöngumál og birtust þær í Verktækni, blaði verk- og tæknifræðinga.

Nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga og vegna breyttra forsendna leyfi ég mér að rifja upp tillögur mínar varðandi þessi tvö stóru samgöngumál og er hér fyrri grein mín um Reykjavíkurflugvöll.

Framtíð hans hefur verið í umræðunni síðan ég man eftir mér og erum við þá að ræða um rúmlega hálfa öld. Staða flugvallarins núna er sú að nefnd hefur verið skipuð undir forsæti Rögnu Árnadóttur til að finna lausnir varðandi framtíð flugvallarins. Sú nefnd skoðar væntanlega gamlar og nýjar tillögur og leitar að nýjum tillögum og er ég hér að vonast til að mín tillaga verði skoðuð líka.

**Valkostur A4**

Tillaga mín um Reykjavíkurflugvöll gengur út á að þar verði tvær flugbrautir til frambúðar og engu að síður flytjist flugvöllurinn að mestu leyti úr Vatnsmýrinni. Til grundvallar tillögu minni er skýrslan „Reykjavíkurflugvöllur – Úttekt á framtíðarstaðsetningu, apríl 2007“ unnin af Samráðsnefnd samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Þar er fjallað um valkosti A1, A2 og A3, en ég legg til valkost A4, sem er blanda af valkosti A1 (þar er núverandi norðvestur-suðausturbraut framlengd út í sjó um rúmlega hálfan km) og valkosti A3 (þar er byggð ný norður-suðurbraut) og er valkostur A4 sýndur á meðfylgjandi mynd.

Hér vil ég telja upp helstu kosti þessarar tillögu, áfanga í byggingu og gróft áætlaðan kostnað sem byggir á uppfærðum kostnaði úr áðurnefndri skýrslu:

*1. Reykjavíkurflugvöllur verður áfram aðalinnanlandsflugvöllur landsmanna.*
*2. Reykjavíkurflugvöllur getur áfram verið varaflugvöllur fyrir millilandaflug.*
*3. Stór hluti Vatnsmýrar verður byggingarhæft land (gróft áætlað um tveir þriðjuhlutar svæðisins).*
*4. Núverandi mannvirki nýtast eins og best verður á kosið og samgöngumiðstöð fær góðan stað.*
*5. Tillögu A4 er auðvelt að byggja í tveimur aðaláföngum án þess að trufla innanlandsflugið að ráði.*

**Áfangar og kostnaður**

Áfangarnir tveir eru eftirfarandi og er kostnaður þeirra áætlaður út frá áðurnefndri skýrslu:

***1. áfangi:*** Bygging nýrrar norður-suðurflugbrautar. Áætlaður kostnaður er um 4 milljarðar kr. við landgerð og fyllingar og um 1 milljarður kr. við flugbrautir og flughlöð, samtals um 5 milljarðar kr. Framkvæmdatíminn gæti verið árin 2018 til 2020 til að mæta ósk Reykjavíkurborgar um að loka norður-suðurflugbrautinni fyrr en seinna.

***2. áfangi:*** Lenging núverandi norðvestur-suðausturbrautar um rúman hálfan km til norðvesturs. Áætlaður kostnaður er um 3 milljarðar kr. við landgerð, um 0,5 milljarðar kr. við flugbrautir og um 1 milljarður kr. við vegstokka undir flugbrautir, samtals um 4,5 milljarðar kr. Framkvæmdatíminn gæti verið á árunum 2025 til 2030 til að mæta ósk Reykjavíkurborgar um að fá sem mest landrými í Vatnsmýrinni við lok gildistíma Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.

**➜ Það er talað um nauðsyn þess að ná sátt í málum. Það er engin sátt um að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram óbreyttur og það er engin sátt um að loka honum.**

Til viðbótar ofangreindum kostnaði kemur allur kostnaður við nýja samgöngumiðstöð, nýja aðstöðu Flugfélags Íslands, endurnýjun á búnaði sem hefur verið illa viðhaldið undanfarið o.fl. og má segja að slíkur kostnaður komi til óháð því hvar aðalinnanlandsflugvöllur Íslands verður í framtíðinni. Þessi kostnaður er auk þess líklega í lágmarki í tillögu A4.

**Uppgröftur úr húsgrunnum**

Ef ákvörðun verður tekin fljótlega um að fara þessa leið, má í framhaldinu byrja að fylla upp svæðið undir nýja norður-suðurflugbraut og er slík framkvæmd miklu ódýrari en ella, ef þarna er tímanlega opnaður tippur fyrir burðarhæft efni úr húsgrunnum (nýr Landspítali, hótel og þétting byggðar). Fyllingarsvæðið undir flugbrautirnar er brot af þeirri stækkun á hafnarsvæðum Reykjavíkur sem Reykjavíkurhöfn/Faxaflóahafnir hafa staðið fyrir undanfarin ár og þar hefur þessari aðferð verið beitt – að undirbúa verkið tímanlega og fá þannig ódýrt fyllingarefni á svæðið.

**Sáttin**

Það er talað um nauðsyn þess að ná sátt í málum. Það er engin sátt um að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram óbreyttur og það er engin sátt um að loka honum. Tillögu A4 tel ég að megi kalla sáttatillögu.

Ég læt þetta gott heita um Reykjavíkurflugvöll. Seinni grein mín verður um Sundabraut og birtist hún vonandi fljótlega í Fréttablaðinu.

Tengillinn á grein mína í Verktækni haustið 2012 er: http://www.vfi.is/utgafa/verktaekni/ og var greinin birt í tölublaði 4 það ár.




PIPAR\TBWA • SÍA • 141344

Taktu þátt í skemmtilegum afmælisleik á Facebook og þú gætir unnið **FERÐAGASGRILL** fyrir sumarið og tösku utan um það með!



**VILTU VINNA GLÆSILEGT GASGRILL?**
Skráðu þig á póstlistann á heimasíðu okkar og þú gætir dottið í lukkupottinn!



# 1 ÁRS

Glæsileg afmælistilboð
8.-10. maí

# VIÐ ERUM Í AFMÆLISSKAPI
## fimmtudag til laugardags!



Tilboð **2.000 kr.** ~~3.900~~

**THIRST POCKETS ELDHÚSRÚLLUR**
20 rúllur í pakkningu



Tilboð **1.500 kr.** ~~3.490~~

**NICKI SOFT TOUCH WC PAPPÍR**
40 rúllur í pakkningu



Tilboð **199 kr.** ~~219~~

**ABENA GRISJUR 10x10**
100 stk. í pakka



Tilboð **299 kr.** ~~360~~

**BAMBO BLAUTKLÚTAR**
80 stk. í pakka



Allar húðvörur **20%** afsláttur



**REKSTRARLAND**
– léttir þér lífið

✝

Ástkær faðir okkar,

**GESTUR GUNNARSSON**

lést að heimili sínu mánudaginn 28. apríl.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 9. maí kl. 15.00.



**Eyrún Gestsdóttir**
**Ragna Gestsdóttir**

✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANNES BALDVINSSON**
**(JÓI BALD)**
**Brekkugötu 38, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 5. maí.



**Hulda Ellertsdóttir**
**Jónína Freydís Jóhannesdóttir** **Ingvi Þór Björnsson**
**Anna Hafdís Jóhannesdóttir** **Óskar A. Óskarsson**
**Agnes Bryndís Jóhannesdóttir** **Reimar Helgason**
**Jórunn Eydís Jóhannesdóttir** **Páll Viðar Gíslason**
**Hanna Vigdís Jóhannesdóttir** **Barði Westin**
**afa- og langafabörn.**

✝

Þökkum samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**NJÁLS ÞORGEIRSSONAR**
**Fannborg 8, Kópavogi,**
**áður til heimilis að Laufásvegi 10, Stykkishólmi.**



**Guðríður Þórðardóttir**
**Þórður Viðar Njálsson** **Auður Stefnisdóttir**
**Jóhanna Sigríður Njálsdóttir** **Ellert Vigfússon**
**Þorgeir Ingi Njálsson** **Kristjana Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**LILJA FANNEY KETILSDÓTTIR**

andaðist á Sjúkraskýlinu í Bolungarvík, 1. maí sl. Hún verður jarðsungin frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 10. maí kl. 14.00.
Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnastarfið í Bolungarvík.



**Helga Sveinsdóttir** **Anton Ásgrímur Kristinsson**
**Jón Sveinsson** **Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Kristján Ingi Sveinsson** **Kathleen Cheong**
**ömmu- og langömmubörn.**

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍSABET JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**
**Hlíð, áður til heimilis að Klettaborg 2, Akureyri,**

lést sunnudaginn 4. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. maí kl. 13.30.



**Ásta Einarsdóttir** **Sigmar Sævaldsson**
**Sigurður Einarsson** **Sveinbjörg Sigurrós Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**




**ÞETTA GERÐIST:** 8. MAÍ 1933

# Gandhi fór í hungurverkfall í þrjár vikur

Indverski stjórnmálaleiðtoginn Mahatma Gandhi fór í nokkur hungurverkföll um ævina til þess að mótmæla yfirgangi Breta á Indlandi. Eitt hið frægasta þeirra hófst þennan dag árið 1933 og stóð í þrjár vikur. Gandhi fór fyrir sjálfstæðishreyfingu Indlands og friðsamlegri baráttu Indverja fyrir sjálfstæði frá Bretum, hreyfingu sem tugir milljóna Indverja tóku þátt í. Alla ævi hryllti hann við tilhugsuninni um ofbeldi og hryðjuverk. Heimspeki hans var friðsamleg og hafði áhrif á friðsamlegar fjöldahreyfingar innan lands sem utan. Staða verkafólks og ánauðugra var slæm á Indlandi, Bretar komu illa fram við heimamenn í krafti valds nýlenduherranna. Gandhi stakk upp á friðsamlegri óhlýðni og enn fremur krafðist hann þess að mótmælendur einbeittu sér að mótmælum gegn harðstjórninni vegna hins mannlega harmleiks og að þeir myndu ekki tala um sjálfstæði. Er Gandhi var tekinn höndum og ákærður fyrir að vera valdur að þeim óróa sem skapast hafði á Indlandi, mótmæltu hundruð þúsunda handtökunni og fangelsuninni fyrir framan fangelsið, dómhús og lögreglustöðvar og kröfðust þess að hann yrði látinn laus, sem dómurinn að endingu gerði tilneyddur. Eftir það skipulagði Gandhi mótmæli og verkföll til að vinna gegn misrétti því sem herraþjóðin beitti. Upp frá því var Gandhi jafnan ávarpaður Bapa (faðir) ellegar Mahatma (mikla sál).





**STUNDAR SAHAJA-JÓGA**
Daði Guðbjörnsson hefur verið áberandi í íslensku listalífi.

# Frumelement mannsins

## Listmálarinn Daði Guðbjörnsson verður sextugur í næstu viku en í tilefni þess heldur hann stóra sýningu í Gallerí Fold sem ber nafnið Landslag, sjólag og sólin.

„Þessi sýning er ákveðin framþróun hjá mér, ég hef verið að taka saman þessa mörgu anga sem eru á manni sem listamanni,“ segir listmálarinn Daði Guðbjörnsson. Hann verður sextugur í næstu viku og því verður opnuð sýning á nýjum málverkum listamannsins í Galleríi Fold laugardaginn 10. maí klukkan þrjú. „Ég hef verið að stunda það sem heitir sahaja-jóga sem hefur gert það að verkum að maður verður mun markvissari og fágaðri og meira í jafnvægi í því sem maður er að gera.“

Daði útskrifaðist úr Listaakademíunni í Amsterdam árið 1984 en áður hafði hann lokið námi frá Myndlistaskóla Reykjavíkur árið 1976 og verið áberandi í íslensku listalífi síðan hann hélt sína fyrstu sýningu árið 1980. „Ég er ekki að mála neinar týpískar nýaldarmyndir, ég er meira að vinna upp úr því sem ég var að gera áður,“ segir Daði. Sýninguna kallar hann Landslag, sjólag og sólin þar sem viðfangsefnið eru frumefni náttúrunnar, menn, sjórinn og sólin. „Þetta eru þessi mest áberandi frumelement í manninum,“ segir Daði. „Fjallið stendur fyrir grunninn í manninum, síðan er vatnið sem er eiginlega það sem ruglar mann svolítið í ríminu og kemur manni úr jafnvægi eins og hafið, það ólgar. Síðan er það sólin sem er drifkrafturinn, eins og í náttúrunni, eins konar eldsneyti í þetta allt saman.“

Daði bætir því við að vissulega séu fleiri element í manninum en honum finnist þessi áðurnefndu vera mest áberandi. „Allavega í sjálfum mér hingað til eru það þessi sem ég hef mest verið að glíma við,“ segir listamaðurinn. „Það er þannig í jógafræðunum að þessi element sem eru innra með okkur eru líka til í náttúrunni. Þegar maður er að fást við sjálfan sig þá er maður líka að fást við náttúruna, þess vegna gengur manni svona illa að temja sjálfan sig.“

> **Þegar maður er að fást við sjálfan sig þá er maður líka að fást við náttúruna, þess vegna gengur manni svona illa að temja sjálfan sig.**

Eins og áður hefur komið fram verður sýningin opnuð á laugardaginn í Galleríi Fold klukkan þrjú og verður boðið upp á afmælisköku af því tilefni. **- bþ**

## MERKISATBURÐIR

**1636** Eldgos varð í Heklu.

**1752** J.C. Pingel, amtmanni Íslands, vikið úr embætti vegna skulda.

**1835** Fyrstu ævintýri H.C. Andersen voru gefin út í Danmörku, þar á meðal Eldfærin og Prinsessan á bauninni.

**1945** Síðari heimsstyrjöldinni lauk í Evrópu með uppgjöf Þjóðverja.

**1970** Tólfta og síðasta breiðskífa Bítlanna, Let it be, kom út.

**1979** Félag frjálshyggjumanna var stofnað á Íslandi.

**1987** Á Norður-Írlandi sat breska sérsveitin fyrir Austur-Tyrone-herdeild IRA, átta mönnum, og tók þá af lífi.

**1996** Stjórnarskrá Suður-Afríku tók gildi. Stjórnarskráin þykir nokkuð nýstárleg því hún tryggir ríkisborgurum víðtæk réttindi og valddreifingu.



## GRÍSK TÓNAGLEÐI Í HÖRPU

**Grísk tónagleði tekur völdin í Hörpu annað kvöld kl. 20.00 í tilefni af Evrópudeginum. Caput-hópurinn verður með mögnuð verk eftir gríska tónskáldið Nikos Skalkottas og gríska hljómsveitin Pringipessa Orchestra leikur lög eftir þjóðlagaskáldið Vasílis Tsitsánis. Enginn aðgangseyrir.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



VATTJAKKAR - NÝ SENDING



Skoðið laxdal.is Yfirhafnir
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook



Ný sending frá
Pulz Jeans

Aladin buxur, gollur, kjólar.

Kjóll, verð 12.980

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




# LAUS VIÐ VERKI VEGNA GRINDARGLIÐNUNAR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Nutrilenk Gold hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Það hjálpar til við uppbyggingu brjósks og getur komið í veg fyrir frekari liðskemmdir.*

Nancy Georgsdóttir er 46 ára þriggja barna móðir. Hún hefur verið með stöðuga verki vegna grindargliðnunar um árabil.

„Þegar ég var tvítug eignaðist ég mitt fyrsta barn. Á svipuðum tíma var ég greind með vefjagigt og grindargliðnun sem versnaði með hverju barni. Síðasta barnið átti ég þegar ég var 32 ára en þá var ég búin að ganga á milli lækna og reyna ýmislegt til að bæta ástandið. Meðal annars fór ég í nálastungur, verkja- og sterasprautur og reyndi ýmis verkjalyf sem sum voru ávanabindandi og mér fannst sljóvga mig frekar en að draga úr verkjunum. Ég var því orðin bæði þreytt á stöðugum verkjum og endalausum verkjalyfjum.“






**GÓÐUR BATI**
Nancy segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Nutrilenk.

**BATI EFTIR AÐEINS SEX DAGA**

„Svo vel vildi til að maðurinn minn las grein um Nutrilenk Gold í tímariti og hvatti mig til þess að prófa. Ég hugsaði með mér að það gæti svo sem ekki skaðað og byrjaði á að taka tvær á morgnana. Ég hefði aldrei trúað því að batinn yrði svona mikill eftir aðeins sex daga. Ég var farin að geta klætt mig í sokka án þess að styðja mig, gat staðið upp úr rúminu án þess að þurfa að velta mér út úr því og ganga fyrstu skrefin á morgnana án þess að vagga og reyna að fá einhverja mýkt í mjaðmirnar. Mér fannst ég hafa öðlast frelsi því ég var laus við verkina. Nú orðið þori ég ekki fyrir mitt litla líf að sleppa því að taka Nutrilenk Gold. Þetta er ekki spurning um verð því það sem ég græði á þessu er miklu verðmætara en peningar.“

### HVAR FÆST

Útsölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.


GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

Mikið úrval af hægindastólum

Nýjar sendingar Nýtt útlit
Komdu og prófaðu!





Raf-lyfti-hvíldarstóll
með leðri á slitflötum
Frábært fyrir fólk sem á erfitt með að standa upp
Verð aðeins kr.
109.900
Litir: Dökkbrúnt og grátt

Nýjar sendingar Nýtt útlit
Komdu og prófaðu!

BOAS hægindasófi
með leðri á slitflötum
Verð aðeins kr.
189.900
Litir: Dökkbrúnt og grátt

12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

KORTER.IS

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# FYRIRSÆTURNAR HANNA FÖTIN

**TÍSKA** *Fleiri og fleiri tískuhús fá fyrirsæturnar til að hanna heilu línurnar. Slík samvinna vekur ávallt athygli enda eiga fyrirsætur sér jafnan stóran aðdáendahóp. Vörurnar rjúka út en fyrsta línan var afrakstur samstarfs Kate Moss og TopShop árið 2007.*

Fyrirsætur lifa og hrærast í heimi tískunnar og því kannski ekkert skrítið að tískuhúsin leiti til þeirra en æ fleiri merki fá fyrirsætur til að hanna með sér fatnað og fylgihluti. Slík samvinna tryggir merkjunum ekki einungis pottþétta „lookbook“ heldur fylgja fyrirsætunum einnig þúsundir eftir á samskiptamiðlum eins og Twitter og Instagram. Margar þeirra halda einnig úti sérstökum aðdáendasíðum þar sem nánast er hægt að fylgjast með hverju spori þeirra. Tískulína hönnuð af fyrirsætu vekur athygli.

Það má auðvitað spyrja sig hvort sá stíll sem hentar fyrirsætu og fer henni vel gerir það sama fyrir „venjulegt“ fólk. Þær eru ekki ofurfyrirsætur fyrir ekki neitt. Þrátt fyrir það virðist slík samvinna skila sér. Vörurnar rjúka út.

Þetta hófst allt með samstarfi Kate Moss og TopShop árið 2007 en fór rólega af stað. Tískumerkið RVCA vann árin 2009 og 2010, með fyrirsætunni Erin Wasson, fleiri en eina línu og hefur nýlega hafið samvinnu við Ashley Smith. Árið 2012 sendi fyrirsætan Agyness Deyn frá sér skólínu með Doc Marten´s og á eftir fylgdi bylgja af tískumerkjum í samstarfi við fyrirsætur.

Fyrirsætan Lily Aldridge hefur hannað fyrir tískumerkið Velvet by Graham and Spencer. Warby Parker mun kynna gleraugnalínu eftir Karlie Kloss, fyrirsætan Alessandra Ambrosio hannaði línu í samvinnu við Planet Blue og Behati Prinsloo hannar línu af gallafatnaði og bolum með THVM. Fyrirsætan Cara Delevingne hannaði línu af handtöskum í samvinnu við Mulberry og ljóstraði því nýlega upp á Instagram að meira væri á leiðinni.

*Heimild: Fashonista.com*



**SAMSTARF VIÐ WARBY PARKER** Fyrisætan Karlie Kloss vinnur að gleraugnalínu fyrir Warby Parker.



**AFSLAPPAÐUR STÍLL** Fyrirsætan Agyness Deyn þykir hafa afslappaðan stíl en hún vann með Doc Marten´s að skólínu árið 2012.



**HANNAR TÖSKUR** Fyrirsætan Cara Delevingne hannaði línu af handtöskum í samvinnu við Mulberry og ljóstraði því upp á Instagram að meira væri á leiðinni.



**HANNAR GALLAFATNAÐ** Fyrirsætan Behati Prinsloo hannar línu gallabuxna og stuttermabola með THVM.









# 20% afsláttur af öllum kjólum







# Frábært úrval, stærðir 36-52







**FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!**

Vertu vinur okkar á Facebook

**hjá Hafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is











# HENDA EÐA GEYMA?

**SNYRTIVÖRUR** *Sumar snyrtivörur skemmast tiltölulega fljótt en aðrar má geyma lengur en margan grunar. Mörgum veitist erfitt að henda hálffullum krukkum og hálfkláruðum snyrtivörum í ruslið þótt komið sé fram yfir síðasta söludag. Til þess að huga að heilsu húðar, hárs, vara og augna er þó gott að vera meðvitaður um aldur snyrtivaranna og hvenær kominn er tími á að endurnýja. Vefsíðan fashionmagazine.com birti lista yfir nokkrar algengar tegundir snyrtivara og tiltók hvort þeim skyldi henda eftir vissan tíma eða hvort hægt væri að nota þær eftir að síðasti söludagur hefur liðið.*



**GEYMA**
Naglalakk. Þótt naglalakk sé orðið þykkt og kekkjótt er hægt að bjarga því með því að bæta við naglalakksþynni (ekki eyði) og hrista duglega. Þá mæla margir með því að geyma naglalakk inni í ísskáp.



**HENDA**
Andlits-, raka- og hreinsikrem. Slík krem á ekki að nota lengur en sex mánuði. Þá þarf einnig að passa að nota engin krem með SPF-merkingu fram yfir síðasta söludag. Þessar vörur innihalda fitusýrur sem geta þránað eftir vissan tíma.



**GEYMA**
Augnskuggar. Þótt þeir séu þurrir og brotnir má nota þá til að mynda augnlínur. Með því að bleyta þunnan bursta og dýfa honum í augnskuggann brotnar púðrið niður og nota má burstann eins og augnpenna. Svo má bæta augnskugga við varagloss eða varalit.



**HENDA**
Svampar. Mælt er með að svömpum sé hent mánaðarlega því þrátt fyrir vikulegan þvott geta svampar valdið útbrotum.



**GEYMA**
Burstar. Líkt og með svampa þá á að þvo förðunarbursta reglulega. Þar sem þeir eru fremur dýrir ætti ekki að henda þeim þótt þeir séu farnir að láta á sjá. Hægt er að taka frá minni og þynnri burstana og nota til dæmis við naglalakkalist. Smá hárin eru fullkomin til að útfæra minnstu smáatriði.



**HENDA**
Maskarar. Við þá á að losa sig við eftir sex mánuði frá því þeir eru opnaðir fyrst. Þar sem sífellt er verið að pumpa lofti inn í og út úr túpunni geta myndast kjöraðstæður fyrir bakteríur. Sumir reyna að drýgja maskara og bæta í hann vatni en það þykir ekki óhætt.



**GEYMA**
Varalitir. Ef slæm lykt er af varalit er kominn tími til að henda honum. Hins vegar er hægt að lengja líftíma varalits með því að geyma hann í ísskáp. Talið er að þannig geti varalitir enst í allt að fjögur ár. Þótt liturinn sé kominn niður að brún er óþarfi að henda honum þar sem hægt er að nota varalitapensil til að ná því sem eftir er. Um tuttugu prósent af varalitnum eru neðan við brúnina.



**HENDA**
Augnpennar. Ekki er mælt með að nota augnpenna lengur en sex mánuði. Ekki er hægt að drýgja hann með neins konar þynni.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


TRI
Suðurlandsbraut 32
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
COMPRESSPORT
VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
29" Hardtail
Settu þér markmið með CUBE!
Bremsur
Shimano BR-M395, hydr. Discbrake (160/160mm)
Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
13,5kg.
Þyngd
AIMS SL
20% afsláttur dagana 7. - 27.maí, 2014
*meðan birgðir endast!
Louis Garneau
GARNEAU
LG JAKKI 12.990kr
GARNEAU
LG Skóhlífar 8.990kr
GARNEAU
LG Buxur 23.990kr
GARNEAU
LG Hanskar 9.990kr
Louis Garneau hjálmarnir eru komnir!
"Mid-range in price but high-end in looks, airflow and comfort"
BIKERADAR.COM
WWW.TRI.IS
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# ÍSLENSKA TÍSKAN

**HÖNNUN** *Vorsýning Handverks og hönnunar verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 15.-19. maí. Þar gefst einstakt tækifæri til að skoða íslenska hönnun og handverk og kynnast listamönnunum á bak við sköpunarverkin.*

Það er eftirsóknarvert að klæðast íslenskri fatahönnun og bera sérsmíðað, íslenskt skart,“ segir Fjóla Guðmundsdóttir hjá Handverki og hönnun. „Íslensk hönnun er bæði framsækin og flott og íslenskir hönnuðir skapandi og fljótir að tileinka sér nýjungar.“

Meðal þess sem gleður gests augað á vorsýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur verður handunnið band, skartgripir, barnaföt, trémunir, leðurvörur, skór og fatnaður.

„Sýningin Handverk og hönnun sló strax í gegn þegar hún var fyrst haldin árið 2006 og aðsóknin hefur vaxið stöðugt síðan. Í boði hverju sinni er takmarkaður fjöldi sýningarplássa og er valið inn af faglegri valnefnd sem gerir miklar gæðakröfur til hönnuða. Afraksturinn er því einstök sýning á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun,“ segir Fjóla.

Sýningin er nú haldin í ellefta sinn.

„Upphaflega var blásið til Handverks og hönnunar einu sinni á vetri en fyrir þremur árum var aðsóknin orðin svo mikil að ákveðið var að bæta við vorsýningu. Hún litast mjög af árstíðinni, hefur yfir sér létt og skemmtilegt yfirbragð með litríkari vörum og heillandi sumarstemningu,“ segir Fjóla um sýninguna sem hefur fest sig rækilega í sessi.

Á vorsýningunni nú sýna tæplega fjörutíu hönnuðir, þar af sextán í fyrsta sinn.

„Fyrir hönnuði felst mikið tækifæri í því að ná til jafn mikils gestafjölda og kemur í Ráðhúsið yfir sýningardagana. Þannig koma meðal annars þrír íslenskir hönnuðir sem starfa í París, London og Danmörku til að kynna Íslendingum hönnun sína.“

Á sýningunni verður einnig kynning á hugmyndafræði MAKE by Þorpið og þjónustu við skapandi fólk á Austurlandi.

Hægt er að skoða kynningu á öllum þátttakendum á www.handverkoghonnun.is/radhusid.

Sýningin verður opnuð í Ráðhúsinu fimmtudaginn 15. maí klukkan 16 og stendur til mánudagsins 19. maí.

Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.


NOSTRUM


PUUKI


ÞÓRA BJÖRK SCHRAM


DJULSDESIGN


HALLDÓRA


FJÖRUPERLUR












**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16.

## Bátar

Jaxon slöngubátur 290 cm.
4 manna,3 hólf + uppblásinn kjölur. Eiginþyngd 45 kg.
Breidd 150 cm. Lengd 290cm.
Burðargeta 510kg.

Þolir allt að 10 hö.mótor, árar, pumpa, harður botn, 2 bekkir, kemur í tösku, 2 ára ábyrgð.
CE vottaðir .

**Verð 229.000 kr.**



**RAFMAGNSMÓTOR FYLGIR FRÍTT MEÐ**
að verðmæti
**49.900 kr.**
meðan birgðir endast.



Einnig til í 320 cm.
Snowbee U bátur
Þriggja hólfa
Fullt verð 27.900 kr
**Vortilboð 19.900 kr.**



## Flugustangarsett - Diskabremsuhjól - Línur

Flugustangarsett frá Jaxon.

Monolith er nýjasta stöngin frá Jaxon. Lína 4-5-6-7- eða 8.







Gott diskabremsuhjól,lína að eigin vali og góður hólkur .
Fullt verð 38.900 kr
**Tilboð 29.900 kr.**

## Polaroid Veiðigleraugu

Polaroid gleraugu í miklu úrvali
verð frá **2.990 kr.**



## Kastnámskeið Veiðiportsins

Erum að skrá á okkar vinsælu kastnámskeið .
Verð **5.900 kr.**
Skráning í síma 552-9940 eða



## Strandveiðisett

Jaxon 15 feta stöng, 6 legu stórt hjól, 250m af 100 punda ofurlínu, taumar, sökkur, beitutegja, beita og nælur fylgja. Fullt verð 43.390 kr .
Tilboð **34.900 kr.**
Okkar lang besta strandveiðisett !

Ódýrt byrjenda strandveiðisett
Jaxon 15 feta stöng, 6 legu hjól, 250 metrar af 35 punda línu, taumar, sökkur og nælur .
Fullt verð 23.800 kr
Tilboð **19.900 kr.**





## Flökunarhnífar

Gott úrval af flottum flökunarhnífum
frá **1.990 kr.**



Komdu með gamla hnífinn og við brýnum hann fyrir þig og hann verður sem nýr fyrir **750 kr.**

## Jaxon fiskileitartæki

Þetta tæki er sett á aukastöng og baujan hnýtt á og hent út í eins og flotholti.

Sendir svo upplýsingar í allt að 40 metra fjarlægð og dregur niður á allt að 30 metra dýpi. Fljótleg leið til að komast að því hvort yfir höfuð sé fiskur á svæðinu.

**Verð 22.900 kr.**



## Veiðikassar

Þessi rúmar mikð af dóti, st. 49x28x28 cm. 4-5 kasthjól komast leikandi fyrir 2 skúffur. Allt á einum stað í stórum og góðum kassa. Fullt verð 9.900 kr
**Tilboð 5.900 kr.**





## Öndunarvöðlur

Frábærar vöðlur frá Snowbee.
Riri rennilás, styrkingar á hnjám, góðir vasar á brjósti, moss fabric soft touch efni, 4mm sokkur og gott belti.

Okkar lang bestu vöðlur
st. L - XL XXL
Fullt verð 59.900 kr
**Tilboð 44.950 kr.**



## Vöðluviðgerðir

Er gat á vöðlunum eða eru saumarnir farnir að gefa sig ?

**Við lekaprófum og gerum við vöðlur.**





# Börn og umhverfi

Námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri.

**Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í húsnæði Rauða krossins í Kópavogi Hamraborg 11, 2. hæð, kl. 17-20.**

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysahættur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

**Næstu námskeið:**
12. maí - 15.maí
19. maí - 22. maí
2. júní - 5. júní

**Námskeiðsgjald er kr. 8900.** Innifalið: Námsgögn og hressing. **Skráning á redcross.is/kopavogur.** Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar

Allar nánari upplýsingar í síma **554 6626** og á **kopavogur@redcross.is**

Rauði krossinn
Kópavogi



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




**GLITRANDI** Hér er fyrirsætan Hilary Rhoda í fallegu, kóngabláu dressi frá Jason Wu. Peysan fer vel við gegnsætt pilsið sem er skreytt með glitrandi pallíettum.



**LÁTLAUS** Leikkonan Rachel Weisz tók sig vel út í þessum látlausa kjól en gegnsæi hluti hans lífgar upp á hann.



**KLASSÍSKUR KJÓLL** Millie Mackintosh er ein af þeim sem fallið hafa fyrir gegnsæju tískunni. Hér er hún í svörtum kjól með klassísku sniði. MYNDIR/GETTY



**FÍN Í HVÍTU** Leikkonan Jeanine Mason mætti í þessum fallega, hvíta kjól á MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðina í Los Angeles um miðjan apríl.



**KLÆÐIR EKKI ALLA** Bella Thorne tók áhættu með því að klæðast þessum húðlita, gegnsæja kjól. Skiptar skoðanir eru á því á meðal tískuspekúlanta hvernig til tókst.

# GLÆSILEGA GEGNSÆ

**SUMARTÍSKAN** *Hver stjarnan á fætur annarri hefur sést spóka sig um í gegnsæjum kjólum eða pilsum undanfarið. Þessi tíska er sérstaklega hentug nú þegar sumarið er á næsta leiti og hægt er að láta goluna leika um líkamann án þess að krókna úr kulda.*

# FEGRUNARRÁÐ **BOBBI**

*Bobbi Brown segir lykilatriði í húðumhirðu að nota hreinsiolíu daglega, borða hollt og hreyfa sig.*

Förðunarfræðingurinn Bobbi Brown veit meira en flestir um hvað virkar í förðun. Hún var í viðtali við Emily Dougherty, ritstjóra tísku og fegurðar hjá tímaritinu ELLE, á dögunum ásamt Weylie Hoang, áhugamanneskju um förðun. Þær gáfu þar góð ráð varðandi húðumhirðu og fleira.

**MATARÆÐI LYKILATRIÐI**

Lykilinn að fallegri húð sagði Bobbi vera að þrífa andlitið með hreinsiolíu daglega og borða hollt fæði. „Mataræði skiptir höfuðmáli þegar kemur að húðumhirðu. Og hvort sem þið trúið því eða ekki, þá hjálpar líkamsrækt líka.“ Hún bætti því við að einnig sé mikilvægt að nota rakakrem sem hæfir húðinni.

**AÐEINS Í ANDLIT**

Bobbi sagði óþarfi að setja farða annars staðar en á andlitið, aldrei skyldi setja farða á háls eða bringu. „Ef það er nauðsynlegt er verið að nota rangan lit.“



**GEFA VÖRUNNI TÍMA**

Þær Bobbi og Emily voru sammála um að til að komast að því hvort húðvara virkar eða ekki þyrfti að nota hana í þrjár til fjórar vikur áður en gefist er upp á vörunni.

Notið fylgihluti til þess að draga athygli að förðuninni. „Ef þér finnst þú ekki geta notað ákveðinn augnskugga farðu þá í föt eða notaðu skartgripi sem fara vel með litnum á augnskugganum,“ sagði Weylie.

**EKKI RAUÐUR FYRIR ALLA**

Bobbi Brown fullyrti að það væri til náttúrulegur varalitur fyrir alla en hún var ekki svo viss með rauðan varalit. „Ég trúi því ekki að það sé til rauður litur fyrir alla,“ segir hún. „Það er að minnsta kosti ekki til neinn fyrir mig. Ef þér líkar rauður þá er til rauður sem mun virka með þínu litarafti. En fyrir mér er rauður aðeins spurning um stíl.“

**FEIT HÚÐ VIRÐIST YNGRI**

Bobbi sagði einnig að það væri sniðugt að nota glært varagloss á augu og kinnar til að fá glans og til að finna sinn eðlilega kinnalit væri gott að klípa aðeins í kinnarnar og sjá þá hvernig litur kemur, það væri náttúrulegur litur hvers og eins. Hún bætti því svo við að þær konur sem eru með feita húð væru heppnar því með aldrinum verða þær minna hrukkóttar en þær sem eru með þurra húð.



**BOBBI BROWN** Bobbi Brown er þekkt fyrir förðunarvörur sínar sem seldar eru út um allan heim. MYND/GETTY

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


Mundu eftir að finna besta verðið - leytaðu til fagaðila - fljót og örugg þjónusta
20%
AFSLÁTTUR
BÍLKÓ
TVENNUTILBOÐ
olís
UMFELGUN & SMUR
Sláðu tvær flugur í einu höggu og láttu okkur smyrja bílinn um leið og þú skiptir yfir á sumardekkin. Smelltu þér á tvennutilboð og þú færð 20% afslátt af vinnu við bæði umfelgun og smur. Þú getur gert góð kaup strax í dag!
TILBOÐ
Fólksbíladekk
Bjóðum fjölda tegunda af sumar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla á frábæru tilboðsverði.
TILBOÐ
Jeppadekk
Bjóðum fjölda tegunda af sumar og heilsársdekkjum fyrir jeppa á frábæru tilboðsverði.
RAFGEYMAR
EXIDE
TILBOÐ
RÚÐUÞURRKUR
PERUR
BREMSUKLOSSAR
20%
AFSLÁTTUR AF VINNU
TOYO TIRES
driven to perform
ÖRYGGI ALLAN HRINGINN
TOYO TIRES
driven to perform
TOYO TIRES
driven to perform
á frábæru verði
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Íslenska Gámafélagið óskar eftir vönum meiraprófsbílstjórum. Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins gamur.is

**FATABREYTINGAR**

**ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-16.

Geymið auglýsinguna.

**Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26**

**Sími 861 4380.**

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**VEITINGAMENN - ÍSBAR**

Glæsilegur sjálfsafgreiðslu ísbar til sölu á 50% afslætti. Verð kr. 900.000.- Uppl. í síma 661-1902.



Trampólin og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is



**SKRIFBORÐ EIK**

Til sölu eikarskrifborð stærð 160X60, hefur lítið verið notað. Verð 12.000kr Uppl. í s. 663 3313




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**

Bæði frístandandi og á vegg S:842-2535

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Ísskápar, þvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. 20 feta gámur óskar eftir bílskúr til leigu. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningа og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Verslun




## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348. (Aníta)

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 2ja herb íbúð í einbýli í Nbæ Hafnarfjarðar. Reyklaus, dýrahald óheimilt, laus strax, uppl 5551041 og 7815321.

## Húsnæði óskast

3ja eða 4ra herb. Íbúð óskast - langtíma, frá 01júlí, ágúst eða sept. Vinsamlega sendið skilaboð eða hringið í gsm 821-7277

Óska eftir íbúð 40 til 50 fm sem allra fyrst. Uppl. í síma 661 2014.

Karlmaður um sextugt óskar eftir tveggja herb. íbúð. Langtímaleiga. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 8660784

## Húsnæði til sölu

Ljótur stór sumarb. í 276 Kjós. Eignarland. Gott staðgreiðsluverð. S. 8937211

Ljót stórt hús. 109 Breiðh. Tvær íbúðir, sk. ódýrari. Gott staðgreiðsluverð. S. 8937211

Ljótt raðhús í 200 Kóp. Aukaíbúð. St. 263 fm. Gott staðgreiðsluverð. S. 893 7211.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - 65 M2 MEÐ SÉRINNGANGI.**

Mjög snyrtilegt rými. Aðgangur að sameiginlegum snyrtingum og eldhúsi. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**HAFNARFJÖRÐUR - 20M2**

Skrifstofuherbergi - vinnustofa á 2. hæð. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**HAFNARFJÖRÐUR - GEYMSLUHERBERGI**

11m2 með hillum. Mjög góð skjalageymsla. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert brettí. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

Óska eftir bílskúr til leigu. 100-200 fm. Uppl. í S. 857 3867.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til leigu. Uppl. í s. 8968568

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

óska eftir að fá múrara í vinnu eða mann vanann húsaviðgerðum.

**Umsóknir sendist til info@husavidgerdir.is**

símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**

Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

Hringið í síma 778-4500 / 781-7400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is

**SÍMABÆR**

óskar eftir öflugum og heiðarlegum sölumanni til framtíðarstarfa í verslunum okkar við Ármúla og Mjódd.

**Tökum á móti umsóknum og ferilskrám á netfangið: simabaer@gmail.com**

**115 SECURITY AUGLÝSIR EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM Í VERSLUNARÞJÓNUSTU**

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð

- Íslenskukunnátta

- 20 ára lágmarksaldur

- Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Friðrik í síma 5 115 115

Óskum eftir duglegum vaktstjóra á Culiacan, Suðurlandsbraut. 18 ára og eldri. Uppl í 868 8489 Þórir eða culiacan@culiacan.is

**SKRÚÐGARÐYRKJUMAÐUR**

Lystigarðar ehf óskar eftir skúrðgarðyrkjumanni í heilsársstarf. Uppl. í s. 864 5892

## til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS **S. 520 3500 • Ármúla 19 • 108 RVK**

**Veitinga og skemmtistaður í miðborginni. Einstakt tækifæri.**

**Staðurinn tekur um 300 manns. Ein besta staðsetning sem völ er á í bænum. Flottur staður í fullum rekstri. Besti tíminn framundan. Uppl í síma 773-4700 Óskar.**

**Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali**

## tilkynningar

### Aðalfundur Brautarinnar

Aðalfundur Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna verður haldinn **miðvikudaginn 28. maí kl. 18:00 í Brautarholti 4a.**
Dagskrá fundarins verður skv. ákvæðum 4. greinar laga félagsins.
Félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld hafa atkvæðisrétt á fundinum. Nánari upplýsingar á **www.brautin.is.**

**Stjórn Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna**

## fasteignir

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna í 57 ár — Frá 1957 — Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Hrísrimi 9 112 Rvk. íbúð merkt 02-01**




**Eignin verður sýnd fimmtudaginn 8.maí milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**

Góð 88 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð við Hrísrima. Íbúðinni fylgir rúmgott bílastæði í lokaðri bílgeymslu sem er skráð ca 36 fm. **V. 24,9 m.** 3932

**Allar nánari upplýsingar um eignina gefur Hilmar Þór í síma 824-9098, hilmar@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna í 57 ár — Frá 1957 — Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Seinakur Garðabæ,- Glæsileg endaíbúð- lyftuhús**



Glæsileg og björt 141 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð (efstu) í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu og tveimur baðherbergjum, annað innaf hjónaherbergi. Íbúðin er mjög vönduð, vel skipulögð og vel staðsett í götunni. **V. 49,9 m.** 3902

**Allar nánari upplýsingar um eignina gefur Hilmar Þór í síma 824-9098, hilmar@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

# 20-40%

## afsláttur aðeins þessa helgi

## ný sending

### viltu minnka um tvær stærðir
### Aðhaldsleggings



Siffon mussurnar komnar
Áður kr 12.900
**nú aðeins kr 6.990**
Stærð medium til XXL



Háu aðhaldsbuxurnar komnar
Verð áður kr 9.900
**nú aðeins kr 6.990**
Stærð small til XXL

COSMO
Kringlunni




2 | KL. 21:00

**The Blacklist**

Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# **Fjölbreytt** fimmtudagskvöld

2 | KL. 19:50

**Friends With Better Lives**

Glæný gamanþáttaröð sem hefur verið líkt við gömlu góðu Friends þættina.



2 | KL. 20:15

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 20:00

**I am Sam**

Ógleymanleg kvikmynd sem fékk frábæra dóma og eina tilnefningu til Óskarsverðlauna.



GULL STÖÐIN | KL. 19:40

**Two And a Half Man**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:50

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 2 | 1 | | | 8 | |
| | 8 | 1 | | 9 | | | | |
| | | | | 6 | 8 | 7 | | 1 |
| 7 | 1 | 6 | | | 9 | | 3 | 4 |
| 3 | 4 | | | | 7 | | | |
| | | 9 | 3 | | 1 | | | |
| 4 | 6 | | | | | 1 | 7 | 5 |
| | | 5 | | | | | 4 | |
| 1 | 7 | 8 | | | 5 | 9 | | 2 |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 8 | | 4 |
| | | | 6 | 8 | | | 7 | 5 |
| | | 8 | | | 3 | | 9 | |
| | | 5 | 2 | | | 9 | | |
| 2 | 3 | 6 | | 4 | | | | |
| 9 | 1 | 4 | | 7 | | 2 | | |
| 4 | | 2 | | | 1 | | 8 | |
| | | 7 | | | | 5 | 1 | 6 |
| | | | | | | | | 9 |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 3 | | | | |
| | 2 | | 4 | | 9 | | | |
| | | 3 | | 6 | 8 | 7 | 2 | |
| 8 | 4 | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 8 | 9 | 5 | | 7 | |
| | | | | | 4 | | 3 | |
| | | | | 7 | 3 | 1 | | |
| | 5 | | | | | 2 | | |
| | 6 | | | 8 | | | 5 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 1 | 6 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 |
| 4 | 5 | 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 |
| 6 | 7 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 3 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 | 4 | 6 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 5 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 5 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 8 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |
| 6 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 6 | 3 | 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 9 | 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 9 | 1 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 6 | 9 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 3 | 4 |
| 4 | 7 | 3 | 6 | 1 | 9 | 8 | 5 | 2 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 | 6 |

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Velgengni kaupir aðeins aðgöngumiða að erfiðara vandamáli.“**

*Henry A. Kissinger*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Magnús Pálmi Örnólfsson (2156) hafði hvítt gegn Hrafni Loftssyni (2184) í fimmtu umferð b-flokks Wow air Vormóts TR.**

**Hvítur á leik**



Hrafn lék síðast **31...Bf8??** en 31... e5 hefði tryggt honum auðunnið tafl. Nú kom sleggja frá Magnúsi. **32. Dxf8+!! Hxf8 33. f7+.** Svartur gaf enda óverjandi mát. Magnús Pálmi er efstur með 4½ vinning og Kjartan Maack er annar með 3½ vinning. **www.skak.is:** Lokastaða Skákmóts öðlinga.



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** eymd, **6.** þys, **8.** geislahjúpur, **9.** loft, **11.** íþróttafélag, **12.** tárfelldu, **14.** hroki, **16.** ætíð, **17.** hár, **18.** annríki, **20.** samtök, **21.** þráður.

**LÓÐRÉTT**

**1.** korntegund, **3.** slá, **4.** limlesta, **5.** blóðhlaup, **7.** fiskur, **10.** sérstaklega, **13.** efni, **15.** örk, **16.** verkfæri, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kröm, **6.** ys, **8.** ára, **9.** gas, **11.** kr, **12.** grétu, **14.** dramb, **16.** sí, **17.** ull, **18.** önn, **20.** aa, **21.** garn. **LÓÐRÉTT: 1.** bygg, **3.** rá, **4.** örkumla, **5.** mar, **7.** sardína, **10.** sér, **13.** tau, **15.** blað, **16.** sög, **19.** nr.

# LÉTTASTA FERÐATASKA Í HEIMI

**Verð 27.999 kr.**
4 hjól, 71 cm

**Verð 24.999 kr.**
4 hjól, 61 cm

**Verð 18.999 kr.**
4 hjól, 46 cm




## NÝ SENDING

**Fáanlegir litir:**

Dökkblár | Dökkgrár

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Saxófónninn hylltur

Íslenski saxófónkvartettinn með tónleika í Kópavogi.



**Íslenski saxófónkvartettinn kemur fram á tónleikum í Hjallakirkju í Kópavogi á laugardaginn klukkan 13. Leikin verður fjölbreytt efnisskrá með verkum sem spanna sögu tónsmíða fyrir saxófónkvartett. Saxófónnemendur úr Skólahljómsveit Kópavogs munu leika með í upphafs- og endaverkum tónleikanna. Rakin verður saga saxófónsins og ólíkir möguleikar hljóðfærisins kynntir með tóndæmum. Íslenska saxófónkvartettinn skipa þau Vigdís Klara Aradóttir á sópransaxófón, Sigurður Flosason á altsaxófón, Peter Tompkins á tenórsaxófón og Guido Bäumer á barítónsaxófón.**







# Fagurlega leikið og dillandi impróvisasjón

TÓNLIST ★★★☆☆

**Afmælistónleikar til heiðurs Þóri Baldurssyni sjötugum**
Þórir Baldursson ásamt Stórsveit Reykjavíkur og gestasöngvurum í Silfurbergi í Hörpu mánudaginn 5. maí.

Sumir atvinnutónlistarmenn eru býsna sérhæfðir. Þeir eru fimir hljóðfæraleikarar, en geta ekki samið tónlist, hvað þá leikið af fingrum fram. Aðrir eru tónskáld en eru lélegir spilarar. Þeir þurfa aðra til að flytja verkin sín.

Þórir Baldursson er hins vegar músíkant af guðs náð. Hann spilar einstaklega fallega á Hammond-orgel, semur flott lög og útsetur allt mögulegt. Hann er sjötugur um þessar mundir og í tilefni afmælisins hélt Stórsveit Reykjavíkur tónleika honum til heiðurs í Silfurbergi í Hörpu á mánudagskvöldið. Þar var spilað á málmblásturshljóðfæri, saxófóna, þverflautur, trommur, gítar og bassa, auk þess sem Þórir stjórnaði frá orgelinu.

Þórir hefur fallegt bros og heilmikinn sviðssjarma. Það átti ekki lítinn þátt í því hve dagskráin var vel heppnuð. Hljómsveitin var óaðfinnanleg, samspilið nákvæmt og alls konar impróvisasjónir ýmissa hljóðfæraleikara voru fagrar og dillandi.

Lögin voru úr ýmsum áttum, þótt yfirbragð þeirra væri fremur svipað. Swing-ið var alltaf áberandi og það vantaði bara mann í hvítum jakkafötum á sviðið. Náunga á borð við Fredo Corleone úr Guðföður-myndunum. Einhvers konar Las Vegas-stemning sveif yfir vötnunum, sem var skemmtilegt að upplifa.

Nokkrir hljóðfæraleikarar voru, fyrir utan Þóri, í aðalhlutverkum. Þar má nefna saxófónleikarana Sigurð Flosason og Jóel Pálsson. Þeir skiluðu sínu með afburðum. Jóel lék listavel eftirlíkingu af sólói sem Rúnar Georgsson heitinn spilaði á sínum tíma af fingrum fram í lagi eftir Magnús Eiríksson. Og eftir Sigurð var flutt skondið lag, Hankaður, auk þess sem hann lék einleik í fyrsta laginu sem Þórir samdi, Sunnubraut seytján.

Nokkrir söngvarar heiðruðu afmælisbarnið. Þar fór fyrst á svið dóttir Þóris, Sunna Margrét. Hún skartaði fallegri rödd, en íslenski textaframburðurinn í laginu Leyndarmál eftir Þóri var einkennilega bjagaður. Raggi Bjarna var hins vegar með allt á hreinu ef undan er skilið að hann mundi ekki textann í laginu Flottur jakki eftir Leon René. Besti söngvarinn var Björgvin Halldórsson, sem söng um Brúðarskóna, lag Þóris frá því þegar hann var í Savannatríóinu. Röddin var þétt og flott, sviðsframkoman afslöppuð. Björgvin var miklu meira ekta en Bubbi Morthens, sem virkaði tilgerðarlegur í Þingmannagælu og Ísbjarnarblús. Það var pínlegt að horfa á.

En aðalmaðurinn var auðvitað Þórir sjálfur. Eins og áður sagði er hann fagmaður fram í fingurgóma og lögin hans eru mörg frábær. Persónulega held ég mest upp á Jarðarfarardag, sem var ekki á dagskránni að þessu sinni, en það á eftir að lifa með þjóðinni. Maður sem getur samið slíkan gullmola er ekkert annað en snillingur. **Jónas Sen**



**AFMÆLISBARNIÐ** „Þórir Baldursson er hins vegar músíkant af guðs náð. Hann spilar einstaklega fallega á Hammond-orgel, semur flott lög og útsetur allt mögulegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NIÐURSTAÐA:** Misflottir söngvarar, en hljómsveitin var frábær og Þórir Baldursson lék meistaralega vel á Hammondinn.

# Var Ísland ekki dönsk nýlenda?

Þrettán norrænir fræðimenn munu á morgun og laugardaginn fara vítt og breitt um söguna og fjalla um viðleitni Íslendinga til að skilja stöðu sína í heiminum.

Spurningin um hvort Ísland hafi verið dönsk nýlenda er meðal umræðuefna sem tekin verða fyrir á opnu málþingi sem fram fer í Þjóðminjasafninu á morgun og laugardag og ber yfirskriftina „Að finna sér stað í veröldinni: Ísland í Danaveldi og norðurslóðir sem nýr heimshluti“.

Er það einhver spurning að Ísland var nýlenda? „Já, það er spurning sem hefur vafist svolítið fyrir sagnfræðingum í gegnum tíðina,“ segir Ólafur Rastrick, nýdoktor við Hugvísindasvið HÍ, einn frummælenda á málþinginu. „Sumir hafa algjörlega hafnað því að Ísland hafi verið nýlenda og frekar viljað skoða stjórnskipulega stöðu Íslands í danska heimsveldinu. Fólk hefur þá talað um Ísland sem hjálendu Danmerkur, þannig að það eru margar útgáfur af þessu.“

Auk þess að ræða stöðu Íslands í Danaveldi og áhrif þess í samtímanum munu fræðimenn frá Kaupmannahafnarháskóla, Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og Háskóla Íslands fjalla um viðleitni Íslendinga til að skilja stöðu sína í heiminum með tilvísun meðal annars til heimsvaldastefnu og sjálfstæðisbaráttu, kynþáttahyggju og sjálfsmyndar, menningararfleifðar og utanríkisstefnu og mikilmennsku og minnimáttarkenndar. Aðalfyrirlesarar verða sagnfræðingarnir Uffe Østergaard og Guðmundur Hálfdanarson og bókmenntafræðingurinn Kirsten Thisted en auk þeirra munu tíu hug- og félagsvísindamenn flytja stutt erindi.

„Planið er að fara dálítið vítt og breitt um söguna,“ segir Ólafur, „og skoða ýmsar menningarlegar og þjóðlegar forsendur fyrir því hvernig Íslendingar hafa upplifað sig á einhverjum stað í heiminum út frá einhvers konar heimsmynd. Þeir hafa í gegnum tíðina upplifað sig með mjög breytilegum hætti og aðstæður hafa verið mjög mismunandi, allt frá því að vera mjög fátækt jaðarsvæði til þess að vera velmegandi samfélag sem lítur dálítið stórt á sig, eins og til dæmis núna þegar talað er um norðurslóðir sem sérstakan heimshluta.“



**ÓLAFUR RASTRICK** „Íslendingar hafa í gegnum tíðina upplifað sig með mjög breytilegum hætti og aðstæður hafa verið mjög mismunandi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Málþingið hefst á morgun klukkan 15 og stendur til klukkan 17. Því verður fram haldið á laugardaginn klukkan 10 og lýkur klukkan 18 sama dag. Málþingið fer fram á ensku og eru allir velkomnir. Dagskrá má finna á heimasíðu Háskóla Íslands, hi.is. **- fsb**


HIN EINA SANNA
SKÓSPRENGJA
HEFST Í DAG
50-90% afsláttur
50%
60%
70%
80%
90%
Toppskórinn
Outlet
Toppskórinn
Markaður
Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17
Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

113 Reykjavík
Kristnibraut 89

OPIÐ HÚS
Fimmtudag 8. maí 17:45 - 18:30

Allar nánari upplýsingar veitir
Svan G. Guðlaugsson
sölufulltrúi
sími: 697-9300
svan@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali
Afar glæsileg og björt 5 herbergja íbúð ásamt innbyggðum bílskúr.
Heildarstærð er 153,9 fm.
Íbúðin er á efstu hæð með séringangi í 6 íbúða húsi og aðeins 2 íbúðir á hæð.
Glæsilegar innréttingar.
Tvennar svalir og gott útsýni.
Verð: 38,5 millj.
FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Taka yfir Háskólabíó

**Íslenska League of Legends-samfélagið hafði samband við Senu og úr þeirri samvinnu varð fjögurra daga tölvuleikjahátíð sem haldin verður um helgina.**

„Þetta er All-star helgin, eins og í NBA-körfuboltadeildinni, Kobe Bryant og LeBron James tölvuleikjaspilaranna koma saman og keppa um All-star-titilinn,“ segir Arnór Gíslason, sem er í forsvari hjá Senu fyrir League of Legends-hátíðina sem haldin verður í Háskólabíói um helgina.

„Hátíðin sjálf er haldin í París en við erum að streyma keppninni í beinni í Háskólabíó,“ segir Arnór sem er einnig að flytja inn einn þekktasta leikmann League of Legends til þess að stýra hátíðinni, Stephan „Snoopeh“ Ellis. „Hann Snoopeh er algjör stjarna í augum þessara stráka, hann verður tengdur með tölvu í stóra tjaldið og verður með svona taktíkkennslu í leiknum ásamt því að halda fyrirlestra og síðan er hægt að spyrja hann út í hvernig það sé að vera atvinnumaður í leiknum og ferðast um heiminn að spila tölvuleiki,“ segir Arnór. Í Háskólabíói verður einnig krýndur besti League of Legends-spilari Íslands og eru það sjálfir GameTíVí-bræðurnir sem krýna meistarann að einstaklingskeppni lokinni.

„Sigurvegarinn mun labba heim með Playstation 4-tölvu ásamt hellingi af vörum frá Kísildal, lyklaborði, mús, heyrnartólum og slíku,“ segir Arnór sem býst við harðri samkeppni enda mikill áhugi fyrir leiknum hér á landi.

„Íslenska League of Legends-samfélagið hafði samband við okkur og vildi gera meira úr þessu. Þau höfðu gert þetta tvisvar áður, í fyrra skiptið mættu 200 manns og í seinna skiptið 400 manns þannig að við tókum þetta þriðja skipti að okkur og ætlum að taka yfir Háskólabíó,“ segir Arnór en hátíðin stendur yfir í heila fjóra daga. „Við seljum bara inn við hurð og fólk mætir með kæti. Það verða veitingar og drykkir frá Ölgerðinni og pitsur frá Dominos,“ segir Arnór en hátíðin er unnin í samstarfi við Vodafone, Kísildal, Dominos og Mountain Dew.

„Við ætlum að gera virkilega stóran og skemmtilegan viðburð úr þessu og vonumst eftir því að geta gert þetta árlega,“ segir Arnór að lokum.



**STERK TÖLVULEIKJAMENNING** Arnór Gíslason segir íslenska League of Legends-samfélagið telja hátt í fimm þúsund spilara. MYND/ÚR EINKASAFNI

baldvin@frettablaðið.is

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Gjörningar

**22.00** Tónlistartvíeykið It is magic á Kaffibarnum.

### Tónleikar

**17.30** Tónstöfum, samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness lýkur á þessum vetri með tónleikum lengra kominna píanónemenda Aðalheiðar Eggertsdóttur. Nemendurnir sem fram koma á tónleikunum eru þau Anna Bergljót Gunnarsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir og Friðrik Guðmundsson sem öll hafa verið nemendur Aðalheiðar frá unga aldri og hafa öll lokið 6. stigi í píanóleik. Verkin á efnisskránni eru eftir Beethoven, Bartók, Chopin og Gade og auk þess mun Friðrik frumflytja verk eftir sjálfan sig.

**19.30** Vladimir Askenazy, heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveit Íslands stjórnar hljómsveitinni á efnismiklum tónleikum í Hörpu. Á efnisskrá er ljóðaflokkurinn Söngvar og dansar dauðans eftir Modest Mússorgskíj. Barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur ljóðaflokkinn. Einnig verður flutt tónaljóðið Dauðraeyjan eftir Sergej Rakhmanínov sem er innblásið af samnefndu málverki Arnolds Böcklins. Tónlistin er rússnesk síðrómantík. Síðast en ekki síst er 1. sinfónía Johannesar Brahms. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu miði.is.

**20.00** Vortónleikar Breiðfirðingakórsins í Langholtskirkju. Einsöngvari er Kristín Sigurðardóttir.

**20.00** Tóta og band bjóða sumarið velkomið með djössuðum og blúsuðum sumartónum á Café Rósenberg. Á dagskránni verða vel valin uppáhöld en aðgangseyrir er 1.500 krónur. Posi er ekki á staðnum.



**20.00** Soffía Björg Band flytur angurværa þjóðlagaskotna popptónlist sem hittir þig beint í hjartastað á Hlemmi Square. Hljómsveitina skipa: Soffía Björg, Ingibjörg Elsa Turchi, Örn Eldjárn og Þorvaldur Ingveldarson. Heróínkántrí og eyðimerkurgítar eru lýsingar sem hefur verið hent fram þegar rætt hefur verið um hljóðheim tónlistarinnar. Tónleikarnir eru á Hlemmur Square og er aðgangur ókeypis.

**22.00** Magnús Einarsson og félagar halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Fræðsla

**12.00** Kynning á Móðurmáli, samtökum um tvítyngi. Umræður um móðurmálskennslu. Um kynninguna sjá Renata Emilsson Peskova, formaður samtakanna og doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ, og Marina de Quintanilha Mendonça kennari, þýðandi og túlkur.

### Upplestur

**20.00** Fríyrkjan heldur annað ljóðakvöld á Dillon. Fríyrkjan er hópur ungra ljóðskálda og hefur verið starfandi í tæpt ár. Þau gáfu út bókina Fríyrkjan I á menningarnótt 2013 og hafa síðan þá haldið regluleg upplestrarkvöld á börum Reykjavíkur. Ásamt þeim koma fram hljómsveitin Murrk og tónlistarmaðurinn Röskun.

### Bókmenntir

**17.00** Útgáfuhóf bókarinnar Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur verður haldið í verslun Forlagsins, Fiskislóð 39. Léttar veitingar í boði og allir velkomnir. Í bókinni er vísað til vegar um átta gönguleiðis í nágrenni Reykjavíkur.

### Söngleikir

**20.00** Söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz setja upp Hárið í Iðnó undir handleiðslu Þórs Breiðfjörð, Jóhönnu Þórhallsdóttur og Valgerðar Guðnadóttur. Í deildinni eru 20 nemendur og taka þau öll þátt í þessari uppfærslu. Hárið var samið af tveimur atvinnulausum leikurum, þeim Gerome Ragni og James Rado. Fyrstu uppfærslu á Hárinu í New York var mjög illa tekið en eftir að gerðar voru nokkrar breytingar á verkinu varð það einn vinsælasti söngleikur seinni tíma og gekk samfleytt í fjögur ár. Miðasala er í Iðnó og aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**20.00** Leikfélag Menntaskólans á Akureyri setur upp rokksöngleikinn Vorið vaknar eftir Steven Sater og Duncan Sheik. Söngleikurinn er byggður á leikverki eftir Frank Wedekind, sem var lengi vel umdeilt og seinna bannað í Þýskalandi. Söngleikurinn fjallar um unglinga sem eru að uppgötva kynferði sitt og í senn að reyna fóta sig í heimi fullorðinna seint á 19. öld. Sýningin er sýnd í Samkomuhúsinu á Akureyri og er miðaverð 2.500 krónur. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu miði.is.

### Listamannaspjall

**20.00** Leiðsögn um sýninguna Hnallþóra í sólinni í fylgd með Birni Roth, sýningarstjóra, syni og samstarfsmanni Dieter Roth. Hnallþóra í sólinni er sýning á úrvali prent- og bókverka eftir Dieter Roth (1930 - 1998), en á sýningunni er lögð áhersla á framlag listamannsins til prentmiðilsins sem hann hafði mikinn metnað fyrir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

Orkuríkur næringardrykkur fyrir aldraða
Næringarvörur eru í samningi við Sjúkratryggingar Íslands
Kominn í helstu apótek - Fæst einnig í verslun Fastus


Jarðarber Karamella Vanilla
300 kcal
1000 IU D3 vítamín
200ml
20g prótein
3g trefjar
Inniheldur öll næringarefni sem líkaminn þarfnast.
Sérstaklega ríkur af:
• D-vítamíni
• Próteini
• B-vítamínum
• Omega3 fitusýrum
• Kalsíum
Framúrskarandi fyrirtæki 2013
FASTUS
Veit á vandaða lausn
FASTUS_H_25.05.14
Verið velkomin í verslun okkar í Síðumúla 16, 2.h.
Fastus • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900
fastus@fastus.is • www.fastus.is • Opið mán - fös 8.30 - 17.00




**THE** NEW
FRAGRANCE
**FOR MEN**
**BY LACOSTE**
*#NEWPERSPECTIVE*

**LACOSTE**
**L!VE**

## ÚRVAL AF JÁRN-FESTINGUM FYRIR PALLASMÍÐINA!



Vnr. 33711000
ARRAS vinkill,
50x50x35/2 mm.
**45** kr./stk.



Vnr. 33711006-7
ARRAS þakásanker,
170x32 mm, hægri eða vinstri
**95** kr./stk.



Vnr. 33715574
Gataplata
100x30x1,5 mm
**575** kr.



Vnr. 0291103
Staurafesting í jörðu,
96x96 mm.
**1.785** kr.

## DVERGARNIR
- ný tegund stólpa fyrir smáhýsi, sólpalla, girðingar, skilti og flaggstangir.



Vnr. 0251672
Dvergur, Teitur,
80 cm, 65 kg.
**9.995** kr.

Vnr. 0251670
Dvergur, Purkur,
60 cm, 50 kg.
**8.695** kr.

## ENDURUNNIÐ PLAST



Vnr. 0251653
Plasthólkur,
220 mm, 0,7 m.
**895** kr.

Vnr. 0251658
Blikkhólkar,
315 mm, 0,75 m.
**1.695** kr.

# ÓDÝRT PALLAEFNI



Vnr. 0058324
Fura, alheflað, 27x95 mm,
AB-gagnvarið.
**219** kr./lm.

Vnr. 0058274
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 27x95 mm.
**185** kr./lm.

Vnr. 0058224
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm.
**165** kr./lm.

Vnr. 0058254
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm.
**185** kr./lm.

## BANGKIRAI
harðviður með rásum
**1.295** kr./lm.
Vnr. 0039481 21x145 mm

## VIÐHALDSLÍTIÐ PLASTPALLAEFNI
**1.095** kr./lm.
Vnr. 0039510 ljósgrátt 23x146 mm 3,6 m
Vnr. 0039514 dökkgrátt 23x146 mm 3,6 m

## LERKI
alheflað
**685** kr./lm.
Vnr. 0053275 - 27x117 mm - rásað

## VERÐVERND BYKO
## LÆGRA VERÐ

Sjá pallareikni á byko.is

## 0%
## Vaxtalaust lán
BYKO býður kortalán án vaxta í allt að 12 mánuði. Sjá nánar á www.byko.is.



Vnr. 0225333
SAKRET BE
staurasteypa, 25 kg.
**1.195** kr.



GUNNEBO FASTENING
Vnr. 33799440
Kambsaumur,
4,0x40 mm, 250 stk.
**1.295** kr.



Vnr. 30114550
Tréskrúfa, ryðfrí, A4,
4,5x50 mm, 200 stk.
**2.295** kr.

## STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA



Vnr. 0291820/5/7
Barnahús,
2,56 $m^2$, 19 mm.
**99.995** kr.



KLÚBB verð
**9.595** kr.
Almennt verð 11.995 kr.

Vnr. 0291538
Klifurblómakassi,
50x100x135 cm.



Vnr. 0291468
Sandkassi með
sætum, 150x150 cm.

KLÚBB verð
**10.895** kr.
Almennt verð 12.895 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 86363040-540
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauð-fura eða rauðviður, 4 l.
4.695kr.

1 LÍTRI
Vnr. 86333010
Viðarskoli, 1 l.
1.645kr.

Vnr. 83037540//8
HARRIS pensill fyrir skaft, 100 eða 120 mm.
Verð frá:
1.545kr.

# ALLT FYRIR PALLASMÍÐINA OG VIÐHALDIÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Sadolin



Vnr. 89819910
SADOLIN Bio Clean pallahreinsir, 1 l.
1.995kr.



Vnr. 42377537
Pallahreinsir 4 l.
2.995kr.



Vnr. 58365522
PXTRA-pensill, 13 cm.
2.395kr.



Vnr. 84105030/163500
SPEKTER pallaskrúbbur eða pallavírbursti.
2.995kr.



Pinotex
Vnr. 89436375-94
PINOTEX pallaolía, glær, græn, tekk eða pine, 5 l.
4.995kr.

Vnr. 89819950
SADOLIN BIO palla-hreinsir, 5 l.
3.985kr.

3 LÍTRAR



Vnr. 80602503
TREOLJE pallaolía, ljósbrún, 3 l.
KLÚBB verð frá
1.995kr.
Almennt verð frá 2.390 kr.

KÄRCHER



100 BÖR
340 L/KLST.

Vnr. 59680107
KÄRCHER háþrýstidæla.
17.995kr.

## BÍÓFRÉTTIR



### LEIKUR Í GLÆPAPRILLER

Channing Tatum leikur aðalhlutverkið í glæpaþriller á vegum Sony Pictures og mun líka verða einn af framleiðendum myndarinnar. Myndin er byggð á sannri sögu manns sem fer í dulargervi og reynir að stúta valdamesta mafíósa landsins.



### LEIKA Í NÆSTU MYND ALLEN

Emma Stone og Joaquin Phoenix leika í næstu mynd leikstjórans Woody Allen. Myndin hefur ekki fengið nafn enn þá en Allen skrifar, framleiðir og leikstýrir myndinni. Myndin fer líklegast í tökur í júlí og er mikil leynd yfir söguþræðinum.

## FRUMSÝNINGAR

**Bad Neighbours** gamanmynd

**Aðalhlutverk:** Zac Efron, Seth Rogen, Rose Byrne, Elise Vargas

IMDb 7,6/10
77/100
Rotten Tomatoes 89/100





**Sur le chemin de l'école** heimildarmynd

**Sýnd í Bíói Paradís**

**Leikstjóri:** Pascal Plisson

IMDb 6,8/10

Hlaut César-verðlaunin sem besta heimildarmyndin.



**Lási löggubíll** teiknimynd

**Íslensk talsetning:** Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Carola Ida Köhler, Hjálmar Hjálmarsson og Steinn Ármann Magnússon.

**Leikstjóri:** Tómas Freyr Hjaltason.

## SUMARMYNDIR ÁRSINS

**Rolling Stone mælir með bestu sumarmyndunum 2014.**

**Godzilla** ævintýrahasar

**Aðalhlutverk:** Elizabeth Olsen, Aaron-Taylor Johnson og Bryan Cranston.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 16. maí.**

**X-Men: Days of Future Past** vísindaskáldskapur

**Aðalhlutverk:** Jennifer Lawrence, Michael Fassbender, Hugh Jackman og Ellen Page.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 23. maí.**

**A Million Ways to Die in the West** vestragrín

**Aðalhlutverk:** Amanda Seyfried, Charlize Theron, Liam Neeson og Seth MacFarlane.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 30. maí.**

**Maleficent** ævintýramynd

**Aðalhlutverk:** Angelina Jolie, Elle Fanning, Juno Temple og Sharlto Copley.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 30. maí.**

**Edge of Tomorrow** vísindaskáldskapur

**Aðalhlutverk:** Tom Cruise, Emily Blunt, Noah Taylor og Jeremy Piven.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 6. júní.**

**Jersey Boys** söngvamynd

**Aðalhlutverk:** Cristopher Walken, Francesca Eastwood, Mike Doyle og James Madio.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 20. júní.**

**Tammy** gamanmynd

**Aðalhlutverk:** Melissa McCarthy, Susan Sarandon, Sandra Oh og Toni Collette.

**Frumsýnd í Bandaríkjunum 2. júlí.**

# Endurgera verðlaunamynd

Kvikmyndin Oldboy verður frumsýnd á Íslandi á morgun en hún er endurgerð af suðurkóreskri mynd frá árinu 2003. Endurgerðin hefur fengið talsvert verri dóma en sú upprunalega, sem fór sigurför um heiminn.

Kvikmyndin Oldboy, með þeim Josh Brolin, Samuel L. Jackson, Elizabeth Olsen og Sharlto Copley í aðalhlutverkum, verður frumsýnd á Íslandi á morgun en myndin er endurgerð suðurkóresku kvikmyndarinnar Oldboy frá árinu 2003.

Myndin fjallar um auglýsingastjórann Joe Doucett sem vaknar upp sem fangi í litlu herbergi en hefur ekki hugmynd um af hverju hann endaði þar. Auk þess veit hann ekkert hvað hann hefur gert af sér.

Joe er haldið föngnum í tuttugu ár og fær ekki að tala við nokkurn mann. Hann hefur samt takmarkað aðgengi að sjónvarpsfréttum þar sem hann fylgist meðal annars með leitinni að sjálfum sér þar til hvarf hans er fallið í gleymsku.

Skyndilega er honum sleppt úr prísundinni og hefndarþorstinn hellist yfir hann.

Þeir sem hafa séð upprunalegu myndina vita að hún tekur mann í afar óvænt ferðalag og kemur endirinn eins og blaut tuska í andlitið á manni. Elizabeth Olsen leikur eitt af aðalhlutverkum og hún sjálf vissi ekki hvernig myndin endaði fyrr en hún horfði á hana á frumsýningunni í New York.

„Ég hef ekki verið jafn hissa og brugðið jafn mikið yfir endi síðan ég sá The Sixth Sense. Enginn spillti þessu fyrir mér. Enginn gaf mér neina vísbendingu um endinn og ég gat upplifað hann eins og auðan striga,“ segir Elizabeth.

Leikstjóri endurgerðarinnar er Spike Lee en upprunalega heyrðust þær sögur að Steven Spielberg myndi leikstýra myndinni og að Will Smith ætti að fara með aðalhlutverkið. Kvikmyndaáhugamenn voru ekki par sáttir við það og sögðu sumir að þeir hefðu verið bænheyrðir þegar kom í ljós að Spike Lee ætti að taka við keflinu. Fyrsta útgáfan sem hann gerði af myndinni var 140 mínútna löng en kvikmyndaverið beitti hann þrýstingi og að lokum klippti hann myndina niður í 105 mínútur. Aðalleikarinn Josh Brolin er hrifnari af löngu útgáfunni og þá er stóra spurningin hvort hún verði ekki gefin út á mynddisk samhliða stuttu útgáfunni.

liljakatrin@frettabladid.is



IMDb 5,6/10
49/100
Rotten Tomatoes 42/100

**ÓTRÚLEGUR ENDIR** Josh Brolin leikur Joe.

> **Ég hef ekki verið jafn hissa og brugðið jafn mikið yfir endi síðan ég sá The Sixth Sense.**
>
> *Elizabeth Olsen*

### HLAÐIN VERÐLAUNUM UM ALLAN HEIM

Oldboy var frumsýnd árið 2003 og heitir á frummálinu Oldeuboi. Hún hefur hlotið fjölmörg verðlaun um heim allan og var meðal annars valin besta erlenda myndin á bresku Independent-kvikmyndaverðlaunahátíðinni og Austin Film Critics-verðlaununum. Í Asíu var hún einnig verðlaunuð og hlaut leikstjórinn Chan-wook Park verðlaun fyrir bestu leikstjórn á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Bangkok. Á kvikmyndaverðlaunahátíðinni í Hong Kong var myndin kosin besta asíska myndin og á Asia-Pacific-kvikmyndahátíðinni fékk Min-sik Choi verðlaun fyrir besta leik og Chan-wook Park fyrir bestu leikstjórn.



**MAGNAÐUR LEIKUR** Leikarinn Choi Min-Sik leikur Oh Dae-Su í upprunalegu myndinni og fer gjörsamlega á kostum.

IMDb 8,4/10 Rotten Tomatoes 74/100 80/100


# Þú færð landslagsráðgjöf og garðlausnir hjá okkur





Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja garðinn þinn.

# Graníthellur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

**4 400 400**

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Skoðaðu úrvalið á www.steypustodin.is

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is


ÚRVALIÐ
ER Í ÚTILÍF
PURE LIME
casall
fashy
speedo
UNDER ARMOUR
arena
CW-X
CONDITIONING WEAR.
POLAR
adidas
ROXY
hummel
CATMANDOO
QUIKSILVER
HH
HELLY HANSEN
compressport.com
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ARNASYNIR

## TREND Á TWITTER

Kassmerkið #12stig fór á flug þegar Pollapönk keppti í fyrri undankeppni Eurovision. Strákarnir sungu sig í úrslit og því ljóst að Twitter logar enn skærar á laugardagskvöldið þegar þeir freista þess að vinna Eurovision fyrir hönd okkar Íslendinga.



**Bobby Breiðholt**
@Breidholt
Nú er mál að opna mexíkóska kjúklingastaðinn Pollo Pönk. #12stig

**Pétur Jónsson**
@senordonpedro
Hollenska lagið var samið af tónlistarfólki, hún kann að syngja og er sæt. Þetta á engan séns, burtu héðan! #12stig

**Bergur Ebbi**
@BergurEbbi
Miðað við fordómastuðulinn í #12stig eru Íslendingar ekki alveg að meðtaka boðskap eigin lags

**Björn Bragi**
@bjornbragi
Hvar erum við að fara að halda keppnina á næsta ári??? #12stig

**Örn Úlfar Sævarsson**
@ornulfar
Þetta er ekki kvöldið sem Óttarr Proppé byrjar að tapa kosningum #12stig

**Atli Fannar**
@atlifannar
Ha? Ljóshærð ung kona að keppa fyrir hönd Svíþjóðar í Eurovision? Hvað næst? Teknó frá Austur-Evrópu? #12stig



KATE SPADE



LEGO WATCHES



SWATCH

# Fimm flippuð og falleg úr fyrir sumarið

**Það er um að gera að lífga upp á sumardressið með skemmtilegum fylgihlut–til dæmis litríku úri.**

Nú er sólin loksins farin að láta sjá sig hér á landi og því ekki úr vegi að draga fram sumarklæðnaðinn og sóla sig í góðra vina hópi.

Í ár koma litrík og skemmtileg úr sterk inn í sumartískuna og geta flott úr gert mikið fyrir heildarsumarútlitið.
Hér eru nokkrar hugmyndir að flottum og flippuðum úrum sem stela ekki aðeins athyglinni heldur tryggja það að þú sért ávallt „fashionably late“.

MISS SELFRIDGE



ADIDAS



GÖNGUM SAMAN
Göngum saman
sunnudaginn 11. maí kl. 11
AKUREYRI BORGARNES EGILSSTAÐIR HÖFN HVERAGERÐI ÍSAFJÖRÐUR NESKAUPSTAÐUR REYÐARFJÖRÐUR REYKJANESBÆR REYKJAVÍK SEYÐISFJÖRÐUR SIGLUFJÖRÐUR STYKKISHÓLMUR VESTMANNAEYJAR




**SIGURVEGARI** Brynjar Dagur vill vekja athygli á popping-dansstílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Gróska í götudansinum

**Nýjasta æðið á Íslandi er svonefndur popping-dans en Brynjar Dagur Albertsson, sigurvegari í Ísland Got Talent, æfir dansstílinn í dansskóla Brynju Péturs.**

Götudansmenningin á Íslandi fer ört vaxandi og þá ekki síst vegna nýjasta popping-dansæðisins og sigurvegara í Ísland Got Talent sem sérhæfir sig í slíkum danssporum. Sjálfur segist Brynjar Dagur vonast til þess að sjá danssenuna stækka enn meira. „Ég er búinn að heyra að fullt af yngri krökkum sem sáu atriðið í þættinum ætli að reyna fyrir sér í popping,“ segir Brynjar Dagur. „Ég held að atriðið hafi vakið athygli á þessu og ég vona að margir muni byrja að poppa.“ Brynjar Dagur lærði umræddan dansstíl hjá Brynju Péturs í götudansskólanum hennar.

„Popping-tæknin er í grunninn bara vöðvastjórnun,“ segir Brynja. „Þú spennir og sleppir vöðva. Þú ert að þjálfa þannig að ‘hittin’ þín verði eins sterk og hægt er.“

Svonefndur popping-dansstíll varð til á vesturströnd Bandaríkjanna í lok sjöunda áratugarins og var mikið dansaður við fönk- og raftónlist. „Nú í dag eru dansararnir líka farnir að dansa við dubstep, eins og Brynjar gerði í Ísland Got Talent,“ segir Brynja sem hefur verið að kenna götudans á Íslandi í tíu ár. „Ég byrjaði að kenna popping í fyrra, síðan hef ég fengið erlenda gestakennara frá New York sem eru bæði upprennandi dansarar og stór nöfn,“ segir Brynja.

Einn gestakennaranna var götudansarinn Android sem kenndi Brynjari Degi fyrstu poppingsporin. „Ég lærði mikið af honum, síðan hef ég líka fengið kennslu hjá Buddha Stretch, Munk og Hurricane í gegnum Brynju,“ segir Brynjar og bætir því við að hann dansi örlítið öðruvísi útgáfu af dansstílnum en vant er. „Alvöru popping er svona búggalú í mjöðmunum og stórar hreyfingar, en ég er meira í róbót og minni hreyfingum,“ segir ungi dansarinn en Brynja Péturs segir að hver dansari hafi sinn eigin stíl. „Þú kemur inn í samfélagið og þinn persónulegi stíll skiptir svo miklu máli, þú ert að læra að vera sterkur einstaklingur í dansi.“ Áhugasömum er bent á dansskóla Brynju Péturs en þar geta nemendur lært flestallar stefnur götudansins. Aðspurður hvort hann fari að setja sig í kennarahlutverkið segist Brynjar Dagur fyrst þurfa að fræðast og læra meira um stefnuna. „En það væri mjög gaman að kenna.“

baldvin@frettabladid.is



**HRESSIR DANSARAR** Brynja Péturs og Natasha Monay Royal ásamt nemanda sínum, Brynjari Degi, eftir sigur hans í Ísland Got Talent. MYND/EINKASAFN

## Hvað er popping?

Popping er götudansstíll upprunninn í Kaliforníu í lok sjöunda áratugarins. Dansarar spenna og sleppa vöðvum í höndum og fótum til þess að framkalla „popping“-hreyfingarnar. Einnig er sérstök tækni lærð til þess að einangra ýmsa hluta líkamans eins og höfuð, brjóstkassa og mjaðmir sem framkalla nokkurs konar sjónhverfingu. Þessar hvössu hreyfingar eru speglaðar með „waving“ þar sem líkami dansarans verður undirlagður af bylgju, til dæmis frá hægri hendi til vinstri handar eða frá toppi til táar.

Einn helsti áhrifavaldur dansstílsins er Michael Jackson en hann lærði hjá þekktum dönsurum á borð við Pop N Taco sem er höfundur margra þeirra dansspora sem einkenndu Jackson. Má þar nefna sparkið fræga og „moonwalkið“ en það spor kallast á fagmáli „backslide“ og var gert löngu fyrir tíma Michaels.


AIR
OPNUM Í DAG
8. MAÍ
Í SMÁRALIND kl 16 - 21
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
DJ ATLI
VEITINGAR FRÁ JOE & THE JUICE
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!
#NikeByAir



**SVÍPJÓÐ** Sanna Nielsen frá Svíþjóð tók enga áhættu í fatavali og sviðsframkomu á þriðjudaginn enda sigldi hún í svörtum blúndukjól örugglega í úrslit með lagið Undo, sem er spáð einu af toppsætunum á laugardaginn.



**LETTLAND** Krútt kvöldsins voru meðlimir hljómsveitarinnar Aarzemnieki frá Lettlandi en það leit út fyrir að tilviljun réði för í fatavali. Litadýrðin skilaði þeim samt ekki í úrslit.



**HOLLAND** Hljómsveitin The Common Linnets frá Hollandi var smart á sviðinu í leðurbuxum og blúndukjól. Svolítið brúðarblær yfir framlaginu.



**ARMENÍA** Aram MP3 frá Armeníu var í jakkafötum, síðum jakka og gyrti buxnaskálmarnar ofan í há leðurstígvél. Hanskarnir settu svo punktinn yfir i-ið en hann kom sér í úrslitakeppnina.



**PORTÚGAL** Hin Portúgalska Suzy tjaldaði öllu til á sviðinu. Trommuleikarar berir að ofan, bakraddasöngkonur í stuttum kjólum og sjálf mætti hún til leiks í stuttum pallíettukjól. En það dugði ekki til og hún datt út með lagið Quero ser Tua.

# Dramatískir kjólar, hamstrahjól og leðurbuxur

Í gegnum tíðina hefur sviðsframkoma í Eurovision-söngvakeppninni vakið athygli og ólíklegustu hlutir hafa stolið senunni frá sjálfri lagasmíðinni. Engin undantekning var á því í undankeppninni á þriðjudaginn. Fataval keppenda vakti athygli og kenndi þar ýmissa grasa á borð við pallíettukjóla, líkamsmálningu, netaboli og leðurbuxur.



**MOLDÓVA** Það var ákveðið Game of Thrones-þema í búningavali framlags Moldóvu í Eurovision í ár. Söngkonan Cristina Scarlat söng lagið Wild Soul í dramatískum bláum kjól umvafin karlkyns dönsurum í pilsum. Hún komst ekki áfram.



**ÚKRAÍNA** Maríja Jaremtsjúk frá Úkraínu komst áfram í úrslit með lagið Tick-Tock en það var hamstrahjólið á sviðinu sem stal senunni þar sem maður sýndi listir sínar í bakgrunni.





*Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# DEBENHAMS

# ESTĒE LAUDER

## Kaupaukinn þinn í Debenhams

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef keyptar eru vörur fyrir 6.900 kr. eða meira frá Estée Lauder í Debenhams dagana 8. -14. maí.

**20% afsláttur af öllum Estée Lauder vörum**




**Kaupaukinn inniheldur:**
**Take It Away Makeup Remover** – farðahreinsi, 30ml
**Resilience Lift Creme SPF 15** - styrkjandi dagkrem, 15ml
**Perfectionist (CP+R)** – serum sem vinnur á línum og hrukkum, 7ml
**Resilience Lift Eye Creme** – augnkrem sem stinnir og styrkir, 5ml
**Sumtuous Extreme Mascara** – svartan maskara
**Pure Color Lipstick** – varalit, fulla stærð, litur Candy Shimmer
**Lip Conditioner** – varanæringu, fulla stærð
**Smarta snyrtitösku**

*meðan birgðir endast







**Nýtt:** Revitalizing Supreme CC Cream
Kynnum nýja CC kremið sem gefur gefur fallega áferð og ferskan ljóma.
Vinnur gegn ótímabærri öldrun.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI






| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| THE OTHER WOMEN | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 3D | 7, 10 | 12 |
| RIO 2 2D | 5 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 5 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 10:20 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:35 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5 - 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 3.30 - 6 - 8 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 10.15 | 7 |

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

# Siðþæging

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Að biðjast afsökunar er góður siður og eitthvað sem ætti að vera hverjum manni sjálfsagt og eðlilegt. Það þarf svo vart að taka það fram að afsökunarbeiðni þarf að koma til vegna sannrar iðrunar en ekki aðeins sem taktískt útspil til að fegra eigin hlut. Það ætti að vera innifalið í hugtakinu og óþarfi að ræða það neitt meira. Við þurfum flest að biðjast afsökunar, allavega í einkalífinu, og oftast gerist það á einfaldan og eðlilegan hátt. Afsökunarbeiðnin er ein og stök, komin frá gerandanum; beiðni um afsökun.

**UTAN** einkalífsins – í þjóðfélaginu – eru persónur og leikendur fleiri. Þar virðist færast í vöxt að sett er fram beiðni um að einhver biðjist afsökunar. Það er ekkert að því, fólki er frjálst að gera það. En rétt eins og afsökunarbeiðnin sjálf þarf að vera einlæg þá þarf beiðnin um afsökunarbeiðnina að vera það einnig. Þegar hagsmunasamtök setja fram þá kröfu að einhver biðjist afsökunar á tilteknum ummælum þá má það ekki aðeins vera taktískt útspil. Sé beiðnin um afsökunarbeiðnina ekki 100% einlæg er hætt við að afsökunarbeiðnin sjálf verði það ekki heldur.

**MEÐ** öðrum orðum: Ef þú ert ekki móðgaður í alvöru þá skaltu ekki leggja fram beiðni um að einhver annar leggi fram afsökunarbeiðni. Flækjustigið er nógu hátt þegar menn leggja inn beiðnir fyrir beiðnum og hvað þá ef það er ekki 100% alvara að baki eða fórnarlömbin finnast ekki.

**AÐ** leggja inn beiðni um afsökunarbeiðni fyrir hönd annarra er vandmeðfarið og gríðarlega misnotað. En hverss vegna skyldi fólk misnota þann möguleika? Jú, vegna þess að sá sem stígur fram með slíka beiðni fær klapp á bakið fyrir siðferðisstyrk án þess að hafa þurft að þola niðurlæginguna. Það getur verið ódýr sjálfsupphafning og sett afsökunarbeiðnir á útsöluverð. Ég vil kalla þetta „siðþægingu“. Ég veit vel að þetta orð er ekki að finna í íslenskri orðabók og biðst ég fyrir fram afsökunar á því.



**SYNGJANDI SÁTTUR** Unnar Gísli Sigurmundsson, betur þekktur sem Júníus Meyvant, vinnur hörðum höndum að sinni fyrstu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Beið með tónlistina þar til hann róaðist

Tónlistarmaðurinn Unnar Gísli Sigurmundsson, betur þekktur sem Júníus Meyvant, hefur vakið mikla athygli með tónlist sinni. Ofvirknin hafði sitt að segja.

„Ég var með rok í hausnum og fór því aldrei í tónlistarskóla. Ég kláraði aldrei neitt, lét mig alltaf hverfa og var með mikinn athyglisbrest,“ segir Eyjapeyinn Unnar Gísli Sigurmundsson, líklega betur þekktur undir listamannsnafninu Júníus Meyvant. Hann sendi frá sér nýtt lag, Color Decay, á dögunum og hefur það fengið vægast sagt frábærar viðtökur. „Ég var erfiður krakki í sambandi við það að hlýða og svona en ég er mikill ljúflingur í dag. Það var ekki fyrr en ég var orðinn 21 árs gamall sem ég róaðist og fór þá að spila á hljóðfæri.“

Lagið gaf hann út á streymissíðunni Soundcloud fyrir örfáum dögum og hefur það vakið talsverða lukku á vefnum. „Lagið hefur fengið frábær viðbrögð, ég er þó ekki mikið að fylgjast með því á Facebook. Konan mín er duglegri í að segja mér fréttirnar,“ bætir Unnar Gísli við. Tónlist hans er fullveðja og tilfinningaríkt þjóðlagapopp sem er í senn tímalaust og kunnuglegt.

Hann er uppalinn í Vestmannaeyjum en býr þó í höfuðborginni sem stendur. „Ef það væru göng til Vestmannaeyja myndi ég búa þar en ég kann vel við mig í Reykjavík, þetta er ekki svo mikil stórborg.“

Þessa dagana kemur Júníus Meyvant lítið fram á tónleikum og leggur mikið í upptökurnar. „Ég hlakka til að koma meira fram en nú er ég meira í því að taka upp og stefni á að gefa út plötuna í byrjun næsta árs,“ bætir Unnar Gísli við.

Hvaðan kemur samt nafnið Júníus Meyvant? „Þetta datt bara inn í hausinn á mér. Þegar sonur minn fæddist fór ég í gegnum nafnabókina og rakst ég á þetta þar, svo varð þetta fast í hausnum,“ útskýrir Unnar Gísli. Sonurinn fékk þó ekki sama nafn.

> **Ég var erfiður krakki í sambandi við það að hlýða og svona.**
> *Júníus Meyvant*

Samhliða tónlistinni er Unnar Gísli virkur myndlistarmaður og starfar einnig á Reykjavíkurflugvelli við það að taka á móti einkaþotum. „Það er gaman að hitta ríka og fræga fólkið þarna. Ég hitti til að mynda Jordan Belfort um daginn, hann kom vel fyrir en ég tel það þó ólíklegt að við séum að fara að búa til tónlist saman á næstunni.“

gunnarleo@frettabladid.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


GLEÐILEGT SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
ENN BETRA VERÐ
7mm ÖRÞUNNUR LOW PROFILE
mushkin enhanced
120GB SSD
Með SSD stýrikerfisdisk færðu margfaldann hraða í allri vinnslu. Windows ræsir upp á örfáum sekúndum!
11.900
ENN BETRA VERÐ!
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA
SILICON BUMPER VARNARHLÍF
MOBII P721
Öflug 7" Dual Core spjaldtölva með Silicon högghlíf og vönduðum heyrnartólum á sjóðheitu sumarverði
19.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 49.900
SAMSUNG
8" GALAXY TAB3
Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 8" fjölsnertiskjá ásamt öflugum Dual Core örgjörva
39.900
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# SPORT



## Ná meistararnir í sín fyrstu stig?



Önnur umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta fer öll fram í dag og þar af fara tveir leikjanna fram á gervigrasvellinum í Laugardal.

Tvíhöfðinn í Dalnum hefst á leik Víkinga og Fram klukkan 18.00 en klukkan 20.30 fer síðan fram leikur Vals og Keflavíkur, tveggja liða sem unnu góða sigra í fyrstu umferð.

Íslandsmeisturum KR var spáð titlinum fyrir mót en þeir töpuðu 1-2 á móti Val í fyrsta leik og bíða því enn eftir fyrstu stigunum alveg eins og lið Víkinga, Þórs og Fylkis. KR-ingar heimsækja Blika klukkan 19.15 í kvöld í stórleik dagsins. Leikurinn fer fram á Samsungvellinum í Garðabæ þar sem Kópavogsvöllur er ekki leikfær.

Fyrsti leikur kvöldsins er leikur ÍBV og Stjörnunnar klukkan 17.00 á Hásteinsvelli í Eyjum og Þórsarar taka á móti nýliðum Fjölnis klukkan 18.00 en Grafarvogspiltar sitja í toppsætinu. FH-ingar bjóða aðra umferðina í röð upp á grasleik þegar þeir fá Fylkisliðið í heimsókn klukkan 19.15 en Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fylkis, er í leikbanni í kvöld.

## 1-0 fyrir Stjörnuna í úrslitaeinvíginu



**NÍU MÖRK** Stjörnukonan Jóna Margrét Ragnarsdóttir í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## OLÍS DEILD KVENNA

**LOKAÚRSLIT LEIKUR EITT**

**STJARNAN - VALUR 22-20 (12-8)**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Jóna Margrét Ragnarsdóttir 9/1 (23/1), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 4 (4), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 4 (6), Helena Rut Örvarsdóttir 3 (13), Sólveig Lára Kjærnested 2 (4).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 15 (35/1, 43%),

**Mörk Vals (skot):** Kristín Guðmundsdóttir 5/1 (15/1), Karólína Bærhenz Lárudóttir 4 (6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (7), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3 (9), Bryndís Elín Wöhler 2 (3), Rebekka Rut Skúladóttir 1 (1), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 1 (2).

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 13 (34/1, 38%), Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir 1 (2, 50%).



**Á TOPPINN** Edin Dzeko skoraði tvö mörk með átta mínútna millibili um miðjan seinni hálfleik. MYND/GETTY

## ENSKA DEILDIN

**MAN.CITY-ASTON VILLA 4-0**

**1-0 Edin Dzeko (64.), 2-0 Edin Dzeko (72.), 3-0 Stevan Jovetic (89.), 4-0 Yaya Toure (90.+3)**

**SUNDERLAND-WEST BROM 2-0**

**1-0 Jack Colback (13.), 2-0 Fabio Borini (31.). Sunderland vann sinn fimmta leik í röð og er búið að bjarga sér frá falli.**

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man City | 37 | 26 | 5 | 6 | 100-37 | 83 |
| Liverpool | 37 | 25 | 6 | 6 | 99-49 | 81 |
| Chelsea | 37 | 24 | 7 | 6 | 69-26 | 79 |
| Arsenal | 37 | 23 | 7 | 7 | 66-41 | 76 |
| Everton | 37 | 20 | 9 | 8 | 59-39 | 69 |
| Tottenham | 37 | 20 | 6 | 11 | 52-51 | 66 |
| Man Utd | 37 | 19 | 6 | 12 | 63-42 | 63 |
| Southampton | 37 | 15 | 10 | 12 | 53-45 | 55 |
| Newcastle | 37 | 15 | 4 | 18 | 42-57 | 49 |
| Stoke | 37 | 12 | 11 | 14 | 43-51 | 47 |
| Crystal Palace | 37 | 13 | 5 | 19 | 31-46 | 44 |
| West Ham | 37 | 11 | 7 | 19 | 40-49 | 40 |
| Swansea | 37 | 10 | 9 | 18 | 51-53 | 39 |
| Sunderland | 37 | 10 | 8 | 19 | 40-57 | 38 |
| Aston Villa | 37 | 10 | 8 | 19 | 39-58 | 38 |
| Hull | 37 | 10 | 7 | 20 | 38-51 | 37 |
| West Brom | 37 | 7 | 15 | 15 | 42-57 | 36 |
| Norwich | 37 | 8 | 9 | 20 | 28-60 | 33 |
| Fulham | 37 | 9 | 4 | 24 | 38-83 | 31 |
| Cardiff | 37 | 7 | 9 | 21 | 31-72 | 30 |



**1-1 EÐA 2-0?** Eyjamenn misstu frá sér sigurinn í fyrsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Annar taugatryllir í kvöld?

**HANDBOLTI** ÍBV og Haukar mætast í kvöld í öðrum leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn í Olís-deild karla en stuðningsfólk liðanna er örugglega enn að ná sér niður eftir spennuna í fyrsta leiknum á mánudagskvöldið sem Haukar unnu með einu marki, 29-28, eftir að hafa skorað þrjú síðustu mörk leiksins.

Það má búast við öðrum taugatrylli í kvöld. Haukar hafa unnið tvo síðustu leiki liðanna með einu marki en þeir unnu 23-22 sigur í leik liðanna í apríl.

Eyjamenn eru í lokaúrslitum í annað skiptið en eiga enn eftir að vinna leik í úrslitaeinvígi eftir 3-0 tap fyrir Haukum fyrir níu árum. Það lið verður Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki og því dugar ekkert fyrir Eyjaliðið nema sögulegur fyrsti sigur ÍBV í úrslitum.

-óój



**FJÖLMENNIR YNGRI FLOKKAR** Daði Rafnsson, yfirþjálfari yngri flokka hjá Breiðabliki, sést hér í gær í góðum hópi krakka sem æfa með Breiðabliki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Krakkarnir sendir á mölina

Breiðablik hefur fengið þau skilaboð frá Kópavogsbæ að yngri flokkar félagsins fái ekki að æfa á grasi fyrr en í júlí í fyrsta lagi. Yfirþjálfari yngri flokka félagsins telur þörf á að fá aðgang að fleiri gervigrasvöllum.

**FÓTBOLTI** Ástandið á grasvöllum Kópavogsbæjar er svo slæmt að yngri flokkar Breiðabliks fá ekki að aðgang að þeim fyrr en í fyrsta lagi í júlí. Þetta segir Daði Rafnsson, yfirþjálfari yngri flokka hjá Breiðabliki.

Blikar hafa haft aðgang að sex heilum knattspyrnuvöllum á Sala-, Fífuhvamms- og Smárahvammsvelli en Daði segir að þeir séu ónothæfir vegna mikilla kalskemmda. „Þangað til verðum við í Fífunni, á gervigrasinu í Fagralundi og malarvellinum í Vallargerði.“

Daði segir að síðast hafi verið æft og spilað á mölinni í Vallargerði árið 2005. „Völlurinn hefur verið notaður sem markageymsla síðustu ár en verður nú slóðadreginn og búinn undir notkun.“

### Þurfum fleiri gervigrasvelli

Hann segir marga með nostalgíuglampa í augunum enda margir sem minnast þess að hafa æft knattspyrnu á möl í æsku. Það hefur hins vegar verið fáheyrt undanfarin ár.

„Persónulega finnst mér þetta afturför og sýnir að við þurfum að fá fleiri gervigrasvelli hér á landi,“ segir Daði en gervigrasvæðing hefur verið afar umdeilt málefni meðal knattspyrnuáhugamanna hér á landi. Margir eru þeirra skoðunar að knattspyrna skuli spiluð á náttúrulegu grasi.

„Afstaðan gagnvart gervigrasinu verður að mildast og hún hefur verið að gera það. Flestir í Breiðabliki gera sér grein fyrir því að þetta er framtíðin enda nýtingin margföld. Grasið síðasta sumar nýttist bara í einn til tvo mánuði á mörgum stöðum og ekki er ástandið betra nú,“ segir Daði og bætir við að samkvæmt fyrstu drögum að æfingaáætlun geri hann ráð fyrir að allflestir yngri flokkar æfi minnst einu sinni í viku í Vallargerði í júní.

### Taka þátt í fimmta hverjum leik

Knattspyrnudeild Breiðabliks er gríðarlega fjölmenn en Daði hefur fengið þær upplýsingar frá KSÍ að Breiðablik spili á bilinu 1.000-1.200 leiki ár hvert. Það sé um tuttugu prósent allra leikja sem KSÍ stendur fyrir. „Breiðablik býr við mjög góða aðstöðu og því er einkennilegt að þurfa að kvarta undan aðstöðuleysi. En þetta er sá veruleiki sem við búum við.“

Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri Breiðabliks, segir að félagið eigi í vandræðum.

„Við erum með stærstu knattspyrnudeild landsins og með gríðarlegan fjölda iðkenda í yngri flokkum. Vallarsvæðin koma mjög illa undan vetri og við vitum ekki hvar við eigum að æfa. Sú hugmynd kom upp að fara á mölina og sá möguleiki stendur til boða,“ segir Eysteinn.

„Bæjaryfirvöld og þeir sem standa að íþróttamálum þurfa að átta sig á umfangi knattspyrnudeildarinnar og þeim vandræðum sem hún stendur nú frammi fyrir,“ bætir hann við.

eirikur@frettabladid.is

## Hamfarir á íþróttavöllum Kópavogs



Ómar Stefánsson, forstöðumaður íþróttavalla í Kópavogi, segist aldrei hafa séð grasvelli bæjarins koma jafn illa undan vetrinum og nú á þeim fjórtán árum sem hann hefur gegnt starfinu.

„Þetta eru ákveðnar hamfarir sem hafa átt sér stað,“ sagði Ómar en eins og ítrekað hefur verið fjallað um lágu grasvellir á höfuðborgarsvæðin undir klaka lengi í vetur sem olli miklum kalskemmdum. „Sáning byrjaði fyrir tveimur vikum og kláraðist fyrir þremur dögum. Svo skoðum við hvort við sáum aftur í sumar en við þurfum klárlega að gera það aftur í haust,“ segir Ómar. „Við munum nú taka stöðuna vikulega og upplýsa félögin um gang mála jafn óðum.“

# Leikbann fyrir kynþáttaníð í Garðinum

Leikmaður Víðis fyrstur úrskurðaður í leikbann samkvæmt nýrri 16. grein aga- og úrskurðarmála KSÍ.

**FÓTBOLTI** Á fundi stjórnar KSÍ í janúar voru gerðar breytingar á regluverki sambandsins hvað varðar aga- og úrskurðarmál. Ný grein, 16. grein aga- og úrskurðarmála, var tekin í notkun en hún var sett inn vegna tilskipunar Alþjóðaknattspyrnusambandsins.

Nýja ákvæðið tekur á mismunun og á að leggja áherslu á að taka fast á hvers kyns mismunun eða fordómum. Ákvæðið er þýðing á ákvæði í agareglugerð FIFA sem öllum knattspyrnusamböndum innan FIFA ber að taka upp, en öllum aðildarfélögum KSÍ var sent dreifibréf um tilkomu nýja ákvæðisins og hvaða viðurlög það hefur í för með sér.

Áður hafa íslenskir leikmenn verið settir í bönn og sektaðir fyrir mismunun á knattspyrnuvellinum en 16. greinin var fyrst notuð í agadómi KSÍ í síðasta mánuði þegar Gylfi Örn Á. Öfjörð, leikmaður Víðis í Garði, var úrskurðaður í fimm leikja bann og félagið sektað um 100.000 krónur vegna framferðis hans í leik Víðis og Ísbjarnarins í leik í C-deild Lengjubikarsins.

Gylfi fékk rautt spjald á 45. mínútu leiksins, sem fram fór 5. apríl í Garðinum, fyrir að beita Rui Pedro De Jesus Pereira, leikmann Ísbjarnarins, kynþáttaníði. Sá síðarnefndi tæklaði Gylfa hressilega og uppskar gult spjald en Gylfi svaraði fyrir sig með orðum sem ekki eiga að heyrast á knattspyrnuvelli frekar en annars staðar.

Þessi nýja 16. grein er í fimm liðum og má lesa hana á vefsíðu KSÍ. Augljóst er að hart á að taka á kynþáttaníði og allri mismunun. Lið getur til dæmis misst stig í móti gerist leikmenn og forsvarsmenn þess sekir um kynþáttaníð.

Þá getur áhorfandi sem beitir leikmenn kynþáttaníði verið settur í tveggja ára leikvallabann og viðkomandi félag sektað um 150.000 krónur án tillits til saknæmrar háttsemi eða yfirsjónar félagsins.

- tom



**RAUTT** Kynþáttaníð er ekki boðlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


50% EXTRA FREE*
KETTLE CHIPS
HAND COOKED
SEA SALT &
CRUSHED BLACK
PEPPER
TRADITIONAL HAND COOKED
POTATO CHIPS
225g ℮
50%
AUKAMAGN Á
SAMA VERÐI!
KETTLE CHIPS
EINFALDLEGA
BETRI
FLÖGUR
BÓNUS
HAGKAUP



**ATKVÆÐAMESTUR** Jón Daði Böðvarsson er bæði með flest mörk og flestar stoðsendingar hjá Viking í fyrstu sjö umferðunum. MYND/AÐSEND

# Íslensku strákarnir sjá um mörkin í sumar

Íslenskir leikmenn eru með 89 prósent af mörkum og stoðsendingum Viking-liðsins á leiktíðinni.

**FÓTBOLTI** Norska liðið Viking er mikið Íslendingalið en fimm íslenskir fótboltamenn eru í aðalhlutverki hjá liðinu og þar af ber einn þeirra, Indriði Sigurðsson, fyrirliðabandið.

Viking er í 3. sæti norsku úrvalsdeildarinnar eftir sjö umferðir og er eina liðið sem hefur ekki tapað leik. Þegar markatölfræði Viking-liðsins er skoðuð nánar sést fyrst hversu mikið framlag íslensku leikmannanna hefur verið.

Viking hefur skorað tíu mörk í þessum sjö leikjum og níu þeirra hafa verið íslensk. Íslensku leikmennirnir hafa enn fremur gefið sjö af átta stoðsendingum liðsins í fyrstu sjö umferðunum.

Hinn 21 árs gamli Yann-Erik de Lanlay er eini markaskorari Viking sem er ekki með íslenskt vegabréf og Trond Erik Bertelsen er sá eini af leikmönnum liðsins sem hefur gefið stoðsendingu en fæddist ekki á Íslandi.

Þetta þýðir að íslensku leikmenn liðsins eiga 17 af 19 markastigum Viking í fyrstu sjö umferðunum.

## ÍSLENSKT, JÁ TAKK HJÁ VIKING Í SUMAR

| LEIKMENN MEÐ ÞÁTT Í MARKI | MÖRK | STOÐS. | MARKASTIG |
|---|---|---|---|
| Jón Daði Böðvarsson, Íslandi | 3 | 3 | 6 |
| Steinþór Freyr Þorsteinsson , Íslandi | 2 | 2 | 4 |
| Sverrir Ingi Ingason , Íslandi | 2 | 1 | 3 |
| Björn Daníel Sverrisson , Íslandi | 1 | 1 | 2 |
| Yann-Erik de Lanlay , Noregi | 1 | 0 | 1 |
| Trond Erik Bertelsen, Noregi | 0 | 1 | 1 |

Liðið hefur ekki enn skorað mark í sumar án þátttöku Íslendings.

Yann-Erik de Lanlay sem skoraði eina markið sem er ekki íslenskt gerði það eftir stoðsendingu frá Jóni Daða Böðvarssyni og Trond Erik Bertelsen sem hefur gefið einu stoðsendinguna sem ekki er íslensk lagði þá upp mark fyrir Steinþór Frey Þorsteinsson. -óój





Tveir leikir í beinni!

Pepsi-deild karla byrjaði með stórskemmtilegri fyrstu umferð. Veislan heldur áfram í Laugardalnum í kvöld þar sem Stöð 2 Sport mun sýna beint frá tveimur viðureignum. Við minnum svo á Pepsi-mörkin kl. 22:00.

2 SPORT Í kvöld kl. 18:00

VÍKINGUR – FRAM

2 SPORT Í kvöld kl. 20:30

VALUR – KEFLAVÍK

Fáðu þér áskrift! 365.IS




**UNGFRÚRNAR GÓÐU OG HÚSIÐ** Freyr Alexandersson ræðir við stelpurnar okkar á æfingu í Nyon. MYND/KSÍ/HILMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON

# Leikurinn um 1. sætið

Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta mæta Sviss í undankeppni HM 2015 í Nyon í dag. Sigur skiptir öllu máli til að ná efsta sætinu í riðlinum.

**FÓTBOLTI** „Ég er bara að klára að setja upp kvöldfundinn fyrir stelpurnar,“ segir Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, þegar Fréttablaðið heyrir í honum hljóðið fyrir stórleikinn í undankeppni HM 2015 gegn Sviss sem fram fer í Nyon klukkan 17.00 í dag.

„Mesta vinnan fer í að klippa þessa leiki saman og nú er ég að setja upp myndræna taktík fyrir stelpurnar. Ég er að reyna að færa það sem við höfum verið að gera á æfingavellinum yfir á powerpoint til að fara betur yfir það,“ bætir Freyr við.

Sviss er í efsta sæti riðilsins með 16 stig, sjö stigum á undan Íslandi, en okkar stelpur eiga tvo leiki til góða á svissneska liðið.

**Treysta á framherjana**

Þegar liðin mættust á Laugardalsvellinum síðasta haust í fyrsta leik riðlakeppninnar var Freyr nýtekinn við liðinu en Sviss vann þá öruggan 2-0 sigur. Spilamennska stelpnanna okkar var hálfvandræðaleg en liðið hefur tekið ótrúlegum framförum síðan þá. Freyr hefur sett sitt mark á liðið, það endaði í þriðja sæti Algarve-bikarmótsins og er búið að vinna sex leiki í röð í öllum keppnum.

„Við vorum andlega illa undirbúin fyrir þann leik. En ekki bara það. Við spiluðum líka lágpressu sem virkaði engan veginn. Núna ætlum við töluvert framar á völlinn. Sviss beitir löngum sendingum mikið þrátt fyrir að skora svona mikið (28 mörk í 6 leikjum). Þær sparka mikið langt og þetta er nokkuð einfaldur fótbolti. Við munum reyna að loka á fyrsta spil út frá vörn og á næstu línu,“ segir Freyr en svissneska liðið er lítið breytt frá sigrinum í Dalnum síðastliðið haust.

„Þær eru nánast á sama stað. Þær spila á sama liðinu nánast í öllum leikjum. Á sama tíma og við vorum í Algarve-bikarnum voru þær að keppa í Kýpur-bikarnum sem er svipað mót. Þar neyddust þær til að rúlla aðeins á liðinu því Ramona (Bachman, besti framherji liðsins) var aðeins meidd. Þeim gekk ekki vel á mótinu sem sýnir kannski hversu háðar þær eru þessu framherjapari sínu,“ segir Freyr.

Stelpurnar hafa í viðtölum í aðdraganda leiksins mikið talað um að veikleikar Sviss séu fundnir og Freyr sé búinn að fara vel yfir það hvar íslenska liðið ætlar að ráðast á topplið riðilsins. Það er fyrst og fremst þessi hápressa sem Freyr talar um og að leyfa þeim ekki að vera rólegar á boltanum í öftustu línum. Þetta mun þó taka sinn toll af leikmönnunum.

„Það verður mikil geðveiki í okkar leik og það verður rosaleg orka sem fer í þetta. En ég hef fulla trú á að þetta heppnist. Það er mikið sjálfstraust í liðinu og maður finnur líka fyrir mikilli samheldni. Þótt það sé samkeppni um allar stöður þá eru allir tilbúnir að gefa af sér og reyna að finna lausnir fyrir liðið til að vinna leiki,“ segir Freyr.

**Verðum að vinna**

Sviss er sem fyrr segir á toppi riðilsins með 16 stig, sjö stigum á undan Íslandi sem á tvo leiki til góða. Leikið er í sjö riðlum í Evrópuhluta undankeppni HM og fara sigurvegararnir sjö beint á heimsmeistaramótið í Kanada á næsta ári. Þau fjögur lið með bestan árangur í öðru sæti leika svo innbyrðis um síðasta sætið.

„Þessi leikur er bara upp á það hvort við ætlum okkur fyrsta sætið eða ekki. Ef við töpum er Sviss komið áfram en ef við vinnum er þetta í okkar höndum. Ég er alveg meðvitaður um að við eigum eftir tvo leiki gegn Dönum en við höldum í þann draum að ná fyrsta sætinu og því munum við gera allt til þess að vinna á morgun,“ segir Freyr.

tom@frettabladid.is

## ÞESSA ÞARF AÐ PASSA Í KVÖLD



➜ **Ramona Bachmann, framherji**

Ramona Bachmann er einn besti framherji Evrópu í dag. Hún leikur með Þóru B. Helgadóttur og Söru Björk Gunnarsdóttur hjá Rósagarðinum í Svíþjóð (áður LdB Malmö) og er búin að skora 63 mörk í síðustu 66 leikjum í sænsku úrvalsdeildinni.

Í fyrri leik Íslands og Sviss fiskaði hún víti, skoraði eitt mark og réð lögum og lofum á vellinum. Hún er búin að skora fimm mörk í fimm leikjum í undankeppni HM.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Eurovision byrjar í Bónus
79
kr. 330ml
1998
kr. kg
Kjörfugl FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
149
kr 5 stk.
PYLSA Í BRAUÐI
AÐEINS 66 KR.
698
kr. kg
Kjörfugl FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
359
kr. 485g. 10 stk
195
kr. 2 ltr.
KJÚKLINGAVÆNGIR
298
kr. kg
Kjörfugl FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
STONE OVEN PIZZA MARGHERITA
229
kr. 300g
STONE OVEN PIZZA SALAMI
298
kr. 350g
598
kr. kg
Kjörfugl FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
SALTED PEANUTS
259
kr.500g
195
kr. 170g
ÆÐI BITAR
195
kr. 200g
ROSE
Úrbeinuð kjúklingalæri
1359
kr. 700g
Hraun BITAR
195
kr. 200g
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.15
**Masterchef USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



### Enska 1. deildin.
**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.40** Brighton – Derby Bein útsending frá fyrri leik Brighton og Derby í undanúrslitum í ensku 1. deildinni.



### Tekinn 2
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutcher og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt.



### American Idol
**STÖÐ 3 KL. 19.45** Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn mætir hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick jr.

### Bylgjan kl. 06.50
**Í bítið**

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle**
**08.30 Bold and the Beautiful**
**08.50 60 mínútur**
**09.35 Doctors**
**10.20 Man vs. Wild**
**11.05 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Queen to Play**
**14.50 The O.C**
**15.35 Loonatics Unleashed**
**16.00 Frasier**
**16.25 Mike and Molly**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Fóstbræður**
**19.50 Friends With Better Lives** *(4:13)*
**20.15 Masterchef USA** *(18:25)*
**21.00 The Blacklist** *(21:22)*
**21.50 NCIS** *(12:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir.
**22.35 Person of Interest** *(15:23)*
**23.20 Íslenskir ástríðuglæpir**
**23.50 The Following**
**00.35 Shameless**
**01.25 Haywire**
**02.55 Queen to Play**
**04.35 Killing Them Softly**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 Valladolid - Real Madrid**
**10.25 Fjórgangur – Meistaraflokkur**
**12.15 Breiðablik - FH**
**13.55 Þýsku mörkin**
**14.20 Kiel - Hannover**
**15.35 Spænsku mörkin 2013/14**
**16.05 Valladolid - Real Madrid**
**17.45 Víkingur - Fram** BEINT
**20.00 Valur - Keflavík**
**22.30 Pepsímörkin 2014**
**23.45 Víkingur - Fram**
**01.35 Pepsímörkin 2014**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00 Sunderland - WBA**
**08.40 Man. City - Aston Villa**
**12.30 Japan, REcife and Ivory Coast**
**13.00 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**13.55 Messan**
**15.20 Sunderland - WBA**
**17.00 Man. City - Aston Villa**
**18.40 Enska 1. deildin: Brighton - Derby** BEINT
**20.40 Premier League World**
**21.10 Uruguay and Costa Rica** Skemmtilegir þættir um landsliðin sem munu keppa á HM 2014.
**21.40 Inside Manchester City**
**22.30 Enska 1. deildin: Brighton - Derby**
**00.10 Man. Utd. - Hull**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.30 Top 20 Funniest**
**18.15 Free Agents**
**18.40 Community**
**19.00 Malibu Country**
**19.20 Family Tools** *(2:10)*
**19.45 American Idol** *(34:39)*
**21.10 Supernatural** *(14:22)*
**21.50 True Blood** *(2:12)* Fimmta þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse og vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
**22.45 Malibu Country**
**23.05 Family Tools**
**23.30 American Idol**
**00.50 Sons of Anarchy**
**01.35 Supernatural**
**02.25 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.23** Latibær **07.47** Skoppa og Skrítla **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Leyndarmál vísindanna **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Skógardýrið Húgó **10.47** Hello Kitty **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Brunabílarnir **11.23** Latibær **11.47** Skoppa og Skrítla **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Leyndarmál vísindanna **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Skógardýrið Húgó **14.47** Hello Kitty **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Brunabílarnir **15.23** Latibær **15.47** Skoppa og Skrítla **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Leyndarmál vísindanna **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Skógardýrið Húgó **18.47** Hello Kitty **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Litla stóra Pandan **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00 Strákarnir**
**18.30 Friends**
**18.55 Seinfeld**
**19.20 Modern Family**
**19.40 Two and a Half Men** *(17:19)*
**20.00 Tekinn 2** *(11:14)*
**20.30 Weeds** *(11:13)*
**21.00 Twenty Four** *(23:24)*
**21.40 Without a Trace** *(10:24)*
**22.25 Harry's Law**
**23.10 World Without End**
**00.00 Tekinn 2**
**00.30 Weeds**
**01.00 Twenty Four**
**01.40 Without a Trace**
**02.25 Harry's Law**
**03.10 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.10 The Watch**
**12.50 Underground: The Julian Assange Story**
**14.25 I Am Sam**
**16.35 The Watch**
**18.15 Underground: The Julian Assange Story**
**19.50 I Am Sam**
**22.00 Contact**
**00.25 Men in Black II**
**01.50 Wrecked**
**03.20 Contact**

## RÚV

**15.55 Í garðinum með Gurrý II**
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.15 Einar Áskell**
**17.28 Kafteinn Karl**
**17.40 Ævar vísindamaður**
**18.05 Skrípin**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Fréttir**
**18.45 Veðurfréttir**
**18.50 Íþróttir**
**19.00 Söngvakeppni evrópska sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá seinni forkeppninni í Kaupmannahöfn í Danmörku. Fimmtán lönd keppa um tíu sæti. Kynnir er Felix Bergsson.
**21.05 Söngvakeppni evrópska sjónvarpsstöðva – skemmtiatriði**
**21.25 Best í Brooklyn** *(15:22)*
**21.50 Svipmyndir frá Noregi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(20:24)*
**23.00 Stundin**
**23.55 Ránið á Freddy Heineken**
**01.55 Fréttir**
**02.10 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.45 Solsidan**
**15.10 The Millers**
**15.35 The Voice**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Design Star**
**19.15 Everybody Loves Raymond** *(6:16)*
**19.40 Trophy Wife** *(18:22)*
**20.05 Læknirinn í eldhúsinu** *(4:8)* Læknirinn Ragnar Freyr Ingvarsson hefur lengi haldið úti dagbók um matargerð á netinu og síðustu jól gaf hann út sína fyrstu matreiðslubók sem ber heitið Læknirinn í eldhúsinu.
**20.30 Royal Pains** *(4:16)* Þetta er fjórða þáttaröðin um Hank Lawson sem starfar sem einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons. Faðir Hanks og Evans snýr aftur til Hamptons í þeirri vona að sameina fjölskylduna á ný og Divya fær heimsókn frá móður sinni.
**21.15 Scandal** *(16:22)* Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal. Fyrsta þáttaröðin sló í gegn meðal áskrifenda en hægt var að nálgast hana í heilu lagi í SkjáFrelsi.
**22.00 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**22.45 The Tonight Show**
**23.30 CSI**
**00.15 Royal Pains**
**01.00 Beauty and the Beast**
**01.45 The Good Wife**
**02.30 Scandal**
**03.15 The Tonight Show**
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.10** Bundesliga Highlights Show **13.00** Dutch League - Highlights 2014 **14.00** AFC Ajax - NEC Nijmegen **00.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2014 **13.15** Golfing World 2014 **14.05** 2013 Players Championship Official Film **14.55** Champions Tour 2014 - Highlights **15.45** Golfing World 2014 **16.35** Inside The PGA Tour 2014 **17.00** PGA Tour 2014 **23.00** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# KARLSVAKA



**Stórtónleikar**
**í Eldborg Hörpu**
**12. september 2014**
**kl. 21.00**

Fjölmörg af stærstu nöfnum íslenskrar tónlistar sameinast í minningu um orgelmeistarann Karl J. Sighvatsson

FLOWERS
MANNAKORN
HJALTALÍN
APPARAT ORGAN KVARTETT
MEGAS
MUGISON
ÓLAFUR ARNALDS
GUNNAR ÞÓRÐARSON
KK
DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

Efnisskrá inniber meðal annars:

Hallgrímur kvað? - eftir Karl J. Sighvatsson o.fl. í nýrri útsetningu Viktors Orra Árnasonar fyrir kammersveit og rafmagnaða hrynsveit

Pílagrímakórinn eftir Wagner, Blómið eftir Karl J. Sighvatsson, Atómstöðin eftir Karl J. Sighvatsson

**Miðasala hefst í dag kl. 10:00**

**Fyrstu 100 miðarnir á sérverði 2.900 kr. á midi.is og harpa.is**

Allur ágóði af tónleikunum rennur til Minningarsjóðs Karls J. Sighvatssonar sem styrkir ungt tónlistarfólk til náms.

Styrktaraðilar Karlsvöku:

Domino's Pizza 365 KRÓNAN 66° NORÐUR

## MORGUNMATURINN



**Ég borða alltaf eiturgræna súpersmoothies á morgnana, þeir eru roohoosalega misgóðir eftir því hvað er til í ísskápnum en ef þeir eru sérstaklega óspennandi fæ ég mér súkkulaðiflís í eftirrétt til að bæta upp fyrir það.**

Sunna Ben fjöllistakona

# Blái hnötturinn fer sigurför um heiminn

Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason er í mikilli útrás og verður sett á svið í Danmörku og í Póllandi.

„Þetta er mjög skemmtilegt, það er svo gaman að sjá nýtt „take“ á þessu,“ segir rithöfundurinn Andri Snær Magnason en verk hans, Sagan af bláa hnettinum, verður sett á svið í einu virtasta leikhúsi Danmerkur á næsta leikári, Borgarleikhúsinu í Álaborg.

Þá er einnig verið að setja verkið upp í Gdansk í Póllandi þann 17. maí næstkomandi. „Erling Jóhannesson er að leikstýra þessu þar, þetta er samvinnuverkefni í Póllandi,“ bætir Andri Snær við. Hljómsveitin Múm, sem gerði tónlistina við upphaflegu uppsetninguna á verkinu í Þjóðleikhúsinu árið 2001, er að búa til nýja tónlist fyrir uppsetningu Bláa hnattarins í Póllandi.

Leikritið hefur fyrir verið sett upp í Toronto, Lahti og Vasa í Finnlandi, Maxim Gorky í Berlín, Lucerne í Sviss og fjöldi áhugaleikhúsa hefur sett verkið upp.

Blái hnötturinn er tilnefndur til UKLA-verðlaunanna í Bretlandi en verðlaunin eru ein virtustu barnabókaverðlaun Bretlands. „Ég held að þetta sé eina útlenska bókin sem tilnefnd er.“

Sagan af bláa hnettinum er komin út á 30 tungumálum og enn bætist við tungumálin.

Sagan af Bláa hnettinum kom fyrst út árið 1999. „Í umsókninni minni um Listamannalaunin árið 1998, stendur að ég ætli að skrifa barnabók sem verður endurprentuð í 200 ár,“ segir Andir Snær léttur í lundu. Sagan af Bláa hnettinum er komin út á 30 tungumálum og enn bætist við tungumálin. „Bókin er að koma út á pólsku í næstu viku og þá er hún einnig að koma út á kínversku í Taívan á næstunni.“ - glp



**ANDRI ÚT UM ALLT** Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason verður sett á svið í Danmörku og Póllandi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**NÝR STAÐUR** Jóhanna Helgadóttir er eigandi nýs skemmtistaðar, Lavabarsins sem stendur í Lækjargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekki lengur naktar konur í Lækjargötu

Nýr staður, sem ber nafnið Lavabarinn, opnar þar sem strippstaðurinn Strawberries var til húsa.

„Súlurnar eru allavega farnar út úr húsinu en við mokuðum þó ekki öllu út, við héldum ákveðnum hlutum áfram eins og glæsilegri ljósakrónu og þá er barinn enn á sama stað,“ segir Jóhanna Helgadóttir eigandi nýs skemmtistaðar sem nefnist Lavabarinn. Hann verður opnaður í Lækjargötu 6a í kvöld, þar sem strippstaðurinn Strawberries var áður til húsa.

Miklar aðgerðir hafa verið í gangi að undanförnu við að standsetja staðinn en mikið er lagt upp úr því að hafa hann stílhreinan og glæsilegan. „Staðurinn var allur málaður og svo höfum við sett hraun víðs vegar á staðnum til að skreyta, enda heitir staðurinn Lavabarinn,“ útskýrir Jóhanna.

Staðurinn leggur áherslu á gæðakokteila og verður svokölluð lounge-stemning ráðandi á efri hæð staðarins en dansgólf er á neðri hæðinni.

„Kári Sigurðsson, sem er Íslandsmeistari barþjóna, sér meðal annars um að blanda framandi kokteila. Við verðum einnig með heitustu New-RNB-beats músíkina og svo erum við stolt af nýja Funktion 1-hljóðkerfinu okkar.“

Á efstu hæð staðarins er svo einkaherbergi sem er hægt að leigja, en inni í því eru tvær flöskur, sérbaðherbergi, sérdyravörður og lyfta sem afgreiðir drykkina beint til þeirra sem eru þar uppi.

„Það verður 25 ára aldurstakmark, pínu „dresscode“ og við ætlum ekki að pakkfylla staðinn. Það er svo nóg af klósettum þannig að fólk þarf ekki að bíða í hálftíma röð eftir klósettinu eins og á sumum öðrum stöðum,“ segir Jóhanna og hlær.

Formlegt opnunarpartí verður í kvöld klukkan 20.00. „Nöfn þeirra sem mæta í kvöld og yfir helgina verða skráð niður á lista hjá okkur og geta þessir einstaklingar komist fram fyrir í röð í ákveðinn tíma.“

gunnarleo@frettabladid.is

# Komin í draumastöðu

Næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir gerir það gott í Bandaríkjunum en metsölubókin hennar, 10 árum yngri á 10 vikum, er komin á bandarískan markað og rokselst úr hillunum. Hún hefur ekki undan að svara erlendum fjölmiðlum.

„Þetta er svolítið stór áfangi í mínu lífi og ég er komin þangað sem ég gjarnan vildi vera til að koma mér á heimsmarkaðinn. Bókin mín, 10 árum yngri á 10 vikum, er komin í sölu á bestu stöðunum í Bandaríkjunum og ég er búin að fá rosalega góða umfjöllun,“ segir Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti sem er nýkomin til baka úr mánaðar kynningarferð í New York. Þar var hún stödd til að halda fyrirlestra og kynna bókina sem er nýútkomin á bandaríska markaðinn á prenti en einnig sem rafbók fyrir Kindle.

„Bókin er seld hjá Barnes and Noble og er nú þegar númer eitt í þremur flokkum á Amazon svo að núna byrjar ballið fyrir alvöru,“ segir Þorbjörg og er augljóslega ánægð með árangurinn. Þorbjörg segir það einnig vera í kortunum að gefa bókina út í Bretlandi og í lok apríl var birt opnuviðtal við Þorbjörgu í The Times þar sem hún er kynnt sem skandinavíska orkugyðjan eða The Scandi Vitality Goddess.

„The Times sendi blaðamann til Kaupmannahafnar til þess að hitta mig og gera umfjöllun. Hún var búin að kynna sér bókina mjög vel og ég held að henni hafi komið á óvart hve afslöppuð ég er í lífstílnum. Ég er ekki 100 prósent gúrú eins og margir ímynda sér að maður sé. Hlutirnir eru ekki heilagir og hún var ánægð að sjá það fyrir hönd annarra kvenna því konur nenna ekki að lifa þannig, þrátt fyrir að vilja fá leiðbeiningar á ýmsum sviðum,“ segir hún hlæjandi. „Maður mætir heiminum með sinni reynslu og maður verður að þora að fara nýjar leiðir. Fyrir mér er það eins mikið „antiage“ eins og að líta vel út.“

Fleiri fréttamiðlar hafa sýnt Þorbjörgu og bókinni áhuga en bæði The Mail og Huffington Post hafa sóst eftir viðtali.

marinmanda@frettabladid.is



### → The Times

„Þorbjörg telur að við getum hægt á öldrun. Hún heldur því fram að við þurfum að opna huga okkar fyrir öldrun frekar en berjast við hið óhjákvæmilega. „Þú þarft ekki lengur að hugsa um 40-plús sem viðgerðaraldur,“ segir hún. „Þetta er upphaf kynþokkafulla áranna.“



**Í SKÝJUNUM** Þorbjörg Hafsteinsdóttir segir velgengni bókarinnar vera stóran áfanga í sínu lífi. MYND/ÚR EINKASAFNI





Fegurðin kemur að innan
BLUE LAGOON
ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dularfull verðlaun

**Jón Gnarr** hlaut á dögunum sérstök verðlaun í alþjóðlegri samkeppni leikritahöfunda. Keppnin er kanadísk og er þetta í þriðja sinn sem blásið er til hennar. Jón hlaut verðlaunin fyrir leikrit sitt Hótel Volkswagen en alls bárust 148 leikrit í keppnina. Í verðlaun fær Jón til að mynda 550 kanadíska dollara, rúmlega 56 þúsund krónur. Jón vildi ekki tjá sig um keppnina eða hvernig hann ætlaði að verja verðlaunafénu í samtali við Fréttablaðið. Margrét Örnólfsdóttir, formaður Félags leikskálda og handritshöfunda, veit lítið um keppnina sem og aðrir í bransanum. „Jón er mjög vel að verðlaununum kominn með þetta góða leikrit. Þetta er mjög dularfullt og skemmtilegt. Ég veit ekki mikið meira um þessi verðlaun.“



- lkg

### Farin í fæðingarorlof

**Sigríður Víðis Jónsdóttir,** upplýsingafulltrúi UNICEF, er farin í fæðingarorlof en hún væntir síns fyrsta barns á allra næstu dögum. **Sólveig Jónsdóttir** mun leysa hana af í orlofinu. Sigríður og Sólveig eiga margt sameiginlegt. Þær hafa báðar gefið út bók, Sigríður skrifaði bókina Ríkisfang: Ekkert um flóttakonurnar á Akranesi og Sólveig skáldsöguna Korter. Einnig hafa þær báðar unnið sem blaðamenn, Sigríður hjá Morgunblaðinu og Sólveig hjá Nýju lífi, og gengu báðar í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.



### Mest lesið VÍSIR

1 Voru búnir að afskrifa þetta – sjáðu myndbandið
2 Umbúðalaus verslun
3 Lyginni líkast – Þrjú stig réðu úrslitunum
4 Framkvæmdastjóri hjá Wow air sagði upp
5 „Steypa og stórkarlaleg mannvirki“ ekki á dagskrá
6 Manngengur bronsjógi í Esjuhlíðum





